FORNLEIFAR Í SKAFTÁRTUNGU III:

FORNLEIFASKRÁNING Á YTRI-OG EYSTRI-ÁSUM, Í NESI OG SVÍNADAL

ELÍN ÓSK HREIÐARSDÓTTIR (RITSTJÓRI)

HÖFUNDAR EFNIS:

ELÍN ÓSK HREIÐARSDÓTTIR OG KRISTBORG ÞÓRSDÓTTIR

REYKJAVÍK 2020

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES

FS714-13025

Forsíðumynd er af bæjarstæðinu í Svínadal SF-177:001

©2020

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS
BÁRUGÖTU 3
101 REYKJAVÍK

SÍMI: 551 1033
NETFANG: fsi@fornleif.is
www.fornleif.is

Efnisyfirlit

I. Inngangur 5

II. Saga fornleifaskráningar og löggjöf 9

III. Skráningaraðferðir 11

IV. Fornleifaskrá 13

SF-174 Ásar ytri 13
SF-175 Ásar eystri 41
SF-175b Nes 101
SF-177 Svínadalur 116

V. Niðurstöður 167

Heimildaskrá 179

Viðauki

Hnitaskrá í landshnitakerfi (ISN93)

Minjakort

Samantekt

Á útmánuðum 2017 úthlutaði Fornminjasjóður verkefninu *Byggð í Skaftartungu í aldanna rás* styrk að öðru sinni, til fornleifaskráningar í Skaftártungu. Verkefninu, sem hófst árið 2015, var skipt upp í þrjá áfanga og lauk vettvangsskráningu sumarið 2018. Í öðrum skráningaráfanga verksins voru minjar skráðar á jörðunum Ytri-Ásum, Eystri-Ásum, Nesi og Svínadal, samtals 211 minjastaðir en um 300 fornleifar (minjaeiningar). Eins og fyrri ár reyndist mikill fjöldi áhugaverðra minjastaða á svæðinu sem skráð var árið 2017. Jarðirnar sem skráðar voru hafa allar orðið fyrir miklum skaða vegna eldgosa og jökulhlaupa í aldanna rás, og allt fram á síðustu ár. Þónokkrir minjastaðir hafa horfið við slíkar hamfarir, nú síðast fornlegar tóftir vestarlega í landi Ytri-Ása og tóftir og líklegt kuml í landi Eystri-Ása sem allt tók af í Skaftárhlaupi 2015. Þrátt fyrir það var ástand minja víða mjög gott og voru skráðar heillegar minjar bæjarstæða og býla og óræðar minjar sem áhugavert væri að kanna frekar með könnunarskurðum á næstu árum.

I. Inngangur

Upphaf fornleifaskráningar í Skaftártungu má rekja til rannsókna á gjóskulögum og gróðurfari fyrr á öldum á svæðinu (*Tephrochronology and Landscape Change project)* sem þeir dr. Andrew Dugmore hjá Edinborgarháskóla og dr. Richard Streeter hjá St. Andrews-háskóla leiddu. Í framhaldi af þeim rannsóknum var ákveðið að leggja grunn að stærra rannsóknarverkefni þar sem gróðurfar, fornleifar og byggðaþróun yrði í forgrunni. Ljóst var að til að undirbúa slíkar rannsóknir skorti grundvallarþekkingu á minjum á svæðinu og að nauðsynlegt væri að skrá minjar þar áður en ráðist yrði í umfangsmeiri og kostnaðarsamar rannsóknir á svæðinu. Var þess því freistað að nota fornleifaskráningu og könnunarskurði á völdum stöðum til að öðlast betri skilning á menningarlandslagi Skaftártungu og samspili manns og náttúru og undirbúa samhliða því umfangsmeiri rannsóknir á svæðinu á sviði fornleifafræði- og umhverfissögu. Til verkefnisins



Rannsóknarsvæðið í Skaftártungu merkt inn á kortið með rauðu.
Kortagrunnur: Gísli Pálsson.

fékkst upphaflega styrkur úr Ameríska vísindasjóðnum (the North-American Science Fund – NSF) til að skrá minjar á afmörkuðu svæði og taka nokkra prufuskurði sumurin 2013 og 2014. Var verkefnið samvinnuverkefni milli áðurgreindra háskóla, Fornleifastofnunar Íslands og Háskólans í Maryland í Bandaríkjunum. Um niðurstöður þessara rannsókna hefur verið fjallað í þremur útgefnum skýrslum.[1]

[1] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Richard Streeter, Andrew Dugmore og George Hambrecht. 2014. Elín Ósk Hreiðarsdóttir.

Fystu niðurstöður skráningar á svæðinu þóttu gefa mjög spennandi niðurstöður: þær leiddu í ljós talsverðan fjölda áður óþekktra minjastaða, þ.á m. nokkur býli og skála frá fyrstu öldum. Þær sýndu einnig að mikil hætta steðjaði að minjum á svæðinu og því brýnt að safna upplýsingum um fornleifar sem allra fyrst. Ljóst var að uppblástur og vatnsrof hefði þegar eytt ýmsum minjum á svæðinu og ógnuðu enn fleiri. Var því talið mikilvægt að halda skráningu áfram eftir að stuðningi Ameríska vísindasjóðsins lauk. Þess vegna var sótt um styrk til Fornminjasjóðs til að ljúka skráningu á minjum í Skaftártungu í þremur áföngum. Styrkur fékkst og var fyrsti áfanginn af þremur skráður sumarið 2015.[2] en sumarið 2017 var annar áfangi verksins unninn og fjallar þessi skýrsla um þá skráningu. Að þessu sinni voru skráðar allar þekktar minjar á eftirtöldum fjórum jörðum: Ytri-Ásum, Eystri-Ásum, Nesi og Svínadal.[3] Þriðji og síðasti áfangi vettvangsskráningar á svæðinu (sem nær yfir jarðirnar Hrífunes, Flögu og Hvamm ásamt fornleifum á fleiri en einni jörðu) var svo unninn 2018 og kemur skýrsla um hann út í árslok 2020.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Kristborg Þórsdóttir fornleifafræðingar hjá Fornleifastofnun Íslands unnu fornleifaskráninguna en um skýrsluskrif, uppsetningu og sá Elín. Lilja Laufey Davíðsdóttir vann lokakort og hún, Gylfi Björn Helgason og Eva Kristín Dal aðstoðuðu við tölvuvinnslu tóftateikninga. Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af starfsmönnum Fornleifastofnunar nema að annað sé tekið fram. Áður en aðalskráning minja var gerð sumarið 2017 hafði verið unnin s.k. deiliskráning á nýju brúarstæði í landi Eystri-Ása sem gerð var síðla árs 2016 og nýttist hún vel við skráninguna.[4]

Skráningin var sem fyrr segir styrkt með framlagi úr Fornminjasjóði en að auki styrkti sveitarfélagið Skaftárhreppur verkefnið með fæðisstyrk og einnig með veittum aðgangi að loftmyndum sveitarfélagsins. Loftmyndirnar sem er að finna í aftast í skýrslunni koma frá Loftmyndum ehf. Skrásetjarar vilja koma á framfæri þökkum til Fornminjasjóðs og sveitarfélagsins fyrir stuðninginn. Að auki vilja þeir færa landeigendum og ábúendum þakkir en þeir veittu allir góðfúslegt leyfi til skráningar og miðluðu af fróðleik sínum og þekkingu á svæðinu af miklum höfðingsskap.

Skýrsla þessi er byggð upp þannig að á eftir inngangi er að finna stuttan yfirlitskafla um fornleifaskráningu og löggjöf hér á landi. Í kjölfar hans fylgir kafli þar sem skráningarkerfi Fornleifastofnunar er útskýrt (kafli 3). Í fjórða kafla er að finna sjálfa skráninguna sem skreytt er

2014. Elín Ósk Hreiðarsdóttir.2015.

[2] Ekki var sótt um 2. áfanga árið 2016 þar sem verkefnisstjóri var í barnseignarleyfi og annar áfangi, sá er hér er fjallað um þess í stað skráður sumarið 2017.

[3] Reyndar voru minjar á jörðinni Hrífunesi einnig skráðar en ákveðið var að láta jörðina fylgja með Flögu og birtast því upplýsingar um hana í lokaskýrslu um skráninguna.

[4] Krisborg Þórsdóttir. 2016.

teikningum og ljósmyndum og í fimmta og síðasta kaflanum eru teknar saman helstu niðurstöður skráningarinnar. Allra aftast er að finna heimildaskrá, hnitaskrá á landshnitakerfi (ISN93) og kort.

II. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar hér á landi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 6. kafli 21. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað […].“ Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í menningarminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

III. Skráningaraðferðir

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SÞ o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: SF-174:001). Fornleifaskrá hverrar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari og búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir allar þær fornleifar sem fundust innan hverrar jarðar.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar: auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti minjastaðar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.



Dæmi um framsetningu á upplýsingum í skráningarskýrslum Fornleifastofnunar.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum. Að þessu sinni birtast öll hnit í landshnitakerfi (ISN93) enda orðið nær algilt að sú vörpun sé notuð í meðferð hnitagagna hér á landi. Þegar hnit er tekið á

minjastað er mælt í miðju hvers minjastaðar. Áætlað frávik frá miðju er oftast ekki meira en 5 metrar að meðaltali. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þótt engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki. Rétt er að geta þess að hluti minja í landi Ásabæjanna var mældur upp með Trimble tæki og eru þær teikningar sem byggja á uppmælingunum einkenndar með gráum lit í fornleifaskrá.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hætta, 2) hætta og 3) stórhætta. Þeir minjastaðir sem eru fjarri byggð og öllu því umróti sem hugsanlega gæti skemmt þá teljast ekki í hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað teljast í hættu ef hugsanlegt er talið að þeim verði rótað. Sem dæmi um slíka staði má telja fornleifar í túni en þær teljast í hættu vegna þess umróts sem fylgir ábúð og búskap og minjastaðir sem eru á svæði þar sem framtíðar landnotkun er óráðin. Í stórhættu teljast minjastaðir þar sem miklar líkur teljast á að stöðum kunni að verða raskað vegna áætlaðs eða fyrirsjáanlegs umróts. Sem dæmi um slíka staði má nefna minjastaði sem eru á skipulagssvæði þéttbýlis, inni í skógræktarreitum, innan áhrifasvæðis stórframkvæmda eða sem uppblástur ógnar. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

SF-174 Ásar ytri



Bæjarteikning Dana frá 1904. Öll mannvirki sem sýnd eru á kortinu teljast til fornleifa og voru skráð (sjá minjakort aftast í skýrslu. Innfellda kortið er nærmynd af túni Ytri-Ása. Jörðin var í eyði 1920 og því var ekki gert túnakort fyrir hana þá eins og flestar jarðir í Skaftártunguhreppi. Kortið er fengið af vef LMÍ

1340: Bænhús var á jörðinni. Þess er fyrst getið c. 1340 (DI II, 740), og kemur seinast fyrir í sögulegum heimildum 1598 (AM 263 fol., 93).

1340 og síðar: Jarðarinnar er getið í máldaga Þykkvabæjarklausturs 1340 (DI II, 740), 1523 (DI IX, 189), og Gíslamáldaga 1570 og síðar (DI XV, 548). Sjá nánar SF-174:002.

1340 Jarðaítök: 1340 á Þykkvabæjarklaustur „halfan reka vid ytre Asa a Bænhusstuf.“ (DI II, 740). 1387, kirkjan á Ásum Eystri á hagbeitarítak í heimajörð (DI III, 403).

1686: 39 hdr. 40 ál., konungseign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 338.

1695/1697: 12 hdr., Þykkvabæjarsklausturseign [SF-194], skv. The Old Icelandic Land Registers, 338.

1783-1784: Í skýrslu Jóns prófasts Steingrímssonar (veturinn 1783–1784) um jarðir sem fóru í Skaftafellssýslu í eldinum segir: „Þykkvabæjarklausturs jörð. Eingjar og hagar fyrir sunnan bæinn er brunnið, en annað ekki.“ Æfisaga Jóns prófasts Steingrímssonar, 342.

1847: 12 hdr., Ásaprestur (lénsj.), skv. Jarðatali Johnsen, 11. Í sama riti segir einnig í neðanmálsgrein: "Með konúngsbréfi 28. Mai 1788 voru Ytri Ásar og Nes (enn í eyði) lagðar til Eystri Ása [SF-175], og hefir Ása prestur notið jarða þessara síðan, er áður voru þykkvabæjar klausturs eign, og lögðust af í eldgosinu 1783."

1861: 12 hdr. (forn), 18,4 hdr. (ný, undirsett Ásum-Eystri), skv. Nýrri jarðabók fyrir Ísland, 8.

Yfirlitsmynd af Ytri-Ásum. Á myndinni er horft til vesturs yfir tún jarðarinnar og þær byggingar sem í dag eru á jörðinni. Gamli bærinn var um 135 m suðvestan við núverand íbúðarhús.

1906: "Frá 1906 var jörðin í eyði til 1945 en var nytjuð í frá Eystri-Ásum," segir í Sunnlenskum byggðum VI, 284.

1920: Tún 4,1 ha. Matjurtagarðar 1790 m2, skv. túnakorti frá 1920.
"Heyskapur á Ásunum, hvað kúahey snertir, er í Skaftártungu einhvor hinn skásti, þar heyskapur, einkum kúaheys er hér alls staðar sáralítill. Útigangur, hvað sauðfé áhrærir, einhvorr hinn lakasti í plássinu. Af þessum jörðum brýtur Eldvatnið mikið af túnum," segir í Sýslu- og sóknalýsingum Skaftafellssýslu, 203.
"Jörðin er landlítil. Um Ytri-Ása á við sama landslýsing og um Eystri-Ása," segir í Sunnlenskum byggðum VI, 284..
"Í Skaftáreldum 1783 missti jörðin aðalslægjuland sitt undir hraun og Eldvatnið skar í sundur land hennar. Við það rýrnuðu afnot jarðarinnar. En eftir að Ásavatn var brúað kom hraunlandið aftur til afnota. ...Ásar séu frekar góð bújörð. Nægjanlegt þurrt land til ræktunar." (Sunnlenskar Byggðir VI, 283).

SF-174:001 *Ásar ytri* bæjarstæði bústaður 528032 352232
Gamli bærinn á Ytri-Ásum var um 135 m suðvestan við núverandi íbúðarhús á jörðinni (byggt 1944) og er sjálf bæjartóftin um 20 m norðan við Eldvatni en bæjarhlaðið 014 kálgarður 015, meintur öskuhaugur 006 og þústir (038A og 038B) nær vatninu en hún og ná fram á bakkann.
Fast ofan við (norðan) við tóftina eru slegin tún. Sunnan við er Eldvatnið en annars eru slegin tún í halla til suðurs umhverfis. Bærinn er neðst í brekkunni og stendur h.u.b. í jafnsléttu en upp frá honum tekur við brekka.

Búið var í torfbænum sem síðast stóð á bæjarhólnum til 1906 en þá fór bærinn í eyði til 1945. Þegar bærinn byggðist aftur (1945) var bærinn færður ofar í túnið, á þann stað sem enn er búið. Bæjartóftin er mjög áberandi og stórkarlaleg. Það sama er ekki hægt að segja um uppsöfnun undir henni eða bæjarhól en hann er óverulegur. Þó má segja að örlítil uppsöfnun sé undir rústunum á svæði sem er 85 x 45 m stórt og snýr nálega austur-vestur. Svæðið er mest um 0,3 m hærra en



Tóft gamla bæjarins á Ytri-Ásum SF-174:001

umhverfið. Á þessu svæði er bæjartóft, traðir 014, kálgarður 015, mögulegur öskuhaugur 006, tvær þústir 038A og B, garðlag að húsabaki 017.

Bæjartóftin er 52 x 22 m að stærð en mjókkar til austurs og er þar um 10-12 m breið. Veggir eru algrónir grasi og allt að 2,5 m á breidd og allt að 1,8 m þar sem mest er. Lýsingin á hólfum bæjartóftarinnar hefst vestast, á hólfi A. Hólfið er lægra en flest önnur hólf í bæjarsamstæðunni og virðist e.k. gerði þótt ekki sé vitað hvort þetta gæti hafa verið e.k. rétt eða mögulega kálgarður. Hæð veggja er víðast um 0,5 m (að innanverðu). Hólfið 14,5 x 5,5 m að stærð, snýr norður-suður og víkkar aðeins út til norðurs þar sem svolítill krókur eða bogi er á henni. Efst í horninu liggur veggur yfir að hólfi C en sá veggur virðist liggja ofan á því sem þar var fyrir og því líkt og hann sé yngri, seinna til kominn. Sambyggt gerði A að sunnan er lítill kofi. Kofinn er 3 x 1 m að stærð og snýr austur-vestur. Hann er einfaldur en op er austast á suðurvegg, að tröðum. Veggir eru 1,3 m á hæð þar sem mest er. Af bæjarteikningu Dana að ráða mætti ætla að þessi tvær fyrstnefndu byggingar hafi jafnvel verið stakstæðar í bæjarþyrpingunni en hafi svo verið eru þau mörk orðin býsna óskýr nú (2017) þótt nokkuð sérkennilegt, aflíðandi svæði taki við frá þeim og að hólfum C og D. Hólf C er austan við hólf A. Það er 5-6 x 2-3 m að stærð, snýr norður-suður og víkkar svolítið til suðurs, að tröðum. Op er á því austast á suðurvegg yfir í minna hólf eða gang sem er nokkuð ógreinilegur, D. Vesturveggur hólfs D virðist úr lagi genginn að sunnanverðu og endar nokkru norðar en austurveggurinn. Frá botni hólfsins og upp í topp eru allt að 2,5 m en aðrir veggir hólfsins eru ekki eins háir. Auk þess að vera opið yfir í hólf C er hólfið með op til suðurs, að bæjarhlaði. Hólf E er gríðarlega stórt, það er 13-16 X 6 m að innanmáli og snýr norður-suður. Innst í því er stallur. Hólfið er opið til suðurs og hefur líklega verið þil þar. Í hólfinu er líka stallur meðfram vesturvegg um 1,5 m breiður. Veggir mest um 2 m á breidd. Hólf F er austan við suðurhluta E. Það er 4,5 x 4 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er á suðurvegg allra vestast, að tröðum. Veggir hólfsins eru 1,5 m á hæð, algrónir. Hólf G er austan við F. Það er 3 x 3 m að innanmáli en virðist þó aðeins

Bæjartóftin á Ytri-Ásum. Á mynd til vinstri er horft til VSV en til norðurs á mynd til hægri

lengra austur-vestur en á hinn veginn. Hólfið er alveg opið til suðurs og líklega hefur verið þar þil fyrir. Næsta hólf austan við G er hólf H. Það er ólögulegt og veggir að talsverðu leyti hrundir inn. Líklega hefur verið op á það frá hólfi G og I (sem er austan við) en ekkert op virðist til suðurs, að bæjarhlaðinu . Veggir er mest 2,5 m að breidd að norðan. Næst austasta hólfið, hólf I er mjög langt og breitt. Það er 6-7 x 2 og snýr norður-suður. Það gæti hafa verið þiljað að sunnan (að bæjarhlaði). Allir veggir eru talsvert hrundir og úr lagi gengnir. Op virðist hafa verið yfir að hólfi H og einnig til austurs að hólfi J. Hólf J er 4 x 2 m að innanmáli og snýr norður-suður. Ekki virðist annað op á því en það sem liggur yfir í hólf I. Þá hefur öllum hólfunum sem snúa að bæjarhlaði (sunnarlega í bæjartóftinni) verið lýst og verður þá lýst hólfum að húsabaki. Fyrir ofan hólf I, austarlega í tóftinni, er flati og svo má greina húsagarðsvegginn halda áfram. Öll hólfin að húsabaki standa talsvert hærra en hólfin sem snúa að hlaði, í raun svo mikið hærra að segja má að botn hólfanna sé í sömu hæð og toppar veggja í sunnanverðri í tóftinni. Veggir að aftan eru víða 0,3-0,6 m að hæð. Allra austast í aftanverðri tóftinni er hæð, N, sem er 4 x 2 m stór og 0,5 m á hæð, þ.e. um hálfum metra hærri en stallur inn allt í kring. Meðfram hæðinni að vestan er hólf L sem er 6 x 3 m að innanmáli og snýr norður-suður en í raun liggur framhald þessa hólfs, eins konar tunga, til austurs og upp (hólf M). Op er á hólf L og M, til norðurs, í gegnum garðinn sem er að húsabaki og áður en nefndur. Frá hólfi L er einnig op yfir í hólf K sem er vestast af þeim hólfum sem eru að húsabaki. Hólfið er 4 x 3 m að innanmáli og snýr austur-vestur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

SF-174:002 heimild um bænhús 528024 352218

YTRIÁSAR Í SKAFTÁRTUNGU (VS) (ÁSAÞING) BÆNHÚS

1340: [Þykkvabæjarklaustur á] halfan reka vid ytre Asa a Bænhusstuf ...; Máld DI II 737 740

[1343]: [Kirkjan á Ásum eystri á] kýr ij. med Bænhusinu j ytrum äsum. Máld [Ása eystri] DI II 785

[1367]: cxci. Bænhused j ytrum asum a ij kyr; Hítardalsbók DI III 235

[1387] Mariu kirkia ad Asumm á heimaland allt. A Biskup ad veita edr huer sem hefur logligt Skalholltz stadar vmmbod af Pieturzkirkiu helldur oc hefur epter. Xx. Ára hefd oc halldi. Ad Asar eiga ad austann sionhending ur midmundahol og j Borgarklett. Ur Borgarklett og j Barnkiellingu. Ur Barnkiellingu oc j fagurhol. Sumir hallda j laufhol og þadan sionhending ut j votnin. Ad westann þufann sem stendur aa Gardinum firir utan

Asagil oc sionhending j ferstikluna sem stendur sudur j myrinni. Þadan sionhending oc utannvertt j hestalannd og so sijdan sudur j fosshrauns nef. Ad nordan nordur ifir floamyrar krok. Og oll gogn oc giædi innann sagdra landamerkia.Máld DI III 402

1397: a ij kyr; Máld DI IV 237

[1523] gamall maldagi. Kirkia j Asum a i DI IX 189

{1598: Bænhús; AM 263 fol. Bl. 93}

Bænhús var áður á Ytri-Ásum en ekki vita menn hvar það hefur verið. Gísli Halldór Magnússon heimildamaður veit ekki til þess að menn hafi komið niður á mannabein á þessum slóðum eða hefur heyrt frásagnir um líklega staðsetningu bænhússins. Ekki er annað vitað að

bæjarhúsin hafi ætíð verið á svipuðum slóðum og bærinn stóð í upphafi 20. aldar (sjá 001) og gæti hún hafa verið þar sem önnur mannvirki stóðu síðar í námunda við bæinn s.s. 015. Fast ofan við (norðan) við gamla bæjarstæðið eru slegin tún. Sunnan við er Eldvatnið en annars eru slegin tún í halla til suðurs umhverfis. Bærinn er neðst í brekkunni og stendur h.u.b. Á jafnsléttu en upp frá honum tekur við brekka.
Ekki er lengur vitað hvar bænhúsið á Ytri-Ásum stóð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: DI II 737-740, 785;DI III 235, 240; DI IX 189

SF-174:003 heimild um útihús 528004 352326
Samkvæmt Bæjarteikningu Dana frá 1904 var útihús efst í túnjaðri, um 100 m norðvestur af bæ 001 og 90 m VNV við útihús 004. Þar er nú sléttað tún en greina má hvar útihúsið var af hólmyndun í hallanum. Útihúsið var uppi á hæðarbrún í túninu sem er þvert á stefnu þess (NNA-SSV). Hátt er fram af brúninni til austurs og er gildrag þar í túninu. Ekki sjást nógu skýr ummerki til þess að hægt sé að afmarka útlínur útihússins eða innanmál en ætla má að leifar af því séu enn undir sverði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Bæjarteikning Dana 1904

SF-174:004 dæld útihús 528092 352288
Samkvæmt Bæjarteikningu Dana frá 1904 var útihús efst í heimatúni um 80 m norðaustan við bæ 001 og 90 m ASA við útihús 003. Þar sést gróin dæld sem ætla má að sé leifar af útihúsinu. Minjarnar eru í túnjaðri, á milli túns og girðingar sem afmarkar athafnasvæði og útihús á núverandi bæjarstæði Ytri-Ása.



Teikning og ljósmynd af púst SF-174:004. Á ljósmynd er horft til suðvesturs

Minjarnar eru í aflíðandi halla til suðurs. Mikill grasvöxtur er í henni og í kringum hana en einnig vex njóli fast norðan við hana. Dældin er 4x4 m að innanmáli, fremur óregluleg í laginu, samansigin og afmynduð. Hún er um 0,3 m á dýpt og er greinilegt op út úr henni til suðvesturs. Óljósar veggjaleifar eru sitt hvoru megin við opið en standa lítið hærra en innri brún dældarinnar. Heildarstærð mannvirkisins með veggjaleifum er 4x5 m og snýr það norðaustur-suðvestur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Bæjarteikning Dana 1904

SF-174:005 heimild um ferju 528365 352132

Sumarferja yfir Eldvatn var á milli Ásabæjanna og er hún merkt inn á Bæjarteikningu Dana frá 1904. Ferjan var um 350 m austan við bæ 001, litlu vestan við Kotsgil, sjá 029.



Ferjustaður SF-174:005 eins og hann var merktur á bæjarteikningu Dana frá 1904 (til vinstri) en til hægri er horft yfir Eldvatnið á svipuðum slóðum en engin ummerki eru merkjanleg um að þarna hafi verið ferjað.

Landið hefur breyst verulega vegna landbrots frá því að bæjarteikningin var gerð. Á norðurbakka Eldvatnsins er tún og gríðarbratt og hátt er niður af því ofan í farveg árinnar. Á suðurbakkanum er hraun að gróa upp og er mun lægra niður af honum ofan í farveginn. Þar er mjög grunnt vik inn í hraunið og sandeyri í því. Engin skýr ummerki sjást um ferjustaðinn.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Bæjarteikning Dana 1904

SF-174:006 öskuhaugur 528001 352218

Beint neðan við (sunnan við) vesturenda bæjar 001 er hóll eða þúst þar sem greinilegt virðist að mannvistarleifar leynast undir sverði. Hóllinn er í hálfgerðri hvilft í horni sem markast af kálgarði og bæjartröðum að austan og norðan. Hóllinn er um 5 m suðvestan við bæ 001 en aðeins er um 1 m frá suðurjaðri hans og fram á brún Eldvatnsins. Fast ofan við (norðan) við gamla bæjarstæðið eru slegin tún. Sunnan við er Eldvatnið en annars eru slegin tún í halla til suðurs umhverfis. Bærinn er neðst í brekkunni og stendur h.u.b. í jafnsléttu en upp frá honum tekur við brekka. Hóllinn er neðan við bæ 001, á grasivaxinni sléttu á bakka Eldvatns.

Meintur öskuhaugur SF-174:006. Á mynd til vinstri er horft til SSA en til suðurs á mynd til hægri

Hóllinn er mjög vel afmarkaður og um 6-8 m í þvermál en allt að 1,3 m á hæð. Hann er ávalur. NNA við hann er lítil tota sem gengur austur-vestur frá honum og er 4 x 2 m að stærð en 0,2 m á hæð. Ekki er vitað hvers lags leifar leynast undir sverði á þessum slóðum en mögulegt er að þarna hafi verið öskuhaugur þótt ætla mætti að leifum hefði verið hent fram af bakkanum, ofan í Eldvatnið.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

SF-174:007 þúst hlutverk óþekkt 528064 352211
Greinileg þúst er syðst í gamla heimatúni Ytri-Ása um 20 m sunnan við tóft 016 og 5 m austan við kálgarð 015 sem er framan við bæ 001. Þústin er í grösugu gömlu túni, í aflíðandi halla til suðvesturs. Hún er utan þess svæðis sem er slegið og hefur því ekki verið raskað með plægingu en stutt er fram af bakka ofan í Eldvatnið og stafar henni hætta af landbroti.

Þúst SF-174:007. Á mynd til vinstri er horft til austurs en til SSA á mynd til hægri

Þústin er um 8x6 m að stærð og snýr NNV-SSA. Hún er 4 m á breidd í NNV-enda þar sem hún er mjóst. Þar er hún einnig hæst, 0,2-0,3 m. Austurhorn hennar er óljóst. Þústin er flöt að ofan og lítið gengin í þúfur. Mjó renna er frá miðri SSA-hlið þústarinnar, meðfram henni og áfram í lægð til suðvesturs.
Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

SF-174:008 *Tangi* þúst býli 527295 352353
"Þar austur af er svo Miðfell. Sunnan í því heitir Tangi. Þar eru gamlar Bæjarrústir," segir í örnefnaskrá. Tangi er flatlent svæði sem gengur til suðurs í farveg Eldvatns. Hann er um 760 m vestan við bæ 001. Sléttað tún er á Tanganum sem er nokkuð flatlendur. Upp af honum heldur túnið áfram upp í brekku til norðurs.

Lítil ummerki sjást um meintar bæjarrústir í Tanga vegna sléttunar og ekki er vitað hvar á Tanganum þessar rústir voru. Að sögn Gísla Halldórs Magnússonar, heimildamanns, voru rústir á öllum Tanganum, beggja vegna við mikinn hrygg sem liggur þvert yfir hann. Meintar minjar í

Tanginn. Óljós ummerki í túni SF174:008 sýnd með rauðu. Á ljósmynd er horft yfir svæðið og til suðurs

Tanganum eru á svæði sem er 300x150 m að stærð og snýr norður-suður. Hryggur A liggur þvert yfir Tangann en hann er mjög mikill að vexti og virðist ekki geta verið manngerður þó að ekki sé hægt að útiloka það. Hann er hæstur um miðbikið og vestarlega í honum og sunnan við hann eru ójöfnur í túninu sem gætu verið vísbendingar um mannvistarleifar undir sverði. Sunnarlega á Tanganum og 80 m sunnan við hrygg A er hringlaga þúst B. Hún er um 9 m í þvermál og 0,2 m á hæð, lítillega kúpt að ofan. Nyrst á svæðinu er hólmyndun eða lágur stallur C í aflíðandi halla fast suðvestan við lítið gil sem gengur inn í Tangann til vesturs. Hann er 18x34 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Stallurinn er flatur að ofan. Líkur eru til þess að á þessum stað séu mannvistarleifar undir sverði. Víðar á svæðinu má sjá ummerki sem gætu gefið til kynna hvar fornminjar eru undir sverði en aðeins hafa greinilegustu staðirnir verið nefndir.
Hættumat: stórhætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Ásar 3

SF-174:009 hleðsla samgöngubót 526392 352907
Suðvestast í Lambafellsmýri er löng og breið jarðbrú sem virðist ekki gömul. Ólíklegt er að Jarðbrúargil norðan við mýrina dragi nafn sitt af henni (sjá 042) en þó er það ekki útilokað. Brúin er á leið SF-661:028 og er 1,8 km norðvestan við bæ 001. Brúin er í grösugri smáþýfðri mýri sem er fremur flatlend en hallar niður í Jarðbrúargil þegar nær dregur því. Grösugar smáþýfðar hlíðar eru allt í kringum mýrina.

Horft yfir jarðbrúna SF-174:009. Á báðum myndum er horft til VNV

Brúin er 235 m á lengd og liggur norðvestur-suðaustur. Hún er torfhlaðin og er 4,5 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð, nánast þúfnalaus. Sitthvoru megin við hana eru rúmlega 1 m breiðar rennur þar sem efni í hana var stungið upp. Skarð er í u.þ.b. miðja brúna þar sem lækur rennur í gegnum hana. Þar í rofinu sést í grjót sem ætla má að sé aðflutt og hefur þá grjót verið sett undir torfhleðsluna. Annað minna rof er nærri norðvesturenda brúarinnar. Brúin er deiglend þrátt fyrir þurrkatíð.
Hættumat: engin hætta

SF-174:010 tóft fjárskýli 526747 352469
Sunnan undir Lambafelli gengur lítill tangi út í farveg Eldvatns og á honum er tóft af fjárskýli. Tóftin er um 90 m suðvestan við fjárhús 011 og 1,3 km vestan við bæ 001. Mjög lítið undirlendi er sunnan undir bröttum og grónum hlíðum Lambafells. Ruddur vegur (ekki fornleif) liggur meðfram fellinu og endar hann ofan við tóftina. Ekki er ljóst hvaðan eða hvert hann lá. Á bakka Eldvatnsins sést ekkert grjót í rofsárum á tanganum sem gæti gefið til kynna fleiri mannvirki á svæðinu.

Tóft SF-174:010. Á mynd til vinstri er horft yfir tangann til suðvesturs en á mynd til hægri yfir sjálfa tóftina (horft til suðvesturs)

Tóftin er virðist nokkuð gömul en er ekki ævaforn. Hún er einföld og er hlaðin úr torfi og grjóti en lítið sést af grjóti í veggjum vegna gróðurs. Tóftin er hringlaga og er um 5 m í þvermál utanmáls og 3 m í þvermál innanmáls. Op er inn í hana úr suðaustri og er laus steinn í opinu. Veggir eru signir og rúmlega 1 m á breidd og mest 0,3 m á hæð. Engar aðrar minjar eru greinanlegar í næsta nágrenni en ljóst er að Eldvatnið hefur brotið mikið af bökkum sínum á þessu svæði sem annarsstaðar.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots



Tóft SF-175:010

SF-174:011 tóft fjárhús 526780 352552

Leifar af fjárhúsum og hlöðu úr blönduðu efni eru sunnan undir Lambafelli og um 1,3 km vestan við bæ 001. Fjárhúsin eru nokkuð hátt í Lambafelli og er þverhnípt niður af þeim til suðurs, í átt

Fjárhús SF-174:011. Á ljósmynd er horft til suðurs

að Eldvatni og aðeins eru um 1m frá tóftinni og að brúninni.

Tóftin er 17-18 x 7-8 m stór og snýr h.u.b. austur-vestur. Austar er sjálft fjárhúsið sem er 10 x 3 m að innanmáli og gengur garði eftir því endilöngu og er op austast á suðurlangvegg þess. Vestar er svo hlaðan. Hún er niðurgrafin og nú full af rusli, bárujárni og timbri. Hlaðan virðist hafa verið um 0,5 m lægri en fjárhúsin og hefur verið þil á milli. Þær leifar af veggjum sem eru nú eftir eru grjóthlaðnar og mest 2-2,5 m á hæð vestast þar sem byggt hefur verið inn í hæðina. Þar sjást 10-12 umför. Annars eru veggir víða 1 m á hæð og virðast að mestu grjóthlaðnir en eru talsvert yfirgrónir. Garðinn er alveg yfirgróinn og að verða illgreinilegur. Norðan við vesturhluta tóftar er þýft á kafla en ekki er að sjá nein veggbrot.
Hættumat: hætta, vegna landbrots

SF-174:012 tóftir hlutverk óþekkt 526920 352563
Nokkrar fornlegar tóftir eru tæpum 100 m austan við beitarhús 011 en 170 m vestan við steinsteypt fjárhús og hlöðu við Lambafell. Tóftirnar eru um 1,2 km vestan við bæ 001.



Horft yfir tóftasvæði SF-174:012 til vinstri (horft til VSV). Til hægri er teikning af tóftunum

Tóftirnar eru í halla suðaustan í Lambafelli og hallar svæðinu annars vegar til suðurs, að Eldvatni, en hins vegar svolítið til austurs að gili sem þar liggur niður að Eldvatni.

Á umræddu svæði eru þrjár þústir (A, B og C) og garðlag (D) á svæði sem er 50-55 m á kant. Tóft A er í raun hóll eða þúst. Hann er neðstur þústanna þriggja og mest áberandi. Hóllinn er um 1,8 m á hæð en sjálf tóftin er 8 x 4 m stór og snýr NNV-SSA. Svo virðist sem tóftin hafi skipst í tvö hólf og er það syðra lengra (um 3 x 1 m að innanmáli) og opið úr því yfir í minna hólfið norðar (sem er um 1,5-2 x 1 m og snýr þvert á það). Tóftin er yngsta byggingarstig hólsins en undan henni má sjá glitta í eldri byggingaleifar á tveimur stöðum (að norðaustan og sunnan). Svolítil hæð er um 8 m SSV við suðvesturhorn tóftar og er hugsanlegt að þar leynist mannvistarlög undir sverði en ummerkin voru þó talin of óljós til að það teldist víst. Um 17 m vestan við tóft A er tóft B á þúst/hól. Þústin er vestust tóftanna og stendur hæst. Tóft B er á nokkuð áberandi hól og er hann um 1,5 m hærri en umhverfið. Hóllinn er 10-11 x 8 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Suðaustarlega í hólnum er hólf sem er um 2 x 2 m að innanmáli og er svolítið rof í því en ekki mátti greina skýrar mannvistarleifar í því. Þúst C er nyrst á svæðinu og um 15 m NNV við tóft A. Hóllinn er um 1,5 m hærri en umhverfið en svo virðist að hægt sé að greina tvo fasa í hólnum, annars vegar þúst á hólnum en hins vegar mannvistarleifar sem virðast eldri og skjóta sér undan hólnum og í átt að garðlagi D. Ef umræddar leifar eru taldar með er svæðið um 10-11 x 9 m stórt og snýr

Tóft SF-174:012A til vinstri (horft til austurs) og tóft B til hægri (horft til SSA)

norðaustur-suðvestur. Örlítil dæld er í miðju þústarinnar en annars má kalla hana rústahól án greinilegs tóftarlags. Milli þústar B og C er hryggur eða garðlag D. Garðlagið er alveg sigið og L-laga. Garðlagið liggur í 6-7 m til NNV frá tóft B áður en það beygir og liggur til NNA í um 36 m áður en það verður ógreinilegt. Garðlagið er sem fyrr segir aðeins gróinn hryggur í hlíðinni.
Hættumat: hætta, vegna landbrots

SF-174:013 heimild um vörslugarð 527941 352329
Á Bæjarteikningu Dana frá 1904 sést að garðlag lá í hlykkjum frá Litlagili og langleiðina að norðvesturhorni heimatúnsins. Það var um 60 m vestan við útihús 003 og um 130 m norðvestan við bæ 001. Sléttað tún í halla til suðvesturs er þar sem garðurinn var.

Engin ummerki sjást um túngarðinn vegna sléttunar. Hann virðist frekar hafa gegnt hlutverki vörslugarðs en túngarðs þar sem hann afmarkaði ekki túnið sjálft.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Bæjarteikning Dana 1904

SF-174:014 renna traðir 528013 352224
Traðir voru beint neðan (sunnan) við bæ 001 á Ytri-Ásum. Þær eru enn mjög greinilegar á milli bæjartóftar og kálgarðs 015 og hafa legið austur-vestur meðfram bæjarröðinni.
Fast ofan við (norðan) við er bæjartóftin og þar ofan við eru slegin tún. Sunnan við er kálgarður 015 og þá Eldvatnið en annars eru slegin tún í halla til suðurs umhverfis. Svæðið er neðst í brekku og h.u.b. jafnslétta.

Traðir SF-174:014. Á mynd til vinstri er horft til vesturs en til austurs á mynd til hægri

Traðirnar eru 50-60 m langar. Á stærstum kafla eru þær eins konar bæjarhlað, stallur fyrir framan bæjartóftina, víðast 2-3 m breiður og 0,2-0,3 m há og neðan hans tekur við kálgarðurinn. Við norðvesturhorn kálgarðsins tekur hins vegar við traðarveggur í framhaldi kálgarðs, byggður sérstaklega til að marka traðirnar að því er virðist og þar liggja traðirnar milli bæjar og veggjar og eru niðurgrafnar. Frá kálgarði er traðarveggurinn um 10 m langur þar til op er á hann, til móts við op á hólfi B á bæjartóft. Vestan við opið verður traðarveggurinn óljósari en heldur þó áfram 7-8 m út fyrir suðvesturhorn bæjar. Frá tröðinni hafa götur 032 legið áfram til austurs, að ferju (sjá nr. 005).

Hættumat: hætta, vegna landbrots

SF-174:015 gerði kálgarður 528025 352215
Kálgarður var beint sunnan við bæinn á Ytri-Ásum 002 og var aðeins bæjarhlað/traðir 014 á milli. Fast ofan við (norðan) við er bæjartóftin 001/traðir 014 og þar ofan við eru slegin tún. Sunnan við er Eldvatnið en annars eru slegin tún í halla til suðurs umhverfis. Svæðið er neðst í brekku og h.u.b. jafnslétta en hallar örlítið til suðurs. Það er grasgefið. Minjarnar eru í stórhættu vegna Eldvatnsins enda eru þær á brún fljótsins.

Kálgarður SF-174:015A til vinstri (horft til vesturs) en gerði C til vinstri (horft til vesturs)



Kálgarður SF-174:015

Á þessum stað eru talsverðar leifar á svæði sem er 67 x 12 m stórt og snýr austur-vestur. Kálgarðurinn (A) er myndarlegur og tæplega 37 x 12 m stór. Hann snýr h.u.b. austur-vestur og afmarka veggir hann að sunnan, austan og vestan en að norðan afmarkast hann af tröðum 014. Veggir kálgarðsins eru lágir og grónir. Í framhaldi af garðinum til vesturs er garðlag (B) sem markar af traðir til suðurs (sjá 014). Garðlag þetta er um 20 m langt og 0,4 m á hæð og er op á því á einum stað. Austan við kálgarðinn er hringlaga gerði sem er sambyggt honum og skráð undir sama númeri (C). Greinilegt er að a.m.k. tvö byggingarstig sjást af gerðinu. Það sem er greinilegra er um 9 x 7 m að stærð og sporöskjulaga. Op hefur verið vestast á suðurvegg gerðisins. Veggir eru um 1,2 m á breidd en 0,5 m á hæð. Ljóst er að annað gerði, eldra hefur verið áður á sama stað og skjóta eldri vegghleðslur sé undan þeim yngri norðan og austan við tóftina (D).
Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

SF-174:016 tóft útihús 528059 352241

Stór tóft er á rústahól fast vestan við bæ 001 og 45 m SSV við leifar af útihúsi 004. Ekki er ljóst hvert hlutverk tóftarinnar var en ætla má að hún hafi gegnt hlutverki útihúss af einhverju tagi. Tóftin er í gamla heimatúninu, þeim hluta þess frammi á bakka Eldvatnsins sem ekki hefur verið sléttað yfir. Ofan við hana er sléttað tún í halla til suðurs. Sléttað tún er einnig austan við tóftina.

Útihústóft SF-174:016. Á mynd til vinstri er horft til suðurs en til norðvesturs á mynd til hægri

Tóftin og rústahóllinn eru á svæði sem er um 29x28m að stærð og snýr ASA-VNV. Tóftin er vestast á miðjum hólnum og er 13x13 m að stærð. Hún er einföld og ferköntuð en veggir á SSV- og ASA-hliðum sveigjast aðeins út. Op er á tóftinni á VNV-hlið, nærri suðvesturhorninu. Ekki sést innri brún veggja á SSV-hlið og ytri brún á NNA-hlið er óljós en sú hlið er grafin inn í allmikinn stall sem er 14 á lengd og 5 m á breidd. Inn í u.þ.b. miðjan þennan stall gengur 2 m breitt og 4 m langt skarð úr NNA. Ekki er ljóst um hvers konar mannvirki er að ræða. Stallurinn er 1,2 m á hæð og er flatur að ofan. Hann er skýrt afmarkaður á allar hliðar nema SSV-hlið þar sem hann rennur saman við tóftina. Veggir tóftar eru 1-1,5 m á breidd og allt að 1,2 m á hæð. Á ASA-brún hólsins sem tóftin er á er eins og bogadreginn veggur eða garður og ógreinlegt op á honum á neðan við hann miðjan. Meintur veggur er 3 m á breidd og 0,1-0,2 m á hæð innanmáls en utanmáls er hann 0,3-0,4 m á hæð. Hann fjarar út neðan við suðausturhorn tóftar. Það er ekki útilokað að í þessum rústahól leynist leifar af bænhúsi og hringlaga kirkjugarði en staðsetning bænhúss á Ytri-Ásum er ekki þekkt. Algengara var að kirkjur væru framan við bæjarhlað en ekki aftan við það eins og rústahóllinn en það er ekki einhlítt.



Útihústóft SF-174:016

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

SF-174:017 garðlag hlutverk óþekkt 528028 352249
Garðlag hefur legið frá norðvesturhorni bæjar á Ytri-Ásum 001 og meðfram bæ að norðan og upp fyrir gerði 016. Þar liggur það í sveig norðan og austan við gerðið áður en það hverfur.
Fast ofan við eru slegin tún. Nokkru sunnar er Eldvatnið en annars eru slegin tún í halla til suðurs umhverfis. Bærinn er neðst í brekkunni og stendur h.u.b. í jafnsléttu en upp frá honum tekur við brekka.

Garðlag SF-174:017. Á mynd til vinstri er horft til suðvesturs en til SSA

Hér er lýst þeirri hleðslu sem má greina beint ofan við (norðan við) norðausturhorn bæjar 001. Garðlagið er samtals um 50 m langt og liggur frá norðvesturhorni bæjar ofan hans og svo í sveig að norðvesturhorni gerðis 016. Áfram liggur garðurinn með norðurhlið gerðis og beygir svo með því til suðurs og svo suðvesturs áður en það verður alveg ógreinilegt um 17 m austan við þar sem traðir 014 liggja út á milli bæjartóftar 001 og kálgarðs 015. Samtals má segja að garðurinn myndi gerði sem er 77 x 30 m stórt. Garðurinn er siginn og víða 2-3 m á breidd en 0,3 m á hæð. Renna eða dæld er meðfram honum að norðan ofan við bæjartóftina og þar er á kafla hryggur ofan við rennuna líkt og traðir gætu hafa verið þar ofan við bæinn. Segja má að garðurinn marki einhvers konar húsagarð að bæjarbaki.
Hættumat: hætta, vegna landbrots

SF-174:018 tóft útihús 527947 352252
Sigin og fornleg tóft er í gamla heimatúni Ytri-Ása frammi á bakka Eldvatnsins, um 80 m VNV við bæ 001 og 15 m suðaustan við þúst 037. Hluti tóftarinnar er horfinn vegna landbrots.
Tóftin er á þeim hluta túnsins sem ekki er lengur sleginn. Þar er nokkuð flatlent og afgerandi hvilft inn í brekku norðaustan við tóftina. Grasgefið og þýft er á tóftinni og í kringum hana. Snarbratt og hátt er fram af bakka Eldvatnsins ofan í farveg þess.

Um er að ræða allstóran rústahól sem ein sýnileg tóft er á og garður, mögulega heygarður.

Tóft útihúss SF-174:018. Á mynd til vinstri er horft til suðvesturs en til norðurs á mynd til hægri þar sem sést í rofasárið þar sem suðurendi útihússins er að brotna í Eldvatnið

Minjarnar ná yfir svæði sem er um 20x30 m að stærð og snýr VNV-ASA. Tóftin er á miðju svæðinu frammi á bakkanum og er 10x5 m að innanmáli, snýr NNA-SSV. Brotnað hefur framan af tóftinni í SSV-enda en ekki er ljóst hversu stór hluti hennar er horfinn. Í rofsári neðan við tóftina sést í grjót úr veggjum og eins sést í grjót í rofinu litlu vestar þar sem lág tunga gengur út frá tóft um 6 m til VNV. Veggir tóftar eru 3-4 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð utanmáls en 0,5-0,6 m á hæð innanmáls. Rústahóllinn er hæstur í NNV-horni en þar sést ytri brún tóftar verst. Innri brún meints garðs sést innan við NNA jaðar hólsins. Garðhleðslan er 1-1,5 m á breidd og 0,2 m á hæð innanmáls en utanmáls samlagast hún hólnum. Hér er án efa um leifar útihúss að ræða, mögulega fjóss en ekkert er hægt að segja til um það með vissu án frekari rannsóknar.



Útihústóft SF-174:018

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

SF-174:019 tóft hlutverk óþekkt 527851 352363

Um 180 m VNV við bæ 001 er tóft í Litlagili. Tóftin er um 230 m VNV við bæ 001 og 2 m austan við slegin tún. Hún er í grasi grónum gilbarmi sem hallar til suðurs. Fast vestan við eru slegin tún.

Tóftin er 9 x 4 m að stærð og snýr norður-suður. Veggir hennar eru grónir og hvergi sér í grjóthleðslur. Veggir eru 0,3 m á hæð. Líklega hefur tóftin skipst í tvö hólf en suðurhluti hennar er óskýrari en norðurhlutinn.

Tóft SF-174:019. Á ljósmynd er horft til SSA

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

SF-174:020 frásögn hlutverk óþekkt 527617 352726
Gísli Halldór Magnússon man eftir talsverðum fjölda af mannvistarleifar (sjá einnig 021-027) í túninu um 350 m vestur af Ytri-Ásum. Þar hefur hann komið niður á hleðslur á átta stöðum og er greinilegt að fjölmargir kofar hafa verið þar í túninu. Sá staður sem hér er skráður er allra norðvestastur af stöðunum í túninu og um 700 m norðvestan við íbúðarhúsið á Ytri-Ásum en 630 m norðvestan við gamla bæinn 001.

Í sléttuðu túni sem enn er nýtt og hallar til suðurs. Á þessum stað hefur Gísli Halldór Magnússon komið niður á hleðslur þegar hann var að plægja túnin. Gísli Halldór talaði um að greinilega hefði verið rutt úr hluta af hleðslunum á þessum slóðum en neðstu hleðslurnar hefðu þó verið eftir. Engin ummerki sjást nú um mannvistarleifar á yfirborði en einstaka hnútur eru hér og þar í túninu en þær eru ekki afgerandi. Gísli Halldór gat hins vegar bent á grófa staðsetningu staðanna átta og var miða við það í skráningunni þótt rétt sé að taka fram að staðsetning þeirra er ekki mjög nákvæm.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

SF-174:021 frásögn hlutverk óþekkt 527930 352660
Gísli Halldór Magnússon man eftir talsverðum fjölda af mannvistarleifar (sjá einnig 020 og 022-027) í túninu um 350 m vestur af Ytri-Ásum. Þar hefur hann komið niður á hleðslur á átta stöðum og er greinilegt að fjölmargir kofar hafa verið þar í túninu. Sá staður sem hér er skráður er allra vestarlega í túninu miðju, um 600 m norðvestan við íbúðarhúsið á Ytri-Ásum en 530 m norðvestan við gamla bæinn 001. Hann var ríflega 100 m NNA við 020.
Í sléttuðu túni sem enn er nýtt og hallar til suðurs.

Á þessum stað hefur Gísli Halldór Magnússon komið niður á hleðslur þegar hann var að plægja túnin. Gísli Halldór talaði um að greinilega hefði verið rutt úr hluta af hleðslunum á þessum slóðum en neðstu hleðslurnar hefðu þó verið eftir. Engin ummerki sjást nú um mannvistarleifar á yfirborði en einstaka hnútur eru hér og þar í túninu en þær eru ekki afgerandi. Gísli Halldór gat hins vegar bent á grófa staðsetningu staðanna átta og var miða við það í skráningunni þótt rétt sé að taka fram að staðsetning þeirra er ekki mjög nákvæm.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

SF-174:022 frásögn hlutverk óþekkt 527651 352624
Gísli Halldór Magnússon man eftir talsverðum fjölda af mannvistarleifar (sjá einnig 020-21 og 023-027) í túninu um 350 m vestur af Ytri-Ásum. Þar hefur hann komið niður á hleðslur á átta stöðum og er greinilegt að fjölmargir kofar hafa verið þar í túninu. Sá staður sem hér er skráður er í miðju túni, um 480 m norðvestan við íbúðarhúsið á Ytri-Ásum en 400 m norðvestan við gamla bæinn 001. Hann var ríflega 220 m suðaustan við 020. Í sléttuðu túni sem enn er nýtt og hallar til suðurs.

Á þessum stað hefur Gísli Halldór Magnússon komið niður á hleðslur þegar hann var að plægja túnin. Gísli Halldór talaði um að greinilega hefði verið rutt úr hluta af hleðslunum á þessum slóðum en neðstu hleðslurnar hefðu þó verið eftir. Engin ummerki sjást nú um mannvistarleifar á yfirborði en einstaka hnútur eru hér og þar í túninu en þær eru ekki afgerandi. Gísli Halldór gat hins vegar bent á grófa staðsetningu staðanna átta og var miða við það í skráningunni þótt rétt sé að taka fram að staðsetning þeirra er ekki mjög nákvæm.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

SF-174:023 frásögn hlutverk óþekkt 527786 352583
Gísli Halldór Magnússon man eftir talsverðum fjölda af mannvistarleifar (sjá einnig 020-21 og 023-027) í túninu um 350 m vestur af Ytri-Ásum. Þar hefur hann komið niður á hleðslur á átta stöðum og er greinilegt að fjölmargir kofar hafa verið þar í túninu. Sá staður sem hér er skráður er í miðju túni, um 480 m norðvestan við íbúðarhúsið á Ytri-Ásum en 400 m norðvestan við gamla bæinn 001. Hann var ríflega 220 m suðaustan við 020.

Í sléttuðu túni sem enn er nýtt og hallar til suðurs. Á þessum stað hefur Gísli Halldór

Magnússon komið niður á hleðslur þegar hann var að plægja túnin. Gísli Halldór talaði um að greinilega hefði verið rutt úr hluta af hleðslunum á þessum slóðum en neðstu hleðslurnar hefðu þó verið eftir. Engin ummerki sjást nú um mannvistarleifar á yfirborði en einstaka hnútur eru hér og þar í túninu en þær eru ekki afgerandi. Gísli Halldór gat hins vegar bent á grófa staðsetningu staðanna átta og var miða við það í skráningunni þótt rétt sé að taka fram að staðsetning þeirra er ekki mjög nákvæm.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

SF-174:024 frásögn hlutverk óþekkt 527891 352505
Gísli Halldór Magnússon man eftir talsverðum fjölda af mannvistarleifar (sjá einnig 020-23 og 025-027) í túninu um 350 m vestur af Ytri-Ásum. Þar hefur hann komið niður á hleðslur á átta stöðum og er greinilegt að fjölmargir kofar hafa verið þar í túninu. Sá staður sem hér er skráður er nálægt austurjaðri þess túnskika sem um er að ræða og um 340 m norðvestan við íbúðarhúsið á Ytri-Ásum en 300 m norðvestan við gamla bæinn 001. Hann var ríflega 350 m suðaustan við 020. Í sléttuðu túni sem enn er nýtt og hallar til suðurs.

Á þessum stað hefur Gísli Halldór Magnússon komið niður á hleðslur þegar hann var að plægja túnin. Gísli Halldór talaði um að greinilega hefði verið rutt úr hluta af hleðslunum á þessum slóðum en neðstu hleðslurnar hefðu þó verið eftir. Engin ummerki sjást nú um mannvistarleifar á yfirborði en einstaka hnútur eru hér og þar í túninu en þær eru ekki afgerandi. Gísli Halldór gat hins vegar bent á grófa staðsetningu staðanna átta og var miða við það í skráningunni þótt rétt sé að taka fram að staðsetning þeirra er ekki mjög nákvæm.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

SF-174:025 frásögn hlutverk óþekkt 527616 352531
Gísli Halldór Magnússon man eftir talsverðum fjölda af mannvistarleifar (sjá einnig 020-24 og 026-027) í túninu um 350 m vestur af Ytri-Ásum. Þar hefur hann komið niður á hleðslur á átta stöðum og er greinilegt að fjölmargir kofar hafa verið þar í túninu. Sá staður sem hér er skráður er vestarlega í túninu og tæpum 600 m vestan við íbúðarhúsið á Ytri-Ásum en 480 m norðvestan við gamla bæinn 001. Hann var ríflega 200 m sunnan við 020.

Í sléttuðu túni sem enn er nýtt og hallar til suðurs. Á þessum stað hefur Gísli Halldór Magnússon komið niður á hleðslur þegar hann var að plægja túnin. Gísli Halldór talaði um að greinilega hefði verið rutt úr hluta af hleðslunum á þessum slóðum en neðstu hleðslurnar hefðu þó verið eftir. Engin ummerki sjást nú um mannvistarleifar á yfirborði en einstaka hnútur eru hér og þar í túninu en þær eru ekki afgerandi. Gísli Halldór gat hins vegar bent á grófa staðsetningu staðanna átta og var miða við það í skráningunni þótt rétt sé að taka fram að staðsetning þeirra er ekki mjög nákvæm.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

SF-174:026 frásögn hlutverk óþekkt 527681 352462
Gísli Halldór Magnússon man eftir talsverðum fjölda af mannvistarleifar (sjá einnig 020-25 og 027) í túninu um 350 m vestur af Ytri-Ásum. Þar hefur hann komið niður á hleðslur á átta stöðum og er greinilegt að fjölmargir kofar hafa verið þar í túninu. Sá staður sem hér er skráður er vestarlega í túninu og neðstur þeirra staða sem Gísli Halldór mundi eftir. Hann var um 500 m vestan við íbúðarhúsið á Ytri-Ásum en tæplega 400 m norðvestan við gamla bæinn 001. Hann var ríflega 270 m SSA við 020. Í sléttuðu túni sem enn er nýtt og hallar til suðurs.

Á þessum stað hefur Gísli Halldór Magnússon komið niður á hleðslur þegar hann var að plægja túnin. Gísli Halldór talaði um að greinilega hefði verið rutt úr hluta af hleðslunum á þessum slóðum en neðstu hleðslurnar hefðu þó verið eftir. Engin ummerki sjást nú um mannvistarleifar á yfirborði en einstaka hnútur eru hér og þar í túninu en þær eru ekki afgerandi. Gísli Halldór gat hins vegar bent á grófa staðsetningu staðanna átta og var miða við það í skráningunni þótt rétt sé að taka fram að staðsetning þeirra er ekki mjög nákvæm.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

SF-174:027 frásögn hlutverk óþekkt 527854 352437
Gísli Halldór Magnússon man eftir talsverðum fjölda af mannvistarleifar (sjá einnig 020-25 og 027) í túninu um 350 m vestur af Ytri-Ásum. Þar hefur hann komið niður á hleðslur á átta stöðum og er greinilegt að fjölmargir kofar hafa verið þar í túninu. Sá staður sem hér er skráður er vestarlega í túninu neðarlega. Hann var um 330 m vestan við íbúðarhúsið á Ytri-Ásum en tæplega 240 m norðvestan við gamla bæinn 001. Hann var ríflega 370 m SSA við 020. Í sléttuðu túni sem enn er nýtt og hallar til suðurs.

Á þessum stað hefur Gísli Halldór Magnússon komið niður á hleðslur þegar hann var að plægja túnin. Gísli Halldór talaði um að greinilega hefði verið rutt úr hluta af hleðslunum á þessum slóðum en neðstu hleðslurnar hefðu þó verið eftir. Engin ummerki sjást nú um mannvistarleifar á yfirborði en einstaka hnútur eru hér og þar í túninu en þær eru ekki afgerandi. Gísli Halldór gat hins vegar bent á grófa staðsetningu staðanna átta og var miða við það í skráningunni þótt rétt sé að taka fram að staðsetning þeirra er ekki mjög nákvæm.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

SF-174:028 *Barnkerling* heimild um landamerki
Til er landamerkjalýsing fyrir Ásajörðina frá 1387 og þar kemur fram örnefnið Barnkerling sem líklega er nafn á vörðu: "Ad Asar eiga ad austann sionhending ur midmundahol og j Borgarklett. ur Borgarklett og j Barnkiellingu. ur Barnkiellingu oc j fagurhol". Ekki er lengur vitað hvar Barnkerling stóð en hún hefur væntanlega verið á austanverðum merkjum.
Heimildir: DI III, 402-403

SF-174:029 tóftir fjárhús 528346 352338
Tóft er um 50 m norðaustan við býli/fjárhús 030 og 330 m austan við bæ 001. Þar er allstór ungleg tóft auk annarrar lítillar. Að sögn Gísla Halldórs Magnússonar, heimildamanns, var síðasti bærinn um í Koti á þessum stað en e.t.v. gæti hann þó hafa verið um 50 m austar, sjá 030.

Minjarnar eru í dálítilli kvos vestan við Kotgil. Um kvosina liggur vegur niður að fjárhúsum. Mikill grasvöxtur og illgresi er í kring og sérlega mikið af njóla í meintri bæjartóft.

Tóft A (til hægri) horft til ASA, tóft B til vinstri, horft til norðausturs

Tóftirnar eru á svæði sem er 32x11 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Sú tóft sem heimildamaður benti á sem mögulega bæjartóft A er í suðausturhluta svæðisins. Hún er grafin að hluta inn í halla til NNV og VSV. Tóftin er um 11x 11 m að stærð. Í henni eru þrjú greinanleg hólf. Í norðurvesturenda er hólf I sem er 8x2 m að innanmáli og snýr suðvestur-norðaustur. Úr suðvesturhluta þess er breitt op til suðausturs inn í hólf III sem er norðaustan undir lágri brekku. Það er 6x2 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Samsíða því norðaustanverðu er hólf II. Það er 6x5,5 m að innanmáli, breiðast í suðausturenda en mjókkar lítillega í norðvesturenda. Óljóst op er út úr hólfinu í suðurhorni. Mögulega var tóftin lengri til suðausturs og er ógreinilegur kantur sem liggur áfram til suðausturs frá austurhorni tóftarinnar en hann er í vegkanti og kann að hafa myndast við vegagerðina. Veggir tóftarinnar eru að mestu úr torfi, lágir og fremur mjóir. Þeir eru 0,5 m á hæð utanmáls og mest tæpur 1 m á breidd. Þeir eru úr lagi gengnir og rof í þeim hér og hvar. Lítil tóft B er 20 m norðvestan við tóft A, ofan við veg. Tóftin er ofarlega í kvosinni og grafin inn í brekku að hluta. Hún er um 4x4 m að stærð og í henni er eitt greinanlegt hólf í norðurhluta tóftarinnar. Það er 0,5x2 m að innanmáli og snýr nálega austur-vestur. Op er á því í suðvesturhorni. Annað hólf virðist hafa verið syðst í tóftinni en það hefur því verið vegna vegagerðar. Veggir tóftarinnar eru 0,6 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð. Hefur það að líkindum gegnt hlutverki útihúss.



Tóftir SF-174:029

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Ásar, 2

SF-174:030 *Kot* gerði býli 528388 352311
"Vestur af Villingshól er mýrarstykki, sem kallað er Heimamýri. Hún er milli túnanna á býlunum. Milli túnanna voru fjárhústættur. Nú er þar fjárhús og hlaða [030]. Þarna var nefnt Miðásar, nú alltaf nefnt Kot. Þar hjá liggur niður gil, sem heitir Kotsgil. Þessi nöfn sanna, að hér hefur verið býli áður fyrr," segir í örnefnalýsingu. Ekki er vitað nákvæmlega hvar býlið Miðásar eða Kot en það var á svipuðum stað og fjárhús eru enn og áður voru eldri fjárhús á sama stað. Um þau hús segir í örnefnaskrá: "Milli túnanna voru fjárhústættur. Nú er þar fjárhús og hlaða," segir í örnefnalýsingu. Á Bæjarteikningu Dana frá 1904 er sýnt hús á þessum stað og á túnakorti frá 1920 fyrir Eystri-Ása er sýnt hús og gerði á þessum sama stað við Kotgil. Fjárhús og gerði eru vestanvert við Kotgil um 370 m austan við bæ 001. Fjárhúsin eru á stalli eða hjalla í brekku til suðurs og gerðið er í brekkunni neðan við. Fjárhúsin eru úr blönduðu efni og voru byggð í kringum 1960 á sama stað og eldri

Núverandi fjárhús SF-174:030A, til hægri (horft til NA) og kálgarður B til hægri (horft til NV)

fjárhús. Þau eru enn í notkun. Gerðið er hins vegar það sama og teiknað var á túnakortið 1920. Líklegast hefur býlið verið á þessum stað þótt raunar sé mögulegt að það hafi verið um 30 m vestar þar sem var skráð tóft 029. Ekki er vitað hvenær síðast var búið á þessum stað eða hvenær býlið fór í eyði. Sléttað tún er allt í kringum minjarnar nema til austurs þar sem Kotgil er. Í túninu neðan við og vestan eru miklar ójöfnur og útlit fyrir gríðarmikið magn minja sem sléttað hefur verið yfir (sjá 031). Njóli og illgresi er í kringum fjárhús en gerðið er að mestu grasi vaxið og þar er mikið um kúmen en einnig stöku njóli.

Minjarnar eru á svæði sem er 70x68 m að stærð og snýr norður-suður. Nyrst eru ung fjárhús og sambyggð hlaða undir þaki (A). Saman eru þessar byggingar um 21x11 m að stærð og snýr fjárhúshlutinn í norður-suður og hlaðan austur-vestur. Hlaðan er aftan og norðan við fjárhúsin. Hún er aðeins um 1 m breiðari en fjárhúsin. Hlaðan er niðurgrafin og veggir hennar eru grjót- og torfhlaðnir en bárujárn á timburgrind er í þeim hlutum veggja sem standa verulega upp úr jörðu. Fjárhúsin eru hlaðin úr grjóti að mestu leyti en einnig torfi sem hlaðið hefur verið meðfram ytri brún veggja. Suðurgafl fjárhúsanna hefur verið steyptur og eru stórar dyr á honum. Einnig hefur verið steypt ofan á hlaðna langveggi. Í innanverðum veggjum fjárhúsanna eru um 8 umför hleðslu úr hraungrýti og þar eru þeir 1,5 m á hæð. Tveir timburgarðar eru í þeim og fjórar krær. Veggirnir



Fjárhús og kálgarður SF-174:030

eru um 1 m á breidd og hæð þeirra utanmáls er um 1 m. Austurhlið húsanna er grafin inn í halla. Bárujárn er á þaki. Framan við fjárhúsin er jarðvegsstallur sem nær 10 m til suðurs. Gerðið (B) framan við fjárhúsin er í halla mót suðri. Það er um 52x70 m að stærð og snýr austur-vestur. Gerðið stendur enn vel en rof er komið í torfhlaðna veggi þess á stöku stað. Á það sérstaklega við suðvestan við fjárhúsin. Veggir gerðisins eru hæstir um 1 m og þar sem þeir standa best er þeir um 1 m á breidd.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Ásar, 2; Bæjarteikning Dana 1904, Túnakort Eystri-Ása 1920

SF-174:031 þúst útihús 528309 352301
Óræðar minjar eru í sléttuðu túni neðan við fjárhús 030 og austan við núverandi íbúðarhús. Svæðið nær frá gamla bæjarstæði Ytri-Ása 001 og langleiðina að Kotgili (sjá 029) til austurs.
Minjarnar eru í sléttuðu túni í halla til suðurs.

Svæðið sem um ræðir er 300x80 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Innan þess eru að minnsta kosti átta útflött mannvirki sem hægt er að skilgreina og lýsa en fleiri enn óljósari minjar eru undir sverði. Austast á svæðinu eru nokkrar skýrt afmarkaðar hólmyndanir sem fá bókstafina A, B og C. Suðaustast er þúst A. Hún er 8x6 m að stærð, snýr austur-vestur. 40 m norðan við hana er þúst B og er hún um 8 m í þvermál. 20 m vestan við þúst B er þúst C og er hún 9x7 m að stærð, snýr nálega norður-suður.

Þúst SF-174:031. Á mynd til vinstri er horft til norðurs en til suðausturs á mynd til hægri

Um 60 m vestan við þessar þústir eru nokkuð skýrir hryggir D, E og F sem liggja þvert á túnið frá NNA til SSV. Hryggur D er austast og er hann litlu lengri en hinir tveir eða 70 m á lengd. Hann er 4 m á breidd og 0,1 m á hæð, algjörlega útflattur. Hryggur E er þar vestan við. Hann er greinilegur efst og neðst og er hann 2 m á breidd og 0,1 m á hæð. Hryggir E og F eru 54 m á lengd og liggja samsíða hrygg D. Hryggur F er vestan við hrygg E. Hann er mjög afgerandi og er 4 m á breidd. Hærra er niður af honum til austurs en vesturs. Í honum eru lægðir. Um 25 m eru á milli hryggjanna. Frá SSV-enda hryggjar E er stallur G neðarlega í brekkunni sem nær 76 m til VNV, líklega þvergarður. Óreglulegar lægðir eru í hann í VNV enda. Um 60 m vestan við stall G er stór kúpt þúst H sem snýr er 23x8 m að stærð og snýr austur-vestur. Hann er 0,4-0,5 m á hæð. Óljós mörk eru á honum í vesturjaðri sem er upp við girðingu. Sú girðing skilur á milli ræktaðs túns og þess hluta gamla heimatúnsins sem ekki er sleginn og í eru miklar minjar um gamla bæinn á Ytri-Ásum. Þústin er neðst í brekku og er aflíðandi halli frá honum til suðurs. Ætla má að þústirnar á svæðinu séu leifar af útihúsum en hryggir og stallar eru útflattir garðar sem afmarkað hafa akra.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SF-174:032 renna leið 528050 352217

Leið er merkt inn á Bæjarteikningu Dana frá 1904 sem lá frá bæ 001 að ferjustað 005. Frá ferjustaðnum lá svo leið SF-175:055 að Eystri-Ásum. Óveruleg ummerki eru enn sýnileg um leiðina í óröskuðum hluta gamla heimatúnsins þar sem hún liggur frá horni bæjar 001 og kálgarðs 015 til austurs.

Flati er í túninu þar sem leiðin sést, neðan við aflíðandi halla. Grunn renna sést í túninu á um 20 m kafla sem liggur austur-vestur. Hún er 1,5 m á breidd og 0,1-0,2 m á dýpt. Framhald leiðarinnar sést ekki vegna túnasléttunar og landbrots.



Leið SF-174:032 sem lá frá bæ að ferjustað samkvæmt Bæjarteikningu 1904

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots
Heimildir: Bæjarteikning Dana 1904

SF-174:033 þúst útihús 528045 352239

Lítil en skýrt afmörkuð þúst er í kverk á milli tóftar 016 og bæjartóftar 001, beint norðaustur af opi inn í efri bæjarhúsin. Hlutverk hennar er ekki þekkt en líklega hefur hér verið lítið útihús.



Þúst SF-174:033. Á ljósmynd til vinstri er horft til SSA

Er í aflíðandi halla til suðvesturs í grösugu túni. Þústin er sporöskjulaga, 6x4 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Hún er fremur flöt að ofan og lítillega gengin í þúfur. Þústin er 0,2m á hæð. Þvert í gegnum hana miðja er eins og örmjó renna, líklega fjárgata.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SF-174:034 garðlag hlutverk óþekkt 528438 352277
Garðstúfur er fast norðaustan við gerði 030B á suðvesturbarmi Kotgils og um 400 m austan við bæ 001. Hann er eldri en gerði 030B og tengist því ekki en gæti hins hafa verið samtíða útflöttum minjum 043 um akurgerði vestan við gerði 030B.

Garðlag SF-174:034. Á mynd til vinstri er horft til ANA en til NNV á mynd til hægri

Fornleifin er í aflíðandi halla til SSA í órækt ofan við sléttað tún. Allt í kringum hana er grasgefið og girðing meðfram Kotgili liggur yfir hann. Garðurinn er um 9 m á lengd, liggur frá gilbrún í norðaustri til suðvesturs að gerði 030B. Garðurinn er 2 m á breidd og 0,2 m á hæð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SF-174:035 tóft hlutverk óþekkt 527905 352365
Stór tóft er efst (nyrst) í Litlagili um 185 m norðvestan við bæ 001. Ekki er ljóst hvaða hlutverki hún hefur gegnt en hún hefur nokkuð hringlaga form og gæti verið af fjárborg þó að hún sé helst til of nálægt heimatúninu til þess að það sé líklegt. Tóftin er á tungu á milli tveggja gilskorninga og er í halla til SSV. Allbratt er fram af henni til SSV og hefur hún sigið undan halla. Leið liggur fram hjá tóftinni en það er sameinuð leið tveggja gatna, SF-661:028 og SF-661:007 og liggur hún yfir gilið fast neðan við.



Tóft SF-174:035

Tóft SF-174:035. Á mynd til vinstri er horft til norðurs en til suðurs á mynd til hægri

Grösugt smáþýft svæði á milli gilskorninga. Tóftin er einföld, líklega að mestu torfhlaðin. Hún er um 8x9,5 m að stærð, snýr NNA-SSV. Hún norðurhluti hennar gæti verið grafinn inn í hallann. Utanmál tóftarinnar er ógreinilegt en skýrast er það efst og nyrst. Þar hafa veggirnir ekki samlagast umhverfinu eins og víðast annarsstaðar. Innanmál tóftarinnar er greinanlegt en ekki mjög skýrt. Veggir eru signir og eru hæstir um 0,6 m syðst í tóftinni. Innri brún á suðurhlið sést ekki og líklegt að á þeirri hlið hafi verið dyraop, jafnvel timburþil með dyrum.
Hættumat: engin hætta

SF-174:036 þúst hlutverk óþekkt 528442 352263
Í túnjaðri suðvestan við Kotgil 034 er óregluleg þúst eða útflattur veggur sem myndar L og virðist vera horn á garðlagi eða öðru mannvirki. Veggurinn er um 15 m sunnan við garðlag 034 og fast



Þúst SF-174:036. Á ljósmynd til hægri er horft til austurs

suðaustan við gerði 030B. Minjarnar eru raskaðar af efnistöku í gerði 030B og túnrækt.

Minjarnar eru í aflíðandi halla til SSA í órækt ofan við sléttað tún. Þær eru grasi grónar. Veggurinn er 12 m langur frá austri til vesturs og beygir til suðurs í austurenda þar sem hann er 6 m langur. Austurhluti veggjarins er greinilegastur og þar er hann 3 m á breidd og 0,2 m á hæð. Mjög óljóst mótar fyrir innanmáli hólfs í innanverðu horninu sem veggurinn myndar. Það er um 2x3 að innanmáli og snýr norður-suður.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SF-174:037 garðlag hlutverk óþekkt 527925 352272
Afgerandi hryggur, líklega fornt garðlag, liggur fram á bakka Eldvatns um 10 m VNV við tóft 018 og 100 m VNV við bæ 001. Stöðugt brotnar af bakkanum og eru minjarnar í stórhættu af þeim sökum. Meint garðlag er í mjög aflíðandi halla til SSV í þeim hluta gamla heimstúnsins sem ekki er lengur sleginn. Grasgefið er því á og í kringum minjarnar.

Garðlag SF-174:037. Á mynd til vinstri er horft til NNV en til ASA á mynd til hægri

Garðurinn er 17 m langur og liggur í sveig frá NNA til suðurs. Hann er 3 m á breidd og 0,4 m á hæð að vestanverðu en lægri að austanverðu. Hlutverk garðsins er óljóst og eins tengsl hans við tóft 018.
Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

SF-174:038 þúst hlutverk óþekkt 528039 352200
Fast ofan við (norðan) við tóftina eru slegin tún. Sunnan við er Eldvatnið en annars eru slegin tún í halla til suðurs umhverfis. Bærinn er neðst í brekkunni og stendur h.u.b. í jafnsléttu en upp frá honum tekur við brekka. Fast ofan við (norðan) við bæjartóftina 001 eru slegin tún. Sunnan við þústir er Eldvatnið en annars eru slegin tún í halla til suðurs umhverfis. Bærinn er neðst í brekkunni og stendur h.u.b. í jafnsléttu. Þústirnar eru á grasbletti milli kálgarðs að norðan og brún Eldvatns að sunnan.

Á þessum slóðum eru tvær þústir eða hryggir sem skráðar eru saman enda gætu þeir verið hluti af sama gerði þótt ýmislegt annað gæti komið til greina. Hryggur A er vestar. Hann er um 7 m langur og 1-2 m á breidd en 0,1-0,2 m á hæð. Um 20 m austan við A er svo þúst B. Hún er breiðari eða um 8 m löng en 6 m breið og 0,2 m á hæð. Sem fyrr segir markast þústirnar af brún Eldvatns til suðurs en kálgarði 015 til norðurs. Alls er óvíst að þær tengist.
Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

SF-174:039 þúst útihús 528001 352268
Sigin og ógreinileg tóft er í gamla heimatúninu, austan við afgerandi lægð og sunnan við ræktað tún, um 15 m norðvestan við bæ 001. Ætla má að tóftin hafi gegnt hlutverki útihúss þar sem hún er innan heimatúns og nærri bæ. Mikill grasvöxtur er og í kringum tóftina sem er í aflíðandi, smáþýfðum halla til SSV.



Kálgarður SF-174:039. Á ljósmynd er horft til VNV

Tóftin virðist einföld, er um 8x8 m að stærð en NNA hlið hennar sem grafin er inn í hallann er ógreinileg. Veggir tóftarinnar eru greinilegastir á SSV hlið þar sem þeir eru 0,3 m á hæð. Op er á miðri SSV-hlið. Fast ASA við tóft er greinileg lægð sem er um 3x6 m að innanmáli, grafin inn í brekkuna. Er hún í halla til SSV. Ekki er ljóst hvernig eða hvort lægðin tengist tóftinni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SF-174:040 varða hlutverk óþekkt 527669 353692
Landamerki milli Ytri- og Eystri-Ása lágu um Krossfell. Þar er varða á merkjum (sjá 041) en önnur varða er um 480 m norðan við þá fyrrnefndu og er ekki ljóst hvaða tilgangi hún hefur gengt þar sem hún er ekki á merkjum. Varðan er um 1,5 km norðan við bæ 001.

Varða SF-174:040. Á mynd til vinstri er horft til norðvesturs en til suðvesturs á mynd til hægri

Varðan er á hóltoppi mosavaxins fells. Hún er nokkuð sigin og fornleg. Hún er um 1,5 m í þvermál en 0,3-0,4 m á hæð, vaxin mosa og skófum.
Hættumat: engin hætta

SF-174:041 varða landamerki 527633 353213
Syðst á Krossfelli eru vörður sem voru á merkjum milli Ytri- og Eystri-Ása samkvæmt Gísla Halldóri Magnússyni heimildamanni. Á þessum stað sjást raunar tvær vörður (A og B). Varða A er suðaustar og er fornlegri, varða B er ungleg og er á hátindi Krossfells. Toppur Krossfells er fremur flatur og vaxin mosa á köflum.

Vörður SF-174:041 A og B. Varða A er til vinstri, horft til vesturs en varða B til hægri, horft til VNV

Varða A er suðvestar. Hún er 2 x 1,5 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Neðsti hluti hennar er alveg gróinn en upp úr honum stinga sér um 0,3 m að grjóti (2-3 umför). Varða B er 45 m norðvestan við vörðu A. Hún er á klöpp og virðist mjög nýleg. Hún er 1 x 0,8 m að stærð og 0,8 m að stærð og er alveg ógróin.
Hættumat: engin hætta

SF-174:042 *Jarðbrúargil* heimild um samgöngubót 526682 353501
"Milli Hlöðumýrarholts og Krossafellsmýrar er gil, sem heitir Jarðbrúargil. Það liggur vestur í Tungufljóti. Norðan við gilið er Jarðbrúarmýri, sem einnig liggur að Tungufljóti," segir í örnefnalýsingu. Leið SF-661:007 lá yfir Jarðbrúargil um 660 m NNA við jarðbrú 009 í Lambafellsmýri og 1,9 km norðvestan við bæ 001. Nafn gilsins gefur til kynna að jarðbrú hafi verið gerð yfir það. Skaftártunguvegur (208) liggur litlu ofar og norðaustar en leið SF-661:007 lá áður.

Gilið er gróið og ekki ýkja djúpt. Miklir skorningar eru í því þar sem leiðin liggur yfir það og skörð inn í bakka þess sem myndast hafa af umferð. Ekki sjást skýr ummerki um jarðbrú yfir gilið.
Heimildir: Ö-Ásar, 2

SF-174:043 garðlag akur 528308 352300
Útflött garðlög sjást sem hryggir í túni vestan við fjárhús og gerði 030 og tæpum 300 m ANA við bæ 001. Minjarnar eru í brekku mót suðri í sléttuðu túni.

Garðarnir sjást á svæði sem er 55x30 m að stærð og snýr austur-vestur. Garður A liggur í L

Garðlög SF-174:043 sjást sem hryggir eða línur í sléttuðu túninu. Á mynd til vinstri er horft til SV en til vesturs á mynd til hægri

frá suðausturhorni á gerði 030B á 55 m löngum kafla og beygir svo upp til norðurs á 25 m löngum kafla. Hornið sem garðurinn myndar er rúnað. Garðurinn er 3-4 m á breidd og 0,3-0,4 m á hæð. Á miðju svæðinu sem garðurinn afmarkar er óljós hryggur/garður B sem liggur norður-suður og skiptir svæðinu í tvo jafnstóra hluta. Hann er um 20 m á lengd, sést ekki neðst í brekkunni. 4-5 m á breidd og 0,1 m á hæð. Staðsetning garðanna og lögun þeirra gefur sterklega til kynna að þau hafi afmarkað akra sem tilheyrðu að líkindum Mið-Ásum eða Koti, sjá 030. Ætla má að akurgerðin hafi náð austur að Kotgili, undir gerði 030B.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

SF-175 Ásar eystri





Túnakort frá 1920. Ofar er frumrit sem varðveitt er á Þjóðskjalasafni Íslands en á neðri mynd hafa allar þekktar fornleifar verið merktar inn á uppteiknað kort, bæði þær minjar sem sýndar eru á upprunalegu túnakorti og aðrar minjar sem fundust við skráningu

Í Landnámu segir: "Leiðólfr var faðir Þórunnar, móður Hróars Tungugipa. Hróar átti Arngunni Hámundardóttur, systur Gunnars frá Hlíðarenda. Þeirra born váru þau Hámundr halti ok Ormhildr. Vésbrandr hét son Hróars ok ambáttar [...]. Hróar bjó fyrst í Ásum; síðan tók hann Lómagnúpslond af Eysteini, syni Þorsteins tittlings ok Aupar Eyvindsdóttur. ÍF I, 326.
Í Brennu-Njáls sögu segir: "Flosi mælti: "Nú mun ek nefna mína gerðarmenn. Nefni ek fyrstan Hall ok Ozur frá Breiðá, Surt Ásbjarnarson ór Kirkjubæ, Mólf Ketilsson," hann bjó þá í Ásum." ÍF XII, 310. Í neðanmálsgrein í sama riti stendur: "Landn. (371 kap.) segir, að Hróar Tungugoði bjó fyrst í Ásum [sjá ofar], en síðan að Lómagnúpi. Má ætla, að Ketill Móðólfsson hafi síðar búið í Ásum. Milli Hróars og ættar Ketils, voru margvísleg skipti, og flest ill, og lauk með því, að Móðólfssynir vágu Hróar."
c. 1150: "Máldagi fyrir kristbúi á Dalbæ í Landbroti, með landi í Hraungerði, og fjörum og öðrum ískyldum, [er setti Guðni hinn góði]. [...]. [E]n bréfin sem þar eru rituð á eru þessi: 1) afsalsbréf fyrir Eystri-Ásum til þykkvabæjar klaustrs skóg [...]," segir í DI I, 196.
c. 1200: Jarðarinnar er getið í kirknaskrá Páls. DI XII, 5.
c. 1281: Í Árna sögu segir: "[Á þingi] Hafði öll alþýða þá lófatak um þat, utan níu menn þeir sem byskupi fylgdu ok eigi gengu til handa þá er almúginn vægði fyrir valdi konungsmanna. Var fyrstr af þeim Arngrímr Teitsson, annar Snorri ór Ásum [líklega í Skaftártungu] [...]." ÍF XVII, 96–97.
1252: Í Svínfellinga sögur segir: "Þar var ok Þórarinn Snorrason ór Ásum [er reið með Ögnmundi bónda]," segir í Sturlungu II, 98.
1343: Jarðarinnar er getið í máldaga Maríukirkju á jörðinni (DI II, 784-785).
1350: "Hallgeir Andrésson ábóti í þykkvabæ í Veri lýsir egin ítökum og landamerkjum þykkvabæjarklausturs [sic]. Falsbréf. [...] Þá var þar kaupstaðr sem heitir Kúðhólmi í útsupr af Ásúm í Skaptártungu [...]," segir í DI II, 854.
1387: Jarðarinnar er getið í máldaga Maríukirkju á jörðinni (DI III, 402-403).



Bæjarteikning Dana frá 1904. Öll mannvirki sem sýnd eru á kortinu teljast til fornleifa og voru skráð (sjá minjakort aftast í skýrslu). Innfellda kortið er nærmynd af túni Eystri-Ása. Kortið er fengið af vef LMÍ

Yfirlitsmynd af Eysti-Ásum. Á myndinni er horft til austurs yfir heimatún jarðarinnar og að Villingshóli. Gamla bæjarstæðið sést á trjágróðrinum á árbakkanum þar sem kirkjan stóð en kirkjugarðurinn brotnar nú óðum í Eldvatn. Yngra bæjarstæðið er ofar, til vinstri á mynd og sést þar prestbústaðurinn sem byggður var um miðja 20. öld á svipuðum slóðum og eldri bær og nokkur yngri hús sem risið hafa á síðustu árum og notuð eru við ferðaþjónustu

1467: "Skiptabref eptir Björn Þorleifsson hinn ríka [...]. Olof loptzdotter skal hafa nortunngu oc asana enu eystri oc þat meira j fasteignum er bondinn biorn atti þar oc .xx. c. j hrauni j kelldudal [...]," segir í DI V, 502-503.
1474: "Skiptabréf eptir Björn Þorleifsson. [...]. Asana eystre. og þad meira j fasteign er biorn hafde att þar og xxc j Hraune j Kielldudal," segir í DI XII, 53.
1487: "Sættargerð Magnúsar biskups í Skálholti og Einars Björnssonar, bæði um víg Bjarna Þórarinssonar vegna Einars sjálfs, og svo vegna Þorleifs bróður hans, "sem guð hans sál náði." [...] [Þorleif Bjarnason þarf að borga biskup jarðir í skuld] er suo heita jirdina half asar er liggr æ sidu i skaptártungu fyrir xxx hunndrada [...]. hier med skylldi biskups magnus mega at sier taka jordina bæ og þær .ij. iardinar sem þar sem fylga þegar hann willdj og suo jordina halfa asa er liggur austur a sidu," segir í DI VI, 604.
1490: "Sveinn prestr Jónsson selr í umboði klaustrins i Kirkjubæ Bárði ábóta í Þykkvabæ hálfa jörðina Eystri-Ása í Skaptártungu fyrir allan þann skóg, er síðastnefnt klaustr átti í Brandalandi, og eru ummerki hans [skógsins] tilgreind," segir í DI VI, 697.
1523: Jarðarinnar getið í máldögum Þykkvabæjarklausturs (DI IX, 189).
1570 og síðar: Jarðarinnar getið í Gíslamáldögum (DI XV, 705).
1695/1697: 12 hdr., konungseign, Glebe (tilheyrir prestssetri), skv. The Old Icelandic Land Registers, 338
1783-1784: Í skýrslu Jóns prófasts Steingrímssonar (veturinn 1783-1784) um jarðir sem fóru í Skaftafellssýslu í eldinum segir: "Prestssetur. Þar standa hús, utan kirkjan, sem er fallin; hálf tún eru þar brunnin, ásamt eingjar og allir hagar og melar fyrir sunnan að mestu." Æfisaga Jóns prófasts Steingrímssonar, 342.
1847: 16 hdr., Beneficium, skv. Jarðatali Johnsen, 11. "Með konúngsbréfi 28. Mai 1788 voru Ytri Ásar og Nes (enn í eyði) lagðar til Eystri Ása, og hefir Ása prestur notið jarða þessara síðan, er áður voru þykkvabæjar klausturs eign, og lögðust af í eldgosinu 1783." (JJ, 11).

Um 1850: "Heyskapur á Ásunum, hvað kúahey snertir, er í Skaftártungu einhvor hinn skásti, þar heyskapur, einkum kúaheys er hér alls staðar sáralítill. Útigangur, hvað sauðfé áhrærir, einhvorr hinn lakasti í plássinu. Af þessum jörðum brýtur Eldvatnið mikið af túnum," segir í Sýslu- og sóknalýsingum Skaftafellssýslu, 203.
1850: Eyðibýli: Neshóll, b. 1850, leggst í eyði 1862, skv. Sunnlenskum byggðum VI, 253
1861: 16 hdr. (forn), 18.4 hdr. (ný, þ.m.t. hjáleigan Ytri-Ásar, SF-174), skv. Nýrri jarðabók fyrir Íslands, 8.
1896: Árið 1896 var kirkjan lögð niður og ný reist í Gröf (PP I, 45). "Sóknarkirkja var í Ásum til 1896 en þá var kirkjan flutt að Gröf. Grafreitur Ásakirkju er neðst í túni jarðarinnar. Hann er afgirtur en í nokkurri hættu vegna landbrots af völdum Eldvatnsins." (Sunnlenskar Byggðir VI, 283).
1920: Tún 4,1 ha. Matjurtagarðar 1790 m2, skv. túnakorti frá 1920.
"Í Skaftáreldum 1783 missti jörðin aðalslægjuland sitt undir hraun og Eldvatnið skar í sundur land hennar. Við það rýrnuðu afnot jarðarinnar. En eftir að Ásavatn var brúað kom hraunlandið aftur til afnota. [...] Ásar séu frekar góð bújörð. Nægjanlegt þurrt land til ræktunar," segir í Sunnlenskum byggðum VI, 283.

SF-175:001 *Ásar eystri* bæjarhóll bústaður 528726 352107
Gamli bærinn á Ytri Ásum var neðst í túninu, fast ofan við kirkjugarðinn 002. Greinilegur bæjarhóll er þar sem bærinn stóð en allar leifar síðasta bæjarins eru horfnar. Hóllinn er um 35 m ofan við Eldvatn en tæpum 120 m sunnan við prestssetrið 003 (sem var byggt 1952) en bærinn var færður á þann stað fyrr, einhvern tíma á tímabilinu 1904-1920 en ekki er ljóst hvernig hús reis fyrst á þeim stað. Bæjarhóllinn er neðst í núverandi túni sem er rennislétt í halla til suðurs og er enn slegið. Ofar tekur við talsverð brekka að prestsetri og þjóðvegi. Neðar er gamli kirkjugarðurinn sem er nú kominn í talsverða órækta og svo beljandi Eldvatnið.

Nokkur hólmyndun er á gamla bæjarstæði Eystri-Ása SF-175:001 og sést hún sæmilega á báðum myndum. Á ljósmynd til vinstri er horft til SSV en til vesturs á mynd til vesturs

Eystri-Ásar lágu í eyði frá 1945 til 1952 en þegar byggt var að nýju var bærinn færðu upp í brekkuna þar sem íbúðarhús stendur enn þótt nokkuð sé liðið frá því að síðast var búið í því. Greinilegur bæjarhóll er á þessum stað en engin ummerki sjást um þau hús sem síðast stóðu á hólnum enda hefur hann verið sléttaður. Bæjarhóllinn er um 65 x 37 m stór og snýr ASA-VNV. Hann er allt að 2 m á hæð þar sem hann rís hæst. Allar hliðar hans er vel afmarkaðar og greinilegar nema helst suðurhliðin, sem nær að kirkjugarði og má segja að bæjarhóllinn nái yfir það svæði líka (en þá væri hann ríflega 60 m breiður). Sem fyrr segir eru engar tóftir á hólnum. Austarlega á honum má þó greina líkleg hússtæði en þar vex talsvert öðruvísi gróður en annars staðar á hólnum. Vestar er um 9 x 4 m stóran flöt en 4 m austar
Hættumat: stórhætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1920, Bæjarteikning Dana 1904

SF-175:002 kirkjugarður kirkja 528710 352083
ÁSAR (EYSTRI) Í SKAFTÁRTUNGU (VS) Maríu, Pétri
c. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII 5
[1343]: Asar ä Sijdu gamall maldagi. Mariu kirkia og hins heilaga peturs j asum a borgarfell halft. þridiung j heimalandi. smellta kross. mariu skriptt. tiolld vmmhuerfis sig. vtan eigi vtar vmm þuert. kaleik. messuklædi iij. sloppa ij. oc aknatara kapu. alltara klædi iij oc duka ij. oc eina forduka. kluckur iiij. oc biollur ij. glodar kier oc elldbera. kiertistikur ij. vatzketill ox skijrnar sä. merki j. munnlaugar ij. fontklædi oc rodukross med trie. ij merkr j bokum. stol j. paxblad. messingarkier tuo lijtil. lysikolu. hun a v kyr xxx. asaudar og iiij kugilldis hross. kýr ij. med Bænhusinu j ytrum äsum. þar skal vera prestur oc taka iiij. merkur. þangad liggia iiij. bænhus. tekst mork af einu. vj aurar af odru. half mork af tueimur. þangad liggia vnder vij bæer ad tijundum oc lýsetollum oc allre skylldu. Jtem lagdizt til sidan Geirmundur kom ij kyr oc ij hross. alltarisklædi sæmiligtt fyrer mariualltare med dukum. Máld DI II 784 785.
[1387]: Mariu kirkia ad Asumm ä heimaland allt. A Biskup ad veita edr huer sem hefur logligt Skalholltz stadar vmmbod a Pieturzkirkiu helldur og hefur epter. xx. ära hefd oc halldi. Ad Asar eiga ad austann sionhending ur midmundahol og j Borgarklett. ur Borgarklett og j Barnkiellingu. ur Barnkiellingu oc j fagurhol. sumir hallda j lufhol og þadan sionhending ut j votnin. ad westann þufann sem stendur aa Gardinum firir utan Asagil oc sionhending j ferstikluna sem stendur sudur j myrinni. þadan sionhending oc utannvertt j hestalannd og so sijdan sudur j fosshrauns nef. ad nordan nordur ifir floamyrarkrok. og oll gogn oc giædi innann sagdra landamerkia. Jtem hagabeitar jtak j ytri asa jordu firir xv. kyr oc hundrad asaudar j hälfan mänud j bædi mäl edur mänud j annad mäl. og huad herra Michill giorde meira et cetera. DI III 402 403 [úr vísitatíubók Brynjólfs biskups [AM 262 fol] s. 118, á undan kafla um inventar frá dögum Brynjólfs]
1575: Máld DI XV, Máld DI XV 705
5.10.1896: Kirkjurnar í Ásum og á Búlandi lagðar niður og ein kirkja byggð í Gröf fyrir báðar sóknirnar; (PP, 45) [landshöfðingjabréf]

Kirkjugarður SF-175:002. Á mynd til vinstri sést kirkjugarðshliðið (horft til suðurs) en á mynd til hægri er horft til SSV yfir grunn síðustu kirkjunnar á svæðinu

16.11.1907: Ásprestakall lagt niður og Grafarsókn lögð til Þykkvabæjarklausturs; (PP, 45) [lög]
"Sóknarkirkja var í Ásum til 1896 en þá var kirkjan flutt að Gröf." "Grafreitur Ásakirkju er neðst í túni jarðarinnar. Hann er afgirtur en í nokkurri hættu vegna landbrots af völdum Eldvatnsins." (Sunnlenskar Byggðir VI, 283). Hætt var að nota garðinn árið 1896 en hann var girtur af 1955 (Hildur Gestsdóttir, 2006, 6).

Kirkjugarðurinn er á aflíðandi svæði sem hallar til suðurs, að Eldvatni. Bakki Eldvatnsins er grasi gróinn á þessum slóðum og eru tún ofar slegin en innangarðs er allt í órækt. Ljóst er að suðurhlut garðs hefur sigið eitthvað og að Eldvatn hefur höggvið stór skarð úr bakkanum víða, m.a. skammt vestan við garðinn. Hann er því talinn í stórhættu vegna landbrots.

Kirkjugarðurinn er um 40 x 22 m stór og snýr ASA-VSV eins og hlíðin. Garðinum hallar til suðurs. Sálnahlið er fyrir miðri norðurhlið og hefur útskorin fjöl, merkt "Ásakirkja" verið ofan hliðsins en bæði skilti og hlið liggja nú brotin utangarðs. Garðurinn er girtur vírgirðingu með

steyptum hornstoðum. Vírgirðingin gengur áfram niður hlíðina að vestanverður og hangir syðsti staurinn (í suðvesturhorni) fram af gilinu að sunnan. Ekki er hægt að sjá grjót- eða torfhleðslu um garðinn en talsverður bratti er niður af honum til vesturs (1-1,5 m) og í framhaldi að suðurvegg er hóltunga sem gæti verið sambland af uppsöfnun og náttúrulegri brekkubrún. Bæjarhóll 001 rennur aukinheldur saman við kirkjugarð þannig að erfitt er að dæma hvar hinum eiginlega bæjarhól sleppir og mögulegt að brekkubrúnin sunnan við garð geti talist hin eiginlega brún bæjarhóls. Garðurinn var á kafi í sinu þegar hann var skráður og því erfitt að greina möguleg leiði. Í garðinum má greina



Kirkjugarður SF-175:002

undirstöðu síðustu kirkjunnar sem stóð á þessum slóðum. Hún er 9 x 8 m stór. Veggir grunnsins eru 0,8-1 m á breidd en 0,6 m á hæð. Grunnurinn er algróinn en þó sér glitta í hleðslu á stöku stað. Við suðvesturhorn kirkjunnar er minningarmark um sr. Brand Tómasson prest á Eystri Ásum 1880-1891. Í garðinum eru 8 tré; 4 birkitré, 3 reynitré og stakt barrtré. Árið 2006 voru teknir nokkrir könnunarskurðir í kirkjugarðinum vegna rannsóknar á áhrifum flúors á heilsu fólks á svæðinu (Hildur Gestsdóttir. 2006, 6-7). Þá fundust þrjár merktar grafir í garðinum allar frá seinni hluta 19. aldar. Teknar voru 11 litlir könnunarskurðir innan kirkjugarðs og leiddu þeir m.a. í ljós að varðveisla beina er mjög góð í garðinum. Í sjö af skurðunum 11 fundust gripir, perla, járngripir, leirker og gler. Gripirnir voru flestir frá 19. öld.

Heimildir: DI XII 5, Máld DI II 784 785, DI III 402 403, Máld DI XV, Máld DI XV 705, PP, 45, Túnakort 1920; Sunnlenskar Byggðir VI, 283. Hildur Gestdóttir. 2006, 6-12

SF-175:003 *Ásar eystri* bæjarstæði bústaður 528783 352233

"Við höldum yfir brúna á Eldvatni og förum heim í tún á Ásum. Þar hefur verið byggt nýbýli og er því tvíbýli í Ásum. Tún jarðanna [Ytri-Ása SF-174 og Eystri-Ása] skilur aðeins lítið mýrarsund," segir í örnefnalýsingu. Bærinn á Eystri-Ásum var fluttur af eldra bæjarstæði 001 efst í túnið á milli 1904 þegar bæjarteikning danskra mælingarmanna var gerð og 1920 þegar túnakort var gert fyrir jörðina. Ekki er ljóst hvort búið hafi verið á báðum bæjarstæðunum fyrst um sinn en árið 1920 virðist eingöngu vera búið á yngra bæjarstæðinu. Bærinn var fluttur um 150 m til norðausturs, á

sama stað og úthús sem sýnt er á bæjarteikningunni frá 1904. Stórt steinsteypt íbúðarhús var reist 1952 á yngra bæjarstæðinu og má ætla að það sé á sama stað og eldri íbúðarhús. Bæjarstæðið er 40-50 m suðvestan við miðlínu Skaftártunguvegar (208) þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir. Það telst því í stórhættu vegna vegagerðar.

Yngra bæjarstæði Eystri-Ása SF-175:003 og prestbústaðurinn sem byggður var á/við bæjarstæðið 1952. Á ljósmynd til vinstri er horft til norðvesturs en á mynd til hægri er horft til vesturs

Bæjarstæðið er efst í gamla heimatúninu fast suðvestan við Skaftártunguveg (208). Túnið er í halla til suðvesturs. Ekki sjást ummerki um gamlar byggingar eða uppsöfnun mannvistarleifa á yfirborði. Ekki er kjallari undir steinhúsinu sem er á bæjarstæðinu en grafið hefur verið fyrir grunni þess inn í aflíðandi halla norðaustan við það. Ætla má að eldri mannvirki á staðnum hafi stórskemmst við þá framkvæmd og litlar líkur til þess að mikið sé eftir af þeim. Framan við íbúðarhúsið til suðvesturs er óræktarblettur þar sem ef til vill leynast mannvistarleifar.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Ásar, 2; Túnakort 1920; Bæjarteikningar danskra mælingamanna 1904; SB VI, 283

SF-175:004 þúst útihús 528759 352063

Ummerki um útihús eru suðvestan undir Villingshól á bakka Eldvatnsins í gamla heimatúni Eystri-Ása, á þeim hluta svæðisins sem ekki er lengur sleginn. Minjarnar eru 40 m suðaustan við bæ 001 og 50 m austan við kirkju 002.

Svæðið er grasgefið og vex elfting á því öllu. Mestur grasvöxtur er í norðvesturenda þess. Eldvatnið brýtur mikið af bökkunum og eru minjarnar í stórhættu af þeim sökum.

Segja má að svæðið sé samfellt rústasvæði sem snýr norðvestur-suðaustur. Það er 65 m á lengd og 40 m á breidd í norðvesturenda en mjókkar hratt til suðausturs og er aðeins 5 m á breidd í suðausturenda. Á svæðinu eru fimm greinanleg mannvirki sem hvert fær bókstaf til aðgreiningar í

Horft yfir þústasvæði SF-175:004. Á mynd til vinstri er horft til VSV en til vesturs á mynd til hægri

lýsingu og hefst hún í norðvesturenda. Þar er lágur stallur A í norðurhorni svæðisins, fast suðaustan við kálgarð 046 sem sýndur er á bæjarteikningu Dana frá 1904. Hann er um 18x18 m að stærð, fremur ferkantaður og flatur að ofan. Suðaustan við stallinn er djúp lægð B. Hún er 13x7 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er breiðust í norðausturenda, mjókkar um miðbikið og víkkar aftur í suðvesturenda. Suðvesturendi hennar er opinn en framan við hann er stallur eða kantur. Lægðin er fremur flöt í norðausturenda en frá um miðju svæðinu hallar til suðvesturs. Suðaustan við lægð B er afgerandi ílangur hryggur eða þúst C sem er skipt í tvennt af djúpri (fjár-)götu. Þústin er slétt og kúpt og er 12x6,5 m að stærð, breiðust í miðju. Hún snýr norðaustur-suðvestur og er 0,5-0,6 m á hæð. Lægð er suðaustan við þústina sem virðist ekki vera sérstakt mannvirki. Þá kemur grunn lægð D sem er nokkuð skýrt afmörkuð. Hún er um 3 m í þvermál og er dýpt hennar 0,2 m. Loks er lægð E sem virðist hafa myndast í rofi sem gróið hefur aftur. Óvíst er því að það séu ummerki um mannvirki. Hún er 12x6 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Lægðin er ekki afmörkuð til endanna. Ekki er útlokað að hún hafi myndast við umferð.
Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

SF-175:005 tóft hlutverk óþekkt 528454 352352
Fornleg og sigin tóft er við Kotgil um 75 m norðaustan við núverandi fjárhús á Ytri-Ásum og er gilið á milli. Tóftin er um 440 m austan eða norðaustan við gamla Ytri-Ása bæinn 174:001 en um 330 m norðvestan við gamla bæjarstæðið á Eystri-Ásum 001. Tóftin er á gilbarmi Kotgils. Raflína liggur yfir svæðið skammt norðvestan við tóftina. Tóftin er á óræktarbletti á milli gils og ræktaðra túna.

Horft yfir tóft SF-175:005. Á mynd til vinstri er horft ASA og til austurs á mynd til hægri

Tóftin er um 22 x 8 m stór en 4 suðaustustu metrar hennar eru orðnir óskýrir, sérstaklega norðaustan. Þá má hins vegar vel greina á loftmynd. Tóftin er sigin og nokkuð fornleg. Veggir hennar eru talsvert miklir um sig og á kafi í gróðri. Innra lag tóftar er nú fremur óljóst en hún gæti hafa skipst í 2-3 hólf og væri þá stærsta hólfið í miðjunni. Veggir tóftarinnar eru 0,3-0,4 m á hæð en allt að 2 m á breidd. Op eða skarð er í tóftina að norðanverðu vestan við hana miðja. Tóftin mjókkar til beggja enda og mætti því kalla hana skálalaga. Hún gæti verið talsvert forn.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SF-175:006 heimild um útihús 528670 352346
Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús um 60 m suðvestan við útihús 007, 75-80 m vestan við útihús 008 og 190 m norðvestan við bæ 003. Það er ekki merkt inn á bæjarteikningu Dana frá 1904 og er því að öllum líkindum yngra en hún. Sléttað tún, nú fóðurkálsakur er þar sem útihúsið var, í brekku til suðurs. Engin ummerki sjást um útihúsið sem hefur horfið við túnasléttun.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1920

SF-175:007 heimild um útihús 528731 352384
Samkvæmt túnakorti frá 1920 og bæjarteikningu danskra mælingamanna frá 1904 var útihús í norðurhorni heimatúnsins, um 210 m norðvestan við yngra bæjarstæði 003 og 300 m NNV við eldra bæjarstæði 001. Engin ummerki sjást um útihúsið á yfirborði. Við úrvinnslu á aðalskráningu á jörðinni sem fram fór 2017 kom í ljós að þetta útihús hafði verið staðsett of langt til norðvesturs. Staðsetningu var þá breytt lítillega og hefur þetta útihús að öllum líkindum farið undir Skaftártunguveg (208) þegar hann var lagður á sínum tíma. Engin ummerki sjást um útihúsið á yfirborði vegna vegagerðar.

Útihúsið var efst í nokkuð bröttu túni sem hallar til suðvesturs. Útihúsið er horfið vegna vegagerðar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1920; Bæjarteikning Dana 1904

SF-175:008 heimild um útihús 528788 352291
Útihús er sýnt á túnakorti frá 1920 og á bæjarteikningu danskra mælingamanna frá 1904. Það var í túnjaðri, um 20 m norðvestan við kálgarð 028, 50 m suðaustan við Sveinshlöðu 009 og 210 m norðan við eldra bæjarstæði 001. Þetta útihús var skráð árið 2016 vegna fyrirhugaðra breytinga á Skaftártunguvegi (208). Við úrvinnslu á aðalskráningu á jörðinni sem fram fór 2017 kom í ljós að þetta útihús hafði verið staðsett of langt til norðvesturs. Staðsetningu var þá breytt en útihúsið var fast neðan við Skaftártunguveg. Það telst í stórhættu vegna vegagerðar því þó að það sjáist ekki lengur á yfirborði kunna leifar af því að leynast undir sverði.

Útihúsið var efst í sléttuðu túni sem er í allbrattri brekku til suðvesturs. Engin ummerki sjást um útihúsið í túninu og er ekkert þar sem gefur staðsetningu þess til kynna, eins og ójöfnur eða gróður sem er frábrugðinn því sem er annarsstaðar í túninu. Það hefur að öllum líkindum verið sléttað í tún en einnig kemur til greina að það hafi horfið vegna vegagerðar.
Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Túnakort 1920; Bæjarteikningar Dana 1904

SF-175:009 *Sveinshlaða* tóft hlaða 528751 352323
Á túnakorti frá 1920 er sýnt allstórt útihús ofarlega í túni. Það er hins vegar ekki sýnt á bæjarteikningu danskra mælingamanna frá 1904 og er því líklega yngra en það. Útihúsið var 200 m norðan við eldra bæjarstæði 001 og 120 m norðvestan við yngra bæjarstæði 003. Á þeim stað er stæðileg hlöðutóft sem nefnist Sveinshlaða og samtengt eldra mannvirki norðvestan við hana.

Sveinshlaða SF-175:009. Á mynd til vinstri er horft til suðvesturs en til norðurs á mynd til hægri

Sveinshlaða var byggð á árunum 1930-1940 að sögn Gísla Halldórs Magnússonar, heimildamanns. Það eru því eldri byggingar sem sýndar eru á túnakorti og er ekki vitað hvert hlutverk þeirra var en ætla má að það hafi verið einhvers konar útihús. Sveinshlaða er 16 m suðvestan við miðlínu

Skaftártunguvegar (208) þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir og telst því í stórhættu vegna vegagerðar.

Tóftin er í túnjaðri fast suðvestan við Skaftártunguveg (208). Túnið er í allmiklum halla til suðvesturs. Heildarstærð tóftarinnar er 23x14 m og snýr hún norðvestur-suðaustur. Í suðausturhluta hennar er Sveinshlaða sem er 15x13 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 5x6 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hlaðan er niðurgrafin um 1 m og eru veggir hennar um 2 m á hæð innanmáls. Norðausturveggurinn er enn hærri eða 2,5 m, og er sú hlið grafin inn í aflíðandi halla. Grjóthleðslur eru í innanverðum veggjum nema norðausturvegg. Einnig er torf í veggjum. Í dyraopi sem er á miðjum suðvesturvegg sjást 10 umför hleðslu. Opið er að falla saman en enn standa hleðslur suðaustanvert í opinu. Norðvestan við hlöðuna er annað hólf eða annað mannvirki og er það torfhlaðið. Það er þríhyrningslaga og er 9x6 m að innanmáli, mjókkar til norðvesturs. Op virðist vera inn í það í suðurhorni. Veggir þess eru 0,3-0,4 m á hæð og 2-2,5 m á breidd en veggir hlöðunnar eru 4-5 m á breidd. Hólfin virðast vera samtengd en hlaðan er mun yngri að sjá en hólfið norðvestan við hana. Nokkur hólmyndun er undir norðvesturhluta tóftarinnar og ljóst að mannvirki hafa verið á þessum stað í langan tíma.



Sveinshlaða SF-175:009.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Túnakort 1920

SF-175:010 hleðsla fjós 528807 352215

Samkvæmt túnakorti frá 1920 og bæjarteikningu danskra mælingamanna frá 1904 var útihús efst í túni, í norðausturjaðri þess. Að sögn Gísla Halldórs Magnússonar, heimildamanns, var fjós yngri bæjarins 003 á þessum stað en ætla má að fyrir flutning bæjarins hafi þarna verið annars konar útihús. Brotakenndar leifar af fjósinu sjást enn á yfirborði, á milli nýlegs sumarhúss og íbúðarhússins á bæjarstæði 003. Á myndinni sést reyndar að þarna voru tvö hús sem virðast hafa verið sambyggð, líklega fjós og hlaða. Byggingaleifarnar sem enn sjást eru af húsinu sem stóð nær íbúðarhúsinu og var líklega fjósið en meint hlaða er horfin og var hún þar sem sumarhúsið stendur. Minjarnar eru 33 m suðvestan við miðlínu Skaftártunguvegar (208) þar sem fyrirhugaðar eru

Hleðsla SF-175:010. Á ljósmynd til vinstri er horft til austurs en til vesturs á mynd til hægri

framkvæmdir og teljast í stórhættu vegna vegagerðar.

Talsvert rask hefur verið í kringum fjósið sem hefur verið rifið að mestu leyti. Malarplan er fast norðaustan við það og girðing liggur yfir norðausturvegg þess. Skurðir vegna frárennslislagna hafa verið grafnir á svæðinu og hefur ekki gróið fyllilega yfir það jarðrask. Það eina sem sést skýrt af fjósinu er norðausturendi þess sem hefur verið grafinn inn í aflíðandi halla. Hleðsluleifarnar sem sjást eru 13x5 m að stærð og snúa norðvestur-suðaustur. Þær eru skýrastar í norðurhorni. Mesta hæð hleðslunnar er 0,7 m. Ekki sést í grjót.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1920; Bæjarteikning danskra mælingamanna 1904; SB VI, 283

SF-175:011 heimild um leið 528694 352125

Gata eða leið er merkt inn á túnakort frá 1920 sem lá frá kálgarði 057 vestan við bæjarhól 001 og að bæjarstæði 003. Leiðin lá um ræktað tún vestan við bæjarhól 001 og tóft 051 til norðausturs upp aflíðandi brekku. Mikið rask hefur átt sér stað í túni vegna ræktunar og sléttunar. Neðan við bæjarstæði 003 er nýlegur fóðurkálsakur og skurðir auk jarðrasks vegna vatnslagna og rotþróa fyrir ferðaþjónustuhús. Engin skýr ummerki sjást um leiðina en greinanlegur slakki er fast norðvestan við bæjarhól 001.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

SF-175:012 hleðsla fjárskýli 528174 351928

Hraunhellir sem nýttur var sem fjárskýli er í Ásahrauni sunnan við Eldvatn þar sem heitir Klappir austan við Ásafit. Hellirinn er um 330 m suðaustan við Ytri-Ása og 600 m vestan við Eystri-Ása. Framan við og í hellismunnanum eru hleðslur sem mynda lítinn forskála.



Hellir SF-175:012. Á ljósmynd til vinstri er horft til NNA

Hellirinn er í suðurbrún mosagróins hrauns. Grasi gróið er framan við hann og verið er að græða upp sendið hraun sunnan við hann. Hann er rakur eða blautur að innan og laust grjót er í botni hans. , mosi, burknagróður.

Hellirinn sjálfur er um 10 m á lengd og er jafnan 4 m á breidd þó að ekki hafi verið hægt að stika innanmálið nákvæmlega vegna þess hversu lágur hellirinn er. Hellirinn er víða 1,2 m á hæð en lækkar eftir því sem innar dregur. Hann hefur stefnuna norðaustur-suðvestur. Úr opi hellisins í suðvesturenda eru um 0,5 m ofan á gólf hans. Grjóthleðslan framan við og í hellismunnanum er um 2 m á breidd og rúmur 1 m á breidd, snýr nálega austur-vestur. Hlaðið er sitthvoru megin við

dyraop sem er um 0,6 m á breidd og 1 m á hæð. Þessar hleðslur ná ofan í hellishólf, eða því sem næst, vestan við opið en ná ekki eins langt niður austan við það. Stórar þunnar hraunhellur eru svo ofan á veggjahleðslunum og mynda þak. Ekki sjást neinar hleðslur eða mannaverk inni í hellinum.
Hættumat: engin hætta

SF-175:013 garðlag hlutverk óþekkt 528750 352360
Í norðvesturhluta gamla heimatúnsins á Eystri-Ásum má greina óljósan hrygg í sléttuðu túninu sem er í talsverðum halla til suðvesturs. Hann er vafalaust útflattur garður sem liggur þvert á túnið. Á loftmynd af túninu má greina annan hrygg litlu norðvestar en hann er ekki greinanlegur á yfirborði. Útflatti garðurinn sem hægt er að sjá á yfirborði er fast norðvestan við þúst 039 og fast sunnan við Sveinshlöðu 009 en 180 m norðan við bæ 001. Ekki er útilokað að þessir þvergarðar í túninu hafi afmarkað tún nafnlauss býlis við Hjáleiguhóla 017 sem hafi síðar verið sameinað túni heimajarðarinnar. Garðurinn sem sést á yfirborði er 25 m suðvestan við miðlínu Skaftártunguvegar (208) þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir en hinn meinti garðurinn virðist vera 4 m suðvestan við miðlínu vegarins. Þeir eru því báðir í stórhættu vegna vegaframkvæmda.

Útflattir garðarnir eru í sléttuðu túni sem er í nokkrum halla til suðvesturs. Sá garður sem greina má á yfirborði er 90 m á lengd og 4,5 m á breidd. Hann liggur suðvestur-norðaustur. Um 90 m norðvestar er hinn garðurinn sem hægt er að greina á loftmynd en sést ekki á yfirborði. Hann er 80 m á lengd og virðist álíka breiður og hinn garðurinn.
Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Ásar, 1

Útflattur garður SF-175:013, horft til suðvesturs

SF-175:014 *Stekkjartúnshólar* örnefni stekkur 529191 351053
"...Langás. Austur af Langás eru Stekkjartúnshólar. Um þá lá gamli Þjóðvegurinn," segir í örnefnalýsingu. Stekkjartúnshólar eru um 1,1 km SSA við bæ 001, fast austan við þjóðveg 1. Allt í kringum þá er mosagróið en úfið Ásahraun. Stekkjartúnshólar eru grónir hólar og hæðir. Þar er lítilsháttar trjárækt en aðallega vex á svæðinu gras, mosi og lyng.

Gengið var um allt svæðið sem er um 180x50 m að stærð og fundust engin ummerki um stekk á því. Ætla má að Stekkjartúnið sem hólarnir draga nafn sitt af hafi farið undir hraun og er líklegt að það hafi einnig verið örlög stekkjarins.
Heimildir: Ö-Ásar 1

SF-175:015 *Ferjuhólmi* örnefni ferja 529133 352185
"Þar austur af, úti í vatninu, er hólmi, sem heitir Háihólmi. Þar sunnar er annar lægri, sem heitir Ferjuhólmi," segir í örnefnalýsingu. Vetrarferja var á Eldvatni um Ferjuhólma norðan við brúna yfir ána og er hún merkt inn á bæjarteikningu Dana frá 1904. Ferjustaðurinn var skráður á austurbakka árinnar. Samkvæmt vörðuðu leiðinni sem endar þarna á bakkanum var hann að öllum líkindum um 20 m VSV við meint naust 067 og 400 m ANA við bæ 001. Leið SF-661:023 liggur að ferjustaðnum úr suðri og vörðuð leið 043 liggur frá honum til norðurs í átt að Nesi SF-

175b:001/002. Samvkæmt dönsku bæjarteikningunni mætti ætla að ferjan hafi verið um 50 m sunnar en vel má vera að ferjustaðurinn hafi tekið einhverjum breytingum á 20. öldinni.

Ætla má að ferjan hafi verið fast sunnan við hrauntanga sem gengur til vesturs úr Ásahrauni. Þar er sandur undir grónum hraunbakka. Auðvelt aðgengi er að ferjustaðnum en hafa ber í huga að miklar breytingar verða á þessu svæði ár hvert. Það á sérstaklega við á vesturbakkanum en þar er ekki auðséð hvaðan ferjunni. Engin ummerki um ferjustaðinn sjást en renna hefur grafist niður á leið SF-661:023 sem liggur niður að staðnum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ásar 2; Bæjarteikning Dana 1904



Ferjustaður SF-175:015 merktur inn á Bæjarteikningu Dana frá 1904

SF-175:016 garðlag áveita 529089 352029

Unglegur áveitugarður er neðan við Skaftártunguveg (208), 58 m norðaustan við garðlag 027 og 365 m suðaustan við yngra bæjarstæði Eystri-Ása 003. Garðurinn er í flatlendri, smáþýfðri mýri.

Garðurinn er 37 m á lengd, siginn og genginn í þúfur. Hann er 0,7-0,8 m á breidd og 0,3 m á hæð. Mjó renna er meðfram honum að suðaustanverðu. Í henni er vatn og rennur það til norðausturs út í Eldvatnið og hefur myndast skarð þar í bakkann. Garðurinn nær að gamla akveginum 030. Ekki er sýnilegt framhald af honum hinum megin við veginn.

Garðlag SF-175:016, horft til norðausturs

Hættumat: engin hætta

SF-175:017 *Hjáleiguhólar* frásögn býli 528759 352375

"Upp af túni Eystri-Ása eru lágir hólar, sem kallaðir eru Hjáleiguhólar. Þeir munu að mestu farnir í veginn," segir í örnefnalýsingu. Hjáleiguhólar eru hólaröð við jaðar gamla heimatúnsins á Eystri-Ásum. Skaftártunguvegur (208) liggur um hólana, fast við túnið og hefur mikið rask orðið á svæðinu vegna vegagerðar. Að sögn heimildamanns, Gísla Halldórs Magnússonar, voru rústir hjáleigu við hólana en þegar núverandi vegur var lagður hafi þær rústir horfið. Fyrirhugaðar framkvæmdir eru á Skaftártunguvegi þar sem hann liggur um Hjáleiguhóla og eru því minjar á svæðinu í stórhættu vegna vegagerðar en ekki er ljóst hvort einhverjar minjar um býlið eru enn á svæðinu eða hversu umfangsmiklar þær eru.

Allbrattar brekkur eru beggja vegna við Hjáleiguhóla. Suðvestan við þá er sléttað tún Eystri-Ása og norðaustan við þá var til skamms tíma óræktaður mói en nú (2016) er þar fóðurkálsakur. Uppbyggður og malbikaður vegurinn liggur svo um hólana með tilheyrandi raski.

Mjög þröngar aðstæður fyrir býli eru á milli Hjáleiguhóla og túns Eystri-Ása og kann því hluti túnsins hafa tilheyrt hjáleigunni þegar það var í byggð en ekki er vitað hvenær það var. Ekki er vitað nákvæmlega hvar býlið var en líklegur staður er austan undir einum hæsta hólnum í hólaröðinni. Þar eru ýmsar ójöfnur sem virðast hafa myndast vegna rofs. Engar sýnilegar minjar um býlið eru á yfirborði.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Ásar, 2

SF-175:018 *Vörðugil* varða hlutverk óþekkt 528275 354108

"Ef við höldum svo inn með Eldvatninu, verður fyrir lækur, sem heitir Vörðugilslækur. Hann rennur eftir Vörðugili," segir í örnefnalýsingu. Vörðugilslækur í Vörðugili á upptök sín suðvestan undir háum hól með myndarlegri vörðu á og má ætla að hann dragi nafn sitt af henni. Varðan er á hól sem hefur blásið upp að nokkru leyti en er aftur orðinn mosagróinn. Varðan er um 1,1 km norðvestan við fjárborgir 069 og 2,1 m norðan við bæ 001.



Varða SF-175:018. Á ljósmynd til vinstri er horft til vesturs en til austurs á mynd til hægri

Hóllinn sem varðan er á er innan um fleiri mosavaxna hóla í grónu mólendi. Mjög víðsýnt er frá vörðunni. Varðan er mjög gróin, sérstaklega í botninn og nánast allan hringinn upp í topp en ekki er gróið yfir efstu steinana. Grænkan stafar af fugladriti. Varðan er um 1,5 m á kant en ekki sést hvort hún er ferköntuð eða hringlaga. Hún er um 1 m á hæð og í henni sjást 5 umför hleðslu í norðurhorni. Grjótið í henni er blandað; blágrýti og sandsteinn eða móberg. Ekki er ljóst hvaða hlutverki varðan hefur gegnt.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ásar 2

SF-175:019 *Borgarhóll* heimild um fjárskýli 528446 353477

"Þá er Borgarhóll, nokkuð mikill hóll, og þar norður af heitir Þrælsþúfa," segir í örnefnalýsingu. Borgarhóll er næsti hóll norðvestan við fjárborgir 069 og gæti dregið nafn sitt af þeim. Hóllinn er 600 m sunnan við vörðu 018 og 1,4 km norðan við bæ 001. Talsvert jarðvegsrof er í hólnum sem hefur gróið aftur.

Borgarhóll er smáþýfður og grasi vaxinn en þar sem jarðvegsrofið í honum hefur gróið aftur vex mosi og lyng. Engin ummerki um fjárborgir fundust á hólnum eða umhverfis hann. Hafi þær verið á hólnum er möguleiki á því að þær hafi horfið vegna jarðvegsrofs.

Heimildir: Ö-Ásar 2

SF-175:020 garðlag túngarður 528657 352427
Leifar af torfhlöðnum garði eru fast suðvestan við Skaftártunguveg (208). Þar sést hann á stuttum kafla en er að miklu leyti sléttaður í tún. Framhald garðsins sést aftur við Kotgil 005 en hann var ekki skoðaður þar þegar fornleifaskráning vegna breytingar á Skaftártunguvegi fór fram 2016. Garðurinn hefur gegnt hlutverki túngarðs og vörslugarðs. Hann er 8 m suðvestan við miðlínu Skaftártunguvegar (208) þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir og er því í stórhættu vegna vegagerðar.

Þar sem garðurinn var skráður er hann að hluta innan og að hluta utan heimatúnsins sem hallar til suðvesturs. Lítill óræktarblettur er norðvestan við garðinn. Garðurinn hélt áfram niður brekkuna og yfir mýri sem hefur verið framræst og ræktuð í tún. Þaðan liggur hún yfir móa að Kotgili sem ekki hefur enn verið ræktaður.

Túngarður SF-175:020, horft til suðvesturs

Garðurinn sést á 16 m löngum kafla næst veginum og liggur norðaustur-suðvestur. Hann er 0,5 m á breidd og 0,3 m á hæð. Heildarlengd garðsins að Kotgili er hins vegar um 230 m. Þar sem garðurinn er umfangslítill má ætla að hann hafi verið hlaðinn undir vírgirðingu. Ekki er víst að garðurinn sé sömu gerðar þar sem hann sést við Kotgil.
Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Ásar 2

SF-175:021 garðlag hlutverk óþekkt 528798 352393
Á nýlegri loftmynd má sjá fornlegt garðlag sem lá frá bakka Eldvatnsins til suðvesturs að gamla akveginum 030. Garðurinn sést ekki lengur á yfirborði nema á stuttum kafla suðvestan við gamla veginn því fóðurkálsakur er nú (2016) á svæðinu norðaustan við gamla veginn. Garðurinn er 40 m sunnan við tóft 040 og 300 m NNA við eldra bæjarstæði Eystri-Ása. Sá hluti garðsins sem sést er í nokkuð brattri brekku norðaustan undir Hjáleiguhólum 017. Þar sem garðurinn er horfinn er meira aflíðandi halli.

Garðurinn var 92 m á lengd eins og hann sást á loftmynd en sá hluti sem enn sést er aðeins 13 m á lengd. Garðurinn er um 4 m á breidd og 0,1 m á hæð. Ekki er ljóst hvaða hlutverki garðurinn gegndi.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

SF-175:022 tóft hlutverk óþekkt 529117 351867

Tóft SF-175:022. Á ljósmynd til vinstri er staðsetning tóftar merkt með rauðum hring (horft til VSV) en á mynd til hægri er horft yfir tóftina og til norðurs

Lítil tóft er frammi á bakka Eldvatns austast á Villingshól. Hún er um 38 m suðvestan við garðlag 023 og 460 m suðaustan við eldra bæjarstæði Eystri-Ása 001. Tóftin er 19 m norðaustan við miðlínu Skaftártunguvegar (208) (fyrirhugaðrar vegtengingar við nýja brú) og er því í stórhættu vegna vegagerðar.

Tóftin er í lægð á milli tveggja hæða í smáþýfðum, grónum móa. Tóftin er einföld og torfhlaðin. Hún er um 4x3,5 m að stærð en suðausturendi hennar er að brotna ofan í Eldvatnið og hefur hún verið lengri til suðausturs. Mesta hleðsluhæð er 0,4 m. Snarbratt er fram af bakkanum og grefur Eldvatnið undan tóftinni.



Tóft SF-175:022

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

SF-175:023 garðlag hlutverk óþekkt 529148 351898

Forn garður liggur til norðvesturs frá vesturbakka Eldvatnsins þar sem það rennur austan við Villingshól, 100 m suðvestan við núverandi brú (2016). Garðurinn er 300 m ASA við eldra bæjarstæði Eystri-Ása 001 og 13 m suðvestan við tóft 027A. Fyrirhugað er að byggja nýja brú yfir Eldvatn og gera nýjar vegtengingar við brúna. Garðurinn mun lenda undir nýrri vegtengingu og raski sem framkvæmdinni tengist á 88 m löngum kafla og er í stórhættu vegna vegagerðar.

Garðurinn liggur frá árbakka til norðvesturs þar sem hann hverfur undir veg austan undir Villingshóli í smáþýfðum móa. Hægt er að fylgja garðinum á 186 m löngum kafla þar sem hann liggur norðvestur-suðaustur. Garðurinn er nánast útflattur og er 0,2-0,3 m á hæð en er víðast um 4 m á breidd. Hvergi sést í grjót í garðinum og er hann að líkindum torfhlaðinn. Girðing liggur ofan á og meðfram garðinum. Girðingarstæðið hefur verið fært til og á nokkrum stöðum sést hvar hlaðið hefur verið undir girðinguna þar sem rof er í garðinum. Lítil tóft (B) er sambyggð garðinum á suðvesturhlið hans. Hún er 42 m norðvestan við suðausturenda garðsins. Tóftin virðist vera einföld og innanmál hennar er mjög óljóst. Að garðinum undanskildum er tóftin 10x6 m að stærð og snýr

Horft yfir SF-175:023 og 027 á mynd til vinstri (til vesturs) en yfir 023 til hægri og til austurs

norðvestur-suðaustur. Mögulegt op er upp við garðinn á suðausturhlið tóftarinnar. Veggjahleðslur eru 0,1-0,2 m á hæð. Annað mannvirki (C) virðist einnig vera sambyggt suðvesturhlið garðsins, 40 m norðvestan við tóft B. Um er að ræða skeifulaga gerði sem er útflatt og einfalt. Að garðinum undanskildum er það 11x13,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Veggjahleðslur eru 0,2 m á hæð þar sem það er hæst, næst garðinum. Ekki er skýrt op á gerðinu en mjótt bil er á milli þess og garðsins. Ekki er ljóst hvaða hlutverki garðurinn gegndi. Landslagið á þessu svæði hefur tekið gríðarlegum breytingum í kjölfar eldgosa og hamfaraflóða en eins og aðstæður eru nú (2016) virðist garðurinn helst hafa getað gegnt hlutverki vörslugarðs.



Garðlag SF-175:023 og sambyggðar tóftir auk tófta SF-175:027

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

SF-175:024 *Réttarhóll* náttúrumin rétt 527711 351870
"Í Ásafit eru margir gíghólar og heitir einn þeirra Réttarhóll," segir í örnefnaskrá. Réttarhóll er um 1 km vestan (VSV) við bæ 001. Hóllinn er stakstæður sprengigígur. Hann er í norðurjaðri Nýja-Eldhrauns um 450 m SSV við eldra bæjarstæði Ytri Ása 174:001.

Réttarhóll SF-175:024. Á báðum myndum er horft til suðausturs

Umhverfis er gróið hraunlendi en hóllinn er í hálfgerðri hvilft í hraunið þar sem er talvert gróið og tún ræktað í hluta hvilftarinnar. Norðar er Eldvatnið. Réttarhóll er að mestu náttúrulegt aðhald, sprengigígur afmarkaður af klettaveggjum í næstum heilan hring. Klettaveggurinn er mishár og hefur verið hlaðið ofan á hann á 2-3 stöðum. Sumt af hleðslunni er fallið en þar sem hún stendur best er hún um 0,4 m há (sjást 1-2 umför af hleðslu) og 1 m á breidd. Hleðslur eru mosavaxnar. Op er á klettavegginn á vesturhlið en tveir stórir steinar eru þar við klettana og má vera að meira grjót hafi verið þar áður. Klettaveggirnir eru allt að 3 m háir. Innanmál gígsins er 7 x 6 m. Botninn er grasi gróinn.



Réttarhóll SF-175:024

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Ásar 5

SF-175:025 *Hólmagerði* garðlag vörslugarður 528917 352322
"Austur frá bæ niður við Eldvatnið heitir Hólmagerði," segir í örnefnaskrá. Hluti gerðisins sést enn meðfram vesturjaðri flatlendishólma við Eldvatnið. Gróinn og vatnslaus farvegur skilur hólmann frá landi og liggur torfbrú 081 yfir hann að gerðinu. Hólmagerði er 320 m norðaustan við bæ 001.

Garðlag SF-175:025. Á ljósmynd til vinstri er horft ASA en til suðurs á mynd til hægri

Hólminn sem gerðið er á er flatlendur og grasi vaxinn. Eldvatnið brýtur stöðugt af bökkum sínum og stendur minjunum stórhætta af landbroti. Garðurinn sem enn sést er hvorki fornlegur né mikill um sig. Hann liggur í hálfhring, er 110 m á lengd og afmarkar svæði með Eldvatninu sem er 95x40 m að stærð og snýr NNV-SSA. Garðurinn er torfhlaðinn, 0,3-0,4 m á hæð og 0,6-0,7 m á breidd. Líklega hefur verið girt ofan á garðinn. Op er á honum miðjum móts við torfbrú 081.
Hættumat: stórhætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Ásar, 2

SF-175:026 *Árnavörðuvatn* örnefni 531733 351944
Á korti sem sýnir örnefni í landi Ása (Eystri- og Ytri-) og er í eigu Gísla Halldórs Magnússonar heimildamanns, er örnefnið Árnavörðuvatn merkt austan við Ásahraun og sunnan við þjóðveg 1. Örnefnið er hins vegar sýnt nokkru norðar á Herforingjaráðskorti frá 1905. Vatn rann úr Eldvatninu um fjölda kvísla í hraunlendi á milli Skaftártungu og Meðallands fram til 1962 þegar teppt var í kvíslarnar. Eftir það hvarf vatnið í Ásakvíslum og Árnavörðuvatni en það var að líkindum um 3 km austan við bæ 001 og 1,1 km norðaustan við áveitu 076. Ekki er vitað hvar Árnavarða sem vatnið kann að vera kennt við hefur staðið. Á þessu svæði er mosagróið hraun og verið er að græða upp sanda í hrauninu með lúpínu og trjágróðri. Mikill lúpínugróður er þar sem áður var Árnavörðuvatn.

Gísli Halldór Magnússon, heimildamaður, kannaðist ekki við að hafa séð vörðu á þessu svæði sem vatnið getur hafa dregið nafn sitt af. Svæðið sem kemur til greina er gríðarstórt og erfitt yfirferðar vegna gróðurs og hrauns. Það reyndist því ekki unnt að leita að vörðu í kringum gamla vatnsstæðið. Ekki er ósennilegt að varða eða vörður sem vatnið dregur nafn sitt af hafi verið við einhverja af þeim leiðum sem liggja um svæðið, t.d. Botnaveg SF-661:031.
Heimildir: Örnefnakort í eigu Gísla Halldórs Magnússonar; Herforingjaráðskort 68 SA 1905

SF-175:027 tóftir hlutverk óþekkt 529144 351950

Lítil fornleg tóft er litlu norðaustan við garðlag 023. Önnur ógreinilegri tóft eða þúst er fast austan við hana. Minjarnar eru frammi á bakka Eldvatnsins, vestan við háan hól sem er sunnan við brúna yfir ána. Minjarnar eru 13 m norðaustan við garðlag 023, 58 m norðaustan við tóft 022 og 455 m suðaustan við eldra bæjarstæði Eystri-Ása 001. Tóftirnar eru 65 m norðaustan við miðlínu Skaftártunguvegar (208) (fyrirhugaðrar vegtengingar við nýja brú) og eru því utan áhrifasvæðis hans. Þær eru hins vegar í stórhættu vegna landbrots.

Tóft SF-175:027. Á ljósmynd til vinstri er horft til suðvesturs en til norðausturs á mynd til hægri

Tóftirnar eru í smáþýfðum grónum móa á lágri brún sem virðist hafa myndast á mörkum rofsvæðis. Það kann að hafa myndast þegar núverandi Skaftártunguvegur (208) var lagður.

Minjarnar eru á svæði sem er um 15x7 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Tóft A er austast á svæðinu. Hún er einföld og sporöskjulaga og virðist torfhlaðin. Tóftin er um 7,5x6 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Óljóst op er í austurhorni. Mesta hæð veggja er 0,5 m og innanmál tóftarinnar er nokkuð skýrt. Tóft eða þúst B er 4 m austan við tóft A. Hún er 5-6x3 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er óregluleg í laginu en í henni má óljóst greina eitt hólf sem er 2x0,5 m að innanmáli. Mannvirkið er 0,2-0,3 má hæð.



Tóftir SF-175:027

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

SF-175:028 heimild um kálgarð 528785 352267

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var kálgarður 10-20 m norðvestan við yngra bæjarstæði Eystri-Ása 003. Kálgarðurinn var fyrst skráður árið 2016 vegna fyrirhugaðra breytinga á Skaftártunguvegi (208). Við úrvinnslu á aðalskráningu á jörðinni sem fram fór 2017 kom í ljós að þessi kálgarður var litlu suðaustar en áður hafði verið talið. Staðsetningunni var breytt í kjölfarið en hann var fast neðan við Skaftártunguveg og er í stórhættu vegna vegagerðar.



Kálgarðurinn (reiturinn með X innan í) eins og hann er merktur inn á túnakort frá 1920. Til hægri við hann var órækt og neðan hans bæjarstæði 003 (breið lína)

Kálgarðurinn var í túnjaðri í brekku mót suðvestri og liggur Skaftártunguvegur fast norðaustan við túnið. Engin ummerki sjást um kálgarð í túninu eða hlaðið gerði umhverfis hann vegna sléttunar.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1920

SF-175:029 garðlag túngarður 528869 352145

Hluti af túngarði sést enn í jaðri gamla heimatúns Eystri-Ása, norðvestan undir Villingshóli. Garðurinn er á milli tveggja útihúsatófta 037/038 og er 100 m suðaustan við yngra bæjarstæðið 003 og 150 m norðaustan við eldra bæjarstæðið 001. Túngarðurinn er 30 m suðvestan við miðlínu Skaftártunguvegar (208) þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir og er í stórhættu vegna vegagerðar.

Garðurinn er í túnjaðri, efst í brekku sem hallar til suðvesturs. Túngarðurinn sést á 50 m

Túngarður SF-175:029. Á ljósmynd til vinstri er horft til SSA en til norðurs á mynd til hægri

kafla þar sem hann liggur NNV-SSA. Garðurinn er torfhlaðinn og stendur nokkuð vel. Á túnakorti frá 1920 er sýndur túngarður meðfram norðausturjaðri túnsins og norðvesturenda þess. Túnið á túnakortinu er um 300x200 m að stærð og afmarkaði túngarðurinn hluta þess (300x110 m). Garðurinn sem sést enn er 1-1,5 m á breidd og 1 m á hæð þar sem hann er hæstur. Rafmagnsstrengur hefur verið lagður í gegnum garðinn miðjan og skiptist hann því í tvo hluta.

Garðurinn endar til SSA við Villingshól og til NNV við tóft 037. Ekki er ljóst hvort tóftin hafi verið sambyggð garðinum. Ekki sjást önnur ummerki um túngarðinn í túnjaðrinum og hefur hann verið sléttaður eða horfið við vegagerð. Mögulega er garður 020 einnig hluti af túngarðinum þó að hann sé talsvert umfangsminni.
Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Túnakort 1920

SF-175:030 vegur samgöngubót 528789 352435
Gamall ruddur vegur liggur samsíða Skaftártunguvegi (208) að norðaustanverðu. Aldur vegarins er ekki þekktur og óvíst að hann sé nógu gamall til að geta talist til fornminja samkvæmt skilningi laganna en er engu að síður skráður sem minnisvarði um gamla vegagerð á svæðinu. Vegurinn sést á tveimur stöðum, annars vegar norðaustan í Hjáleiguhólum (sjá 017) og hins vegar þar sem hann liggur frá brúnni á Eldvatni og yfir mýri framhjá áveitugarði 016. Á milli vegkaflanna er nýlegur fóðurkálsakur. Síðarnefndi hlutinn er 18 m norðaustan við miðlínu Skaftártunguvegar (208) þar sem hann er næstur veginum. Þar er 125 m langur kafli af gamla veginum innan 50 m áhrifasvæðis Skaftártunguvegar þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir og er því í stórhættu vegna vegagerðar. Fyrrnefndi hlutinn við Hjáleiguhóla er utan áhrifasvæðis vegarins.

Vegur SF-175:030. Á ljósmynd er horft til VNV

Vegurinn liggur um Hjáleiguhóla og norðaustan undir þeim í grónum móa og svo sést hann aftur í nokkuð blautri mýri áður en komið er að brúnni yfir Eldvatn.
Vegurinn sést á svæði sem er 670x25 m að stærð og snýr norðvestur-suðausturs. Í norðvesturenda svæðisins, við Hjáleiguhóla, sést vegurinn á 105 m löngum kafla og er hann talsvert niðurgrafinn þar, sér í lagi í norðvesturenda þar sem hann beygir til suðausturs. Þar er hann 3 m á breidd og 1-2 m á dýpt. Vegurinn sést aftur 365 m suðaustar. Þar er hann greinilegur á 215 m löngum kafla og sést sem lítið niðurgrafinn slóði.
Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

SF-175:031 vegur samgöngubót 528978 351940
Upphlaðinn vagnvegur liggur niður suðurhlíð Villingshóls á leið frá eldra bæjarstæði Eystri-Ása 001 að brú yfir Eldvatn, sjá 041. Vegurinn er utan áhrifasvæðis Skaftártunguvegar (208) (fyrirhugaðrar vegtengingar við nýja brú) en leiðin sem hann er á liggur yfir áhrifasvæðið og er hún því í stórhættu vegna vegagerðar.

Vegur SF-175:031. Á ljósmynd til vinstri er horft til VNV en á mynd til hægri til vesturs

Leiðin liggur sunnan í Villingshóli í allbrattri brekku og yfir hann suðaustanverðan. Á svæðinu er gróinn, fremur sléttlendur mói.

Engar götur sjást á leiðinni en vegurinn sést á 90 m löngum kafla þar sem hann stefnir norðvestur-suðaustur. Hann er 1,5-2 m á breidd og er ytri brún hans lítillega upphlaðin. Hún er hæst 0,3 m. Hvergi sést í grjót og er vegurinn gróinn. Ekki sést framhald af veginum til norðvesturs en í brekkunni þar er mikið af fjárgötum. Fjárgötur liggja einnig eftir veginum og áfram til suðausturs eftir að veginum sleppir. Suðaustan við veginn sjást líka hjólför eftir stóran bíl eða vinnuvél.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

SF-175:032 tóft rétt 529295 351952
Gömul grjóthlaðin réttartóft er á austurbakka Eldvatnsins, í Eldhrauninu sunnan við Skaftártunguveg (208), um 140 m austan við tóft 027A og 590 m suðaustan við yngra bæjarstæði Eystri-Ása 001. Tóftin er komin fram á þverhníptan bakka Eldvatnsins í fremur sléttlendum lyngmóa. Gamall vegur, nú slóði, liggur fast austan við tóftina.

Rétt SF-175:032. Á ljósmynd til vinstri er horft til VNV en til norðausturs á mynd til hægri

Réttartóftin er hlaðin úr hraungrýti. Hún er nánast hringlaga og er 15x14 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur. Hlykkur er á veggjahleðslu í norðvesturhorni þar sem hún sveigir út. Þar er tóftin breiðust. Veggur liggur þvert yfir tóftina og skiptir henni í tvö hólf sem eru svipuð að stærð. Veggurinn liggur frá suðaustri til norðvesturs en nær ekki alveg yfir tóftina og er 2,5 m breitt op á

milli hólfa við norðvesturenda hans. Suðvestara hólfið er sýnu stærra en það norðaustara. Op er á tóftinni á miðri suðvesturhlið. Þar er einn stakur steinn. Nánast ekkert grjót hefur hrunið úr veggjum tóftarinnar sem eru mosavaxnir. Veggirnir eru mun hærri innanmáls en utan og virðist réttin hlaðin í náttúrulega lægð í hrauninu. Norðausturhlið tóftarinnar er hæst innanmáls eða 1,4 m á hæð og sjást þar 7 umför. Þar er veggurinn hlaðinn á lága hraunbrún. Utanmáls eru hæstu hleðslur 1,3 m. Ekki er ljóst hvenær réttin var byggð eða hversu lengi hún var í notkun. Ljóst er að hún er frá því eftir að Eldhraunið rann og mosavöxtur á henni gefur til kynna nokkuð háan aldur.
Hættumat: stórhætta, vegna landbrots



Rétt SF-175:032

SF-175:033 gata leið 529132 351752
Mjó gata liggur um Eldhraun nærri austurbakka Eldvatnsins. Hún er 40 m austan við vörðu A á leið 661:023 og 240 m suðvestan við rétt 032. Ekki er ljóst á hvaða leið gatan er. Þar sem leiðir liggja um hraun eru ummerkin oft ekki meiri en ein mjó gata en ekki er útilokað að um kindastíg sé að ræða. Gatan liggur yfir fyrirhugaða vegtengingu Skaftártunguvegar (208) á nýja brú yfir Eldvatn og er því í stórhættu vegna vegagerðar.

Gata SF-175:033, horft til ASA

Gatan liggur um mosagróið hraun með lyngmóa inn á milli. Leiðinni var fylgt á 120 m löngum kafla þar sem hún liggur frá gömlum vegi eða slóða nærri bakka Eldvatnsins úr VNV til ASA þar sem hann hverfur í hraunið. Annar gamall vegur eða slóði liggur yfir götuna á miðjum kaflanum. Víðast sést aðeins ein mjó og grunn gata.
Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

SF-175:034 garðlag vörslugarður 528876 352239
Fremur unglegur torfgarður sem hlaðinn hefur verið undir gaddavírsgirðingu liggur frá Skaftártunguvegi (208) niður brekku á flatlendan bakka Eldvatnsins. Garðurinn er 75 m austan við yngra bæjarstæði Eystri-Ása 003 og 45 m sunnan við veg 036. Ætla má að garðurinn hafi gegnt hlutverki vörslugarðs. Hann er 7 m norðaustan við miðlínu Skaftártunguvegar (208) þar sem fyrirhugðar eru framkvæmdir og er í stórhættu vegna vegagerðar.

Garðlag SF-175:034. Á ljósmynd til vinstri er horft til ANA en til noerðausturs á mynd til hægri

Garðurinn liggur um smáþýfðan, gróinn móa. Búið er að slétta yfir garðinn á kafla þar sem gerður hefur verið fóðurkálsakur. Garðurinn lá frá vestri til norðausturs í gleiðu horni og var 112 m á lengd áður en hluti hans var sléttaður. Nú (2016) sjást tveir hlutar hans sitthvoru megin við fóðurkálsakurinn. Vestast er A-hluti þar sem garðurinn liggur niður bratta brekku á 43 m löngum kafla. Þar er hann 0,4 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð. Á flatlendinu á bakka Eldvatnsins er B-hluti sem er 29 m á lengd. Þar er garðurinn aðeins stöndugri og er 0,6 á breidd og 0,3 m á hæð. Þessi hluti garðsins nær nánast að Hólmagerði 025. Þar sem B hluti garðsins endar til suðvesturs liggur annar mjórri garður C af honum til suðausturs fram á bakkann. Hann er 25 m á lengd, 0,3-0,4 m á breidd og 0,2 m á hæð. Við þennan garð er ógróið flag. Saman eru garðarnir á svæði sem er um 110x25 m að stærð og snýr ANA-VSV.
Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

SF-175:035 gata leið 528752 352447
Miklar götur sjást norðaustan í Hjáleiguhólum (sjá 017). Þær hafa sömu stefnu og vegur 030 og Skaftártunguvegur (208) og hafa eflaust legið að yngra bæjarstæði Eystri-Ása 003 og áfram að brú 041 yfir Eldvatn. Göturnar eru 14 m norðaustan við miðlínu Skaftártunguvegar þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir og eru í stórhættu vegna vegagerðar.

Göturnar liggja um bratta brekku í grónum móa. Götur eru í allri brekkunni sem er 20-30 m löng. Í miðri brekkunni hafa myndast tvær djúpar götur en annars eru göturnar víðast fremur

Götur SF-175:035. Á ljósmynd til vinstri er horft til suðausturs en til norðurs á mynd til hægri

mjóar og grunnar. Leiðinni var fylgt á 160 m löngum kafla þar sem hún liggur frá vegi 030 í norðri og hverfur í veghelgi Skaftártunguvegar í suðri.
Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

SF-175:036 vegur samgöngubót 528836 352277
Gamall ruddur vegur er í brekku norðaustan við Skaftártunguveg (208), 65 m norðaustan við yngra bæjarstæði Eystri-Ása og 43 m norðvestan við garðlag 034. Vegurinn er 14 m norðaustan við Skaftártunguveg þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir og er í stórhættu vegna vegagerðar.

Vegurinn liggur eftir gróinni brekku í móa en hverfur í fóðurkálsakur sem nýlega hefur verið ræktaður norðaustan við brekkuna.

Vegur SF-175:036, horft til norðurs

Vegurinn sést á 50 m löngum kafla þar sem hann liggur norður-suður. Líklega hefur hann legið frá bæ 003 og á veg 030. Vegurinn er 2,5 m á breidd og er vesturjaðar hans lítillega niðurgrafinn og austurjaðarinn lágur kantur, ekki hærri en 0,3 m. Aldur vegarins er ekki þekktur og óvíst er að hann sé nógu gamall til að teljast til fornleifa en fær að njóta vafans og er tekinn í fornleifaskrána.
Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

SF-175:037 tóft útihús 528860 352168
Einföld tóft er við NNV-enda túngarðs 029, efst í túni. Tóftin er 95 m suðaustan við yngra bæjarstæði Eystri-Ása og 145 m norðaustan við eldra bæjarstæðið 001. Tóftin er hvorki merkt inn á túnakort frá 1920 né bæjarteikningu danskra mælingamanna frá 1904 og eru því líkur til þess að

Tóft SF-175:037. Á ljósmynd til vinstri er horft til norðurs en til norðvesturs

hún sé yngri en þessar heimildir og því á mörkum þess að geta talist til fornleifa. Tóftin er skráð engu að síður þar sem hún er til vitnis um forna byggingarhefð. Tóftin er 31 m suðvestan við miðlínu Skaftártunguvegar (208) þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir og er í stórhættu vegna vegagerðar. Tóftin er í jaðri sléttaðs túns sem er í brekku mót suðvestri. Ofan við hana, til norðausturs er lágur hóll.

Tóftin er einföld og er 8x6 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Ekki sést grjót í veggjum. Op er á tóftinni á miðri suðvesturhlið. Út frá suðurhorni tóftarinnar gengur hryggur til suðvesturs og er hann 3 m á lengd og 2 m á breidd. Líklegt er að þarna sjáist leifar af eldra mannvirki undir tóftinni. Mesta hæð veggja í tóftinni er 0,7 m.
Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar



Tóft SF-175:037

SF-175:038 tóft útihús 528871 352126

Tóft SF-175:038. Á ljósmynd til vinstri er horft til ASA en til VNV á mynd til hægri

Leifar af tóft sem hefur að hluta verið sléttuð í tún sést innan við túngarð 029, nærri SSA-enda hans. Minjarnar eru 150 m austan við eldra bæjarstæði Eystri-Ása 001 og 140 m suðaustan við yngra bæjarstæðið 003. Tóftarbrotið er 55 m suðvestan við miðlínu Skaftártunguvegar (208) þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir og því utan 50 m breiðs áhrifasvæðis vegarins.

Tóftarbrotið er í túnjaðri norðvestan undir Villingshóli. Það sem enn sést af tóftinni er austurgafl og brot af norðurvegg. Hornið af tóftinni er um 5x4 m að stærð og snýr austur-vestur. Austurgaflinn er 0,6-0,7 m á hæð, ekki sést grjót í honum. Tóftin virðist hafa verið einföld og um 8x5 m að stærð.



SF-175:038

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SF-175:039 þúst hlutverk óþekkt 528754 352303

Útflött þúst er í túni fast suðaustan við garð 013, 75 m norðvestan við yngra bæjarstæði Eystri-Ása 003 og 190 m norðan við eldra bæjarstæðið 001. Hún er 26 m suðvestan við miðlínu Skaftártunguvegar (208) þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir og er því í stórhættu vegna vegagerðar.

Þústin er í sléttuðu túni sem er í nokkrum halla til suðvesturs. Þústin er illgreinanleg en er 13x6 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er ekki hærri en 0,2 m og mjókkar lítillega í norðausturenda. Ekki er ljóst hvers konar mannvirki kann að leynast í þústinni en líklegt er að það sé útihús.

Þúst SF-175:039, horft til suðvesturs

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

SF-175:040 tóft hlutverk óþekkt 528792 352439

Tóft SF-175:040. Á ljósmynd til vinstri er horft til austurs en til vesturs á mynd til hægri

Sigin tóft er fast norðaustan við veg 030, norðaustan undir Hjáleiguhólum 017. Tóftin er 205 m norðan við yngra bæjarstæði Eystri-Ása 003 og 335 m NNA við eldra bæjarstæðið 001. Hlutverk hennar er ekki þekkt en ekki er ólíklegt að um stekkjartóft sé að ræða. Tóftin er í halla til austurs í grónum, smáþýfðum móa. Búið er að rækta fóðurkálsakur fast norðaustan við tóftina og hefur tóftin laskast lítillega við það.

Tóftin er tvískipt og virðist að mestu torfhlaðin. Hún myndar L og er 9x7,5 m að stærð og snýr norður-suður. Innanmál hólfa er nokkuð skýrt. Hólf I er í suðurhluta tóftarinnar. Það er um 5x1 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Op er á því til austurs. Hólf II er í norðurhlutanum og er 2x1 m að

Tóft SF-175:040

innanmáli, snýr norður-suður. Mögulegt op er á hólfinu til austurs. Mesta hæð veggja er 0,2-0,3 m.
Hættumat: stórhætta, vegna jarðræktar

SF-175:041 hleðsla brú 529206 351984
Elsta brúin yfir Eldvatn í landi Eystri-Ása er frá 1907 og telst því til fornleifa. Alls hafa fjórar brýr verið byggðar á þessum stað og nú (2017) er sú yngsta þeirra enn í hættu eftir hlaup í Skaftá haustið 2015 og hefur verið ákveðið að byggja nýja brú litlu sunnar. Vestari brúarstöpullinn af eldri brúm yfir Eldvatn stendur enn fast sunnan við núverandi brú.

Farvegur Eldvatns er um 50 m á breidd þar sem brú hefur verið á ánni í yfir 100 ár. Þar rennur áin í allþröngu gljúfri og hefur brotið mikið af austurbakkanum og breikkað farveginn frá því brú var fyrst byggð á þessum stað. Gróið mólendi er á vesturbakkanum en gróið hraun á austurbakkanum.

Saga brúa yfir Eldvatn er rakin í Framkvæmdafréttum Vegagerðarinnar frá 2015: "Fyrsta brúin var byggð 1907. Þetta var trébrú á hlöðnum stöplum. [...] Brúin er á þremur stöplum, millistöpull stendur á hólma í miðri á. Þessi brú var byggð fyrir hestvagna og herma heimildir að snemma hafi verið farið að kvarta yfir ástandi hennar. [...] Næsta brú var líklega byggð árið 1938 stálbitabrú með trédekki. Svo virðist sem stöplar gömlu brúarinnar hafi verið nýttir en steypt viðbót við þá. Sú brú stóð til 1965 en þá var byggð ný brú. Þann 26. nóvember 1966 varð mikið flóð í ánni og fór svo að hólmurinn í miðri ánni hvarf með öllu og með honum miðstöpull brúarinnar."

Eldra brúarstæðið yfir Eldvatnið SF-175:041. Á ljósmynd til hægri er horft til suðvesturs en til norðurs

Í kjölfar flóðsins 1966 hrundi brúin og brúin sem enn stendur var byggð ári síðar. Brúarstöpull á vesturbakka Eldvatns eru einu sýnilegur leifarnar af elstu tveimur brúnum sem byggðar voru yfir ána á þessum stað. Hann er 5-6 m á lengd og 4 m á breidd og snýr ANA-VSV. Stöpullinn virðist vera hlaðinn úr stuðlabergi sem er að finna undir brúnni og í Miðmundarhóli þar hjá. Hann er 2-2,5 m á hæð og í hleðslum sjást 10 umför. Austast í hleðslum er múrlím sem ekki er annarsstaðar og steypt plata er á austurbrún sem er 0,5 m á breidd, orðin mosavaxin. Gamalt gróið rof er í kringum brúarstöpulinn og nokkuð bratt er niður að honum.
Hættumat: stórhætta, vegna landbrots
Heimildir: http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/fr655-15-2015/$file/fr655-15-2015.pdf

SF-175:042 heimild um útihús 528832 352246
Á ljósmynd af Eystri-Ásum í Sunnlenskum byggðum VI sést útihús sem virðist vera í túnjaðri eða rétt utan túns miðað við afstöðu við fjós 010 og steinhús á yngra bæjarstæðið 003. Engar aðrar heimildir hafa fundist um þetta útihús og aldur þess er ekki þekktur. Af ljósmyndinni sést ekki gjörla úr hvaða efni húsið er byggt en það virðist vera úr blönduðu efni; torfi, grjóti, timbri og

bárujárni. Ekki er víst að útihúsið teljist til fornleifa en ákveðið var að láta það njóta vafans og taka það með í fornleifaskrána. Útihúsið var á milli bæjarstæðis 003 og fjóss 010 en litlu norðaustar. Það er horfið undir Skaftártunguveg (208) og litlar líkur eru til þess að eitthvað hafi varðveist af því. Það er engu að síður talið í stórhættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda á Skaftártunguvegi.

Útihúsið lengst til vinstri eins og það sést á ljósmynd úr Sunnlenskum byggðum VI, 283

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: SB VI, 283

SF-175:043 varða samgöngubót 529281 352690

Vörðuð leið er austan við Eldvatn, á milli þess og úfins hrauns. Hún lá frá vetrarferju 015 og áleiðis til norðurs að Nesi SF-175b:001/002. Næst Nesi liggur leiðin um hraunlendi en víðast liggur leiðin um grasi gróna sanda í jaðri úfins, mosavaxins hrauns.

Varða SF-175:043 A til vinstri (horft til norðurs) og B til hægri (horft til norðurs.

Varða SF-175:043 E til vinstri (horft til VNV) og F til hægri (horft til norðausturs)

Vörður á leiðinni sjást á 760 m löngum kafla, frá norðurenda gróins svæðis þar sem enn eru óbrunnar leifar af eldra bæjarstæðis í Nesi, til vesturs í sveig til suðurs og endar við ferjustað 015. Alls voru skráðar sjö vörður á þessum hluta leiðarinnar. Varða A er fast við túnjaðar gamla Nestúnsins að norðan. Varðan er aðeins ílöng norður-suður og er um 1,4 m í þvermál þar sem

mest er. Hún er rúnuð og 0,6 m á hæð. Varðan er vel hlaðin, úr hraungrýti og er mosavaxin. Varða B er um 83 m VSV við vörðu A. Hún er 0,8 x 1,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðausturs. Varðan er 0,6 m á hæð. Varða C er um 150 m vestan við vörðu B. Varða C er stærst og greinilegust af vörðunum þremur. Frá henni sést varða til suðurs, líklega partur af annarri leið. Varðan hefur líklega verið 1,3 x 1,5 m á stærð en er nú hrunin talsvert til norðurs og er því allt að 2 m í þvermál norður-suður. Varðan er á hraunhól og hefur verið vel hlaðin, er nú mosavaxin. Vestar taka við grónar sandeyrar að Eldvatninu. Um 175 m suðvestar er varða D. Hún er stór og stæðileg og stendur enn. Varðan er mosagróin, hlaðin á stakan hraunklett. Hún er um 1,5 m á hæð ef kletturinn er tekinn með og 1,2x 1 m að grunnfleti, snýr norðvestur-suðaustur. Ekki alveg augljóst hvar vörðunni sleppir og kletturinn tekur við en 5-6 greinanleg umför sjást. Varða E er um 170 m sunnan við vörðu D, og sést á milli þeirra. Hún er á grónu og óbrunnu svæði á milli Eldvatns og hrauns á brún lítils gilskornings og er hún við það að falla ofan í hann til SSV. Varðan er um 1,2 m á kant og 1,2 m á hæð. Í henni sjást 5 umför en hún er sigin og gróin. Varða F er 70 m sunnan við vörðu E, í grónum lyngmóa. Hún er um 1,2x1,2 m að grunnfleti, Hlaðin úr hraungrýti og orðin mosagróin. Varðan er 1,2 m á hæð og sjást 6 umför í henni. Tekið er að hrynja lítillega úr henni til suðvesturs. Varða G er um 115 m sunnan við vörðu F. Hún er enn stæðileg og mosavaxin, er um 1,2 m í þvermál að grunnfleti og 1,2 m á hæð. Í henni sjást 6-7 umför grjóts. Lítillega hefur hrunið úr henni til norðurs.

Hættumat: engin hætta

SF-175:044 *Fremstitangi* tóftir fjárhús 528853 353036

"Ef við höldum svo inn með Eldvatninu, verður fyrir lækur, sem heitir Vörðugilslækur. Hann rennur eftir Vörðugili. Þar norður af eru torfur, sem heita Brekkur. Í þeim eru nokkur nöfn: Fyrst er Fremstitangi. Þar eru nú fjárhús, þá er Borgarhóll, nokkuð mikill hóll...", segir í örnefnaskrá. Á Fremstatanga eru talsvert miklar tóftir og er greinilegt að þær yngstu hafa verið í notkun lengi, fram á 20. öld. Eldri byggingarstig má þó einnig sjá og virðist líklegt að tóftir hafi verið á þessum stað um aldir. Tóftirnar eru um 940 m norðan við bæ 001.

Varða SF-175:043 G. Horft til austurs.



Tóftir SF-175:044

Tóftirnar eru grasi grónum hól, og eru flestar tóftirnar á hóltoppinum. Svæðið er grasi gróið og ræktarlegt og tóftirnar sjást langar leiðir að. Gott beitiland er í kring.

Á þessum stað eru fjölmargar tóftir og þústir á litlu svæði. Samtals ná tóftirnar yfir svæði sem er 43 x 36 m að stærð og snýr norður-suður. Á svæðinu eru 4-5 tóftir eða hólf og nokkrar ógreinilegar þústir til viðbótar. Greinilegast tóftin er tóft A, sem hefur verið notuð sem beitarhús fram á 20. öld. Tóft A er allra norðvestast á svæðinu. Hún er 22-23 x 6-7 m að stærð og snýr h.u.b. norður-suður. Tóftin skiptist í sjálf fjárhúsin sem eru sunnar og eru 4 x 12-13 m að innanmáli. Garði gengur eftir húsunum endilöngum og op er á útvegg þeirra á suðurgafli. Veggir eru úr torfi og grjóti og eru mest um 1,5 m á hæð. Inn af fjárhúsunum hefur verið hlaða. Hún er talsvert dýpri en fjárhúsin en veggir hafa þó hrunið inn í hana að miklu leyti. Hlaðan er þó á.a.g. 4-5 x 3 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er byggð inn í brekkuna og er þar allt að 2 m djúp. Beitarhúsatóftin tilheyrir yngsta notkunarskeiði svæðisins en greinilegt er að allar aðrir tóftir á svæðinu eru eldri en má vera að á meðal þeirra séu nokkur mismunandi fasar eða byggingarstig sem er þó erfiðara að greina á milli þótt tóft E virðist mögulega eldri en flestar hinna. Tóft B er 3-4 m suðaustan við efri hluta (norðurhluta) beitarhúsa A. Tóft B er 8 x 7 m stór. Hún er sporöskjulaga og innanmálið er 3,5 x 3 m. Tóftin snýr nálega austur-vestur. Ekkert greinilegt op er á tóftinni sem

er einföld. Hún er frekar sigin og algróin. Veggirnir eru þó frekar greinilegir nema suðurveggur sem rennur saman við hæð sem er sunnan við. Veggir eru mest 0,4 m á hæð. Sunnan við tóft B og norðan við tóft C er óljóst hólf H. Hólfið virðist e.k. tóft að húsabaki (þá frá C) og stendur hærra en hún. Hólfið er óljóst og gæti hafa verið opið til austurs og mögulega einnig til vesturs þótt vegsummerki séu þar of óskýr til að hægt sé að fullyrða um það. Svæðið er 3 x 6 m að innanmáli. Frá botni hólfsins og niður á jafnsléttu eru um 0,3 m. Hólfið er einfalt og engar grjóthleðslur sjást.

Tóft A til vinstri (horft til suðurs) og tóft B til hægri (horft til ANA)

Tóft C til vinstri (horft til suðvesturs) en tóft D til hægri (horft til suðurs)

Tóft E til vinstri (horft til SSV) og þúst F til hægri (horft til norðurs)

Tóft E er sigin og fornleg, jafnvel fornlegri en aðrar tóftir á svæðinu, nokkur mosi vex í vegghleðslum sem eru víða 0,2 m á hæð. Tóftin er stakstæð ólíkt flestum hinna tóftanna þar sem mörk milli hólfa/tófta eru óljós og renna saman. Veggir tóftarinnar eru 0,2-0,3 m á hæð. Hún er 13 x 5 m að stærð en er skýrust nyrst en suðurhlutinn er úr lagi fallinn og virðist hann hafa skemmst, mögulega hefur vatn eða skriða fært hleðslur þar úr lagi. Suðurhluti vesturveggjar er sérstaklega illa farinn og í raun ógreinilegur allra syðst. 2-3 m suðvestan við enda tóftar er stór þúfa sem gæti verið úr sér gengin og yfirgróinn hluti torfveggjar. Milli hennar og tóftar er dæld og virðist ekki ólíklegt að þar hafi verið e.k. mannvirki. E er einföld tóft sem gæti hafa verið opin til suðurs en ómögulegt er að fullyrða um það. Tóft C er mjög umfangsmikil, rústahóll. Ofan í hann er skýrt hólf, 6-7 x 4,5 m sem snýr norður-suður. Það er ferkantað og niðurgrafið með stórkarlalega veggi. Frá vesturbrún hólfsins og að vesturenda tóftar eru um 3 m en ekki er greinilegt hólf á því svæði hefur er það

einfaldlega upphlaðið svæði eða flati sem hallar örlítið til austurs. Hugsanlegt er að hey hafi verið sett upp á þessum stað. Flatinn nær 1-2 m lengra til suðurs en afgangurinn af tóft C. Beint niður af flatanum er tóft D. Tóft D er ólík öðrum tóftum á svæðinu að því leyti að hún er ekki upp á rústahólnum sjálfum heldur í hlið hans. Suðurhlið hennar stingur sér út úr brekkunni og er afgerandi en norðurhliðin gengur inn í brekkuna og mjög yfirgróin. Tóftin er því í talsverðum halla til suðurs eða SSA. Tóftin er einföld og ekki er hægt að greina op á henni. Hægt er að mæla innanmál hennar í syðsta hluta tóftar og er það 4 x 2,5-3 m. Á svæðinu eru nokkur óljós ummerki. Þar má fyrst nefna niðurgröft H. Hann er á milli hólfa A og C og er grafin hæð. Niðurgröfturinn er 4 x 1 m að stærð, snýr norður-suður og er allt að 0,8 m á dýpt, dýpstur nyrst. Beint fyrir utan (sunnan) við op á yngstu beitarhúsin A, er þúst eða lág hæð, F. Hún er 1,2-1,5 m í þvermál og 0,2 m á hæð. Hæðin er ekki áberandi en fagurgræn og er mögulegt að þarna séu leifar þess sem stungið var út úr beitarhúsunum. Í framhaldi af hæðinni er ógreinileg dæld, G. Hún er 2-2,5 m á lengd en 1-1,5 m á breidd og snýr norður-suður. Dældin er aðeins 0,1 m á dýpt. Ljóst er að ummerki á svæðinu eru mun eldri en beitarhúsið sem þar stendur best og er ekki ólíklegt að þarna hafi verið húsakynni tengd útbeit (sel eða beitarhús) um aldir.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Ásar 2

SF-175:045 *Hlöðuhóll* tóft hlaða 527865 352090
Hlöðuhóll er þrír samfastir gígar sem mynda hól stóran hól í Ásafit. Í miðgígnum er hlöðutóft, austasti gígurinn var notaður sem fjárhús og framan við hann til austurs er torfhlaðið gerði. Minjarnar eru sunnan við Eldvatn, fast norðan við tóftir 086, 200 m suðvestan við bærinn í Ytri-Ásum SF-174:001 og 850 m vestan við gamla bæinn á Eystri-Ásum 001. Ásafit er grasgefið svæði með fjölda lítilla sprengigíga sem hafa myndast þegar hraun rann yfir votlendi í Skaftáreldum 1783. Mosavaxið hraun er austan við Ásafit.



Hlöðuhóll SF-175:045

SF-175:045. Á mynd til vinstri er tóft A (horft til austurs) en hleðsla B á mynd til hægri (horft til ANA)

Gerði SF-175:045 C, horft til veturs

Gígarnir og gerðið eru á svæði sem er um 50x25 m að stærð og snýr austur-vestur. Gígarnir liggja í sveig frá austri til suðvesturs. Suðvestasti gígurinn er grynnstur og eru miklar ójöfnur í botni hans. Ekki er að sjá nein mannvirki í honum en gata að hlöðunni liggur um hann norðvestanverðan. Miðgígurinn er um 6 m í þvermál og er hlaða A hlaðin úr hraungrýti upp við gígvegginn í honum syðst. Tóftin er um 4x6 m að utanmáli og snýr nálega austur-vestur. Hrunið hefur úr hleðslum í norðausturhorni en annars standa hleðslur grónar. Utanmáls eru þær 1,5 m á hæð en innanmáls ríflega 2 m. Þar sjást 10-11 umför. Op er inn í hlöðutóftina á vesturgafli og er hátt í 1 m niður á botn úr dyraopi. Á gólfi hlöðunnar eru timburleifar og bárujárn. Frá miðgígnum eru hraunrenna til austurs í austasta gíginn en ekki er að sjá að hægt hafi verið að fara eftir henni á milli gíga. Í austasta gígnum voru fjárhús B en lítil mannaverk sjást í honum önnur en hleðslur á nokkrum stöðum. Fjárhúsgígurinn er um 5 m í þvermál innanmáls. Op er inn í hann úr suðaustri. Lítils háttar hleðsla er vestan við opið og hrunið hefur úr opinu inn í gíginn. Úr dyraopi er aflíðandi halli, um 1 m há hæð, niður á gólf. Hleðsla lokar opi inn í hraunrennu milli gíga og einnig er hlaðið ofan á gígvegg til ANA. Hlaðnar undirstöður jötu eru undir gígvegg fast sunnan við hleðslu í op hraunrennunnar. Hún er yfirgróin að hluta og er a.m.k. 2 m á lengd, 0,5 m á breidd og 0,3 m á hæð. Í henni sést aðeins 1 umfar. Gígveggurinn er hæstur til suðurs þar sem hann er 4-5 m á hæð og slútir yfir gíginn. Ætla má að þak hafi verið á gígnum þegar hann var notaður sem fjárhús en engin ummerki um þak eða brak úr því sjást. Torfhlaðið gerði C er austan við fjárhúsgíg. Það er 14x17 m að stærð, snýr ASA-VNV, breiðast í ASA-enda. Gerðið er torfhlaðið, tæpur 1 m á breidd og hæð innanmáls en víðast lægri utanmáls. Rof er komið í það á nokkrum stöðum.

Hættumat: engin hætta

SF-175:046 þúst kálgarður 528745 352073
Kálgarður er merktur inn á bæjarteikningu Dana frá 1904 beint austur af kirkjugarði 002, á bakka Eldvatns.



Kálgarðurinn merktur með rauðum hring á bæjarteikningu Dana frá 1904. Til hægri er ljósmynd af sama svæði, horft til VNV

Á sinuvöxnu svæði fast neðan við neðstu (syðstu) tún. Mjög aflíðandi halli er á þessu svæði til suðurs, fram á brun Eldvatnsins. Á þessu svæði er talsvert um óljósar mannvistarleifar (sjá 047, 048, 058, 062 og 064) og gætu mannvistarleifar leynst á enn fleiri stöðum í kring.

Ekki sjást eiginlegar garðhleðslur þar sem kálgarðurinn var en vel er hægt að greina mörk hans. Suðurbrúnin er greinilegust sem eins konar stallur í landinu, í framhaldi af þeim stalli sem kirkjugarðurinn markar. Brekkubrún markar af svæðið til austurs en kirkjugarður markar af vesturjaðar svæðis. Norðurjaðar þess svæðis sem kálgarðurinn hefur verið á er óskýrust. Af ummerkjum að dæma og með stuðningi bæjarteikningar má ætla að kálgarðurinn hafi verið 28 x 12 m að stærð. Hann snéri h.u.b. austur-vestur. Kálgarðurinn virðist kominn úr notkun 1920 þegar túnakort fyrir jörðina er gert.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: Bæjarteikning Dana 1904 og Túnakort 1920

SF-175:047 tóft rétt 528793 352056
Inn á bæjarteikningu Dana frá 1904 er merkt gerði eða rétt um 75 m suðaustan við bæ 001. Á þessum stað má enn greina óljósa tóft og óljósari ummerki í kring (sjá 062 og 064). Tóftin er tæpum 60 m suðaustan við bæjarhól og kirkjugarð 001-002.

Tóftin er á óræktarbletti sem er á milli neðstu túna og Eldvatns. Landi hallar til suðurs, að Eldvatni og svæðið er á kafi í sinu og grasi. Á þessu svæði er talsvert um óljósar mannvistarleifar



Tóft SF-175:047. Á ljósmynd er horft til suðurs

(sjá 046, 048, 058, 062 og 064) og gætu mannvistarleifar leynst á enn fleiri stöðum í kring.

Tóftin/gerðið er nokkuð ógreinileg. Gróflega áætlað má giska á að hún sé 10 x 12 m að utanmáli en 4-5 m á kant að innanmáli. Tóftin er byggð inn í brekkuna að sunnan. Op er á suðurvegg vestan við miðju. Veggir eru allt að 2-3 m á breidd en 1 m á hæð og eru algrónir. Norðurhluti tóftar er talsvert úr lagi genginn. Ólöguleg tóft, 064 er byggð við tóftina en talsvert hærra, eiginlega ofan á veggtoppi norðvesturveggjar.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Bæjarteikning Dana 1904

SF-175:048 þúst útihús 528775 352089
Lítil tóft eða þúst er um 23 m ASA við bæjarhólinn 001 á Eystri-Ásum. Hún er neðarlega í túni og tæpum 60 m SSA við Eldvatn. Þústin virðist að hluta sléttuð í tún og er á mörkum túna og óræktar neðar. Hún er um 46 m austan við norðausturhorn kirkjugarðsins 002.

Þústin er á óræktarbletti sem er á milli neðstu túna og Eldvatns. Landi hallar til suðurs, að Eldvatni og svæðið er á kafi í sinu og grasi. Á þessu svæði er talsvert um óljósar mannvistarleifar (sjá 046, 047, 058, 062 og 064) og gætu mannvistarleifar leynst á enn fleiri stöðum í kring.



Þúst SF-175:048. Á ljósmynd til vinstri er horft til suðurs

Þústin er mjög óskýr og sem fyrr segir virðist nyrsti hluti hennar hafa horfið í túnasléttun. Mikill sinuvöxtur er á svæðinu og gerir það erfiðara en ella að greina lag hennar. Tóftin er um 7-8 m breið en er nú aðeins um 6 m löng en hefur að öllum líkindum náð lengra til norðausturs áður. Veggir eru í raun óljósir hryggir í túninu og ekkert grjót er merkjanlegt í því. Hæð veggja er 0,3-0,4 m. Líklega hefur op verið á suðurvegg, nærri miðju.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

SF-175:049 renna traðir 528791 352018
Traðir lágu heim að bænum í Eystri Ásum úr SSA samkvæmt Gísla Halldóri Magnússyni heimildamanni. Ummerki um traðirnar eru enn merkjanleg en tæld er nú á bakka Eldvatnsins á þessum slóðum.

Renna SF-175:049. Á ljósmynd til vinstri er horft til SA en til ASA á mynd til hægri

Göturnar liggja um óræktarblett sem er á milli neðstu túna og Eldvatns. Landi hallar til suðurs, að Eldvatni og svæðið er á kafi í sinu og grasi.

Á þessum stað má greina dæld í árbakkann og er hún merkjanleg á um 150 m kafla, frá bæjarhóli 001 og til suðurs og suðausturs þar til hún fjarar út við Eldvatnið. Dældin er allt að 4-5 m breið.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

SF-175:050 gata leið 528813 352065

Niðurgrafin leið liggur frá bakka Eldvatns sunnan undir Villingshóli, um 160 m suðaustan við bæ 001 og upp á túnið þar sem hún hættir að sjást um 35 m suðaustan við meinta fjóstóft 051. Hún stefnir að yngra bæjarstæði Eystri-Ása 003. Engin ummerki um hana sjást á milli tóftar 051 og bæjarstæðis 003 vegna jarðræktar og annars rasks.

Götuslóði SF-175:050. Á ljósmynd til vinstri er horft til norðurs en til suðurs á mynd til hægri

Leiðin liggur um sléttað tún sem er að hluta slegið og er í halla til suðvesturs. Lýsingin á leiðinni hefst í norðvesturenda, innan þess hluta túnsins sem enn er sleginn. Þar sést leiðin ógreinilega sem grunn renna á 42 m löngum kafla. Þar er hún um 1 m á breidd og 0,1 m á dýpt. Um 20 m suðaustar sést leiðin aftur þar sem túnið er ekki lengur slegið og er þar djúpur skorningur á 68 m löngum kafla. Hann er allt að 1 m á dýpt og 0,3-0,6 m á breidd.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SF-175:051 tóft útihús 528760 352144

Þúst SF-175:051. Á ljósmynd til vinstri er horft til vesturs en til ANA á mynd til hægri

Gríðarstór útflött tóft er í túni um 20 m norðaustan við bæ 001 og 70 m sunnan við yngra bæjarstæði 003. Tóftin er sigin og mjög fornleg en innanmál hólfa er enn greinanlegt.

Tóftin er á tiltölulega flatlendu svæði í sléttuðu túni neðan við allbratta brekku. Það hallar þó lítillega undan tóftinni til VSV. Fast NNV við tóftina er nýlegur fóðurkálsakur og er tóftin innan þess hluta túnsins sem enn er sleginn.



Tóft SF-175:051

Tóftin er um 44x32 m að stærð og snýr ANA-VSV. Hún skiptist í þrjú hólf sem eru enn greinanleg. Í NNV-hluta eru hólf I og II. Hólf I er ofar og austar en hólf II. Það er 10x4 m að innanmáli og snýr ANA-VSV. Breiðast er það í miðju, mjókkar lítillega til beggja enda. SSV við það lækkar tóftin greinilega og er þar hólf II. Það er um 6x3 m að innanmáli og snýr eins og hólf I. Ógreinileg renna liggur úr því til SSV, út úr hólfi og tóft. Ekki er greinanlegt op á milli hólfa I og II. Hólf III er suðaustan við hólf I, gríðarstórt og hálfmánalaga. Það er um 24 m á lengd þar sem það er lengst (frá SSV til NNA) og 12 m á breidd þar sem það er breiðast í SSV-enda. Veggur sem skilur á milli hólfa I og III er fremur lágur og eins eru veggir lágir í NNA-horni. Ef til vill eru það vísbendingar um að á þessum stöðum hafi verið dyraop. Veggir tóftarinnar eru víðast 6 m á breidd og hæstir 1,4 m á NNV-hlið. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en hér um útihústóft að ræða, mjög líklega forna fjóstóft.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SF-175:052 þúst útihús 528796 352147

Greina má hrygg í túni sem liggur frá útihústóft 037 til suðvesturs og að útflattri tóft 051. Tvær þústir eru við suðvesturenda hans og eru þessar óljósu minjar skráðar saman. Ætla má að þarna séu útflattar leifar af garðlagi og litlum útihúsum. Minjarnar eru um 50 m norðaustan við bæ 001 og 90 m sunnan við yngra bæjarstæði 003.

Þústir SF-175:052. Á ljósmynd til vinstri er horft til norðurs en til austurs á mynd til hægri

Minjarnar eru í sléttuðu túni sem er í halla mót suðvestri. Þær eru á svæði sem er um 55x8 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Efst (norðaustast) er meintur garður A sem er algjörlega útflattur. Hann er um 37 m á lengd, 4 m á breidd og 0,1 m á hæð. Hann verður ógreinilegri eftir því sem lengra dregur til norðausturs og ofar í brekkuna. Þar sem garður A endar til suðvesturs er afgerandi þúst B. Hún er skýrt afmörkuð til suðurs og vesturs, undan halla, en mörk hennar eru ógreinileg til austurs og norðurs. og Þústin er um 8 m í þvermál og er hún um 1 m á hæð á vesturhlið. Hún er lítillega kúpt að ofan. Um 5 m suðvestan við þúst B er lág og lítt afgerandi þúst C. Hún er í minni halla en þúst B. Þúst C er 8,5x5,5 m að stærð og snýr NNA-SSV. Hún er 0,2 m á hæð og fremur flöt að ofan.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SF-175:053 gripir 528646 352146
Í desembermánuði 1993 eða 1994 féll stór sneið af bakkanum ofan í Eldvatnið eftir miklar rigningar. Umrætt svæði er skammt (um 50 m) VNV við kirkjugarðinn 002. Þegar ábúendur könnuðu sárið á sínum tíma komu í ljós mannvistarleifar á um 1,4 m dýpi.

Bakkinn hefur gróið upp á þessum slóðum. Sá hluti hans sem gekk fram í Eldvatnið er lægri

Brotið af bakkanum þar sem viðarleifarnar komu í ljós (SF-175:053) á báðum myndum er horft til ANA

Svæðið sem brotnaði 1993-1994 merkt með rauðum hring en þar fundust viðarleifarnar. Ofan á loftmyndina hefur verið sett bæjarteikning Dana frá 1904. Rétt er að taka fram að ákveðinnar skekkju gætir á kortinu en það gefur þó ágæta hugmynd um landbrotið sem hefur átt sér stað á þessu svæði á síðustu 120 árum

en bakkinn beggja vegna við. Jarðfallið er um 25 m í þvermál og allt að 5 m djúpt. Botn þess hallar til suðurs og er deiglendur. Svæðið er gróið njóla og sinu.

Samkvæmt Gísla Halldóri Magnússyni heimildamanni voru mannvistarlög í meira mæli í austursnið sársins. Þar fannst m.a. ferköntuð spýta ófúin með rákum í og sívalningslaga raftar með rákum í eins og eftir band. Snið jarðfallsins eru löng yfirgróin og því ekki ljóst hvort frekari mannvistarleifar leynast á þessum slóðum en það verður að teljast líklegt.
Hættumat: hætta, vegna landbrots

SF-175:054 garðlag hlutverk óþekkt 528494 352190
Einhvers konar garðlög eða gerði hafa verið neðan við tún á Ytri-Ásum og um 60 m ofan (NNV) við Eldvatn. Garðlögin sjást vel sem tveir samsíða hryggir á loftmynd. Þeir hafa verið um 210 m vestan við bæinn á Eystri-Ásum 001 en um 420 m austan við bæinn á Ytri-Ásum 174:001.

Garðarnir eru fast austan við skurð sem tekur við í framhaldi af Kotgili. Svæðið er á kafi í

Garðlög SF-175:054. Á ljósmynd til vinstri er horft til norðurs en til vesturs á mynd til hægri

sinu þegar það var skráð í september 2017 en ekki fundust þá önnur merki en garðlögin tvö. Skurðir skera svæðið og girðingar liggja um það sem allt gerir það að verkum að erfitt er að ná heildarsýn yfir minjarnar. Garðlögin eru í eins konar kverk eða horni og eru skurðir bæði ofan (norðan) við þau og vestan þeirra.

Garðlögin tvö eru samsíða og gætu hafa myndað gerði saman. Um 12 m eru á milli þeirra. Nyrðra garðlagið er greinilegt á um 22 m kafla frá skurði/Kotgili. Þar liggur nýlegur skurður þvert á það og jafnvel þótt hægt sé að greina óljós ummerki austar verða þau ógreinileg á því svæði. Syðra garðlagið er sem fyrr segir um 12 m sunnan við það efra. Það er hægt að greina á allt að 40 m löngum kafla, þótt það verði óljósara austan við þar sem skurður liggur þvert á það. Garðlögin eru um 2 m á breidd og 0,3 m á hæð. Þau eru algróin og sigin. Ekki er vitað hvaða hlutverki þau gegndu.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

SF-175:055 heimild um leið 528672 352117

Leið er merkt inn á Bæjarteikningu Dana frá 1904 frá gamla bænum á Eystri-Ásum 001 og að ferjustað (sumarferja 174:005). Leiðin hefur legið frá horni kálgarðs 057 og niður brekkuna.

Leiðin hefur verið alveg á árbakkanum, alla leið að ferjustaðnum. Hún hefur legið skáhallt til suðvesturs, að hluta þar sem Eldvatnið hefur nú brotið landi Vestar hefur gatan legið þar sem nú er órækt en vestan við það, þar sem nú eru slegin tún. Hluti leiðarinnar hefur verið á þeim hluta árbakkans sem nú hefur brotnað í Eldvatnið.



Gata SF-175:055. Á myndinni hefur bæjarteikning Dana frá 1904 (þar sem leiðin er teiknuð inn sem svört þykk lína) verið lögð yfir nýlega loftmynd af svæðinu. Á henni má sjá að stór hluti þess svæðis þar sem leiðin hefur legið hefur nú brotnað í Eldvatnið

Ekki er að sjá greinileg ummerki um göturnar (þótt ekki sé hægt að útiloka að einhver ummerki um göturnar að ferjustaðnum megi greina í réttu árferði á óræktarsvæði sem var á kafi í sinu þegar skráð var). Á óræktarpartinum eru reyndar greinilegir slóðar en þeir virðast vera fremur nýlegir.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

SF-175:056 þúst hlutverk óþekkt 528407 352372

Mörg lítil gil liggja saman og mynda stórt gil, Kotgil sem er á milli Ytri- og Eystri-Ása. Lítil tóft er norðvestan við gilið og í raun á hálfgerðri tungu á milli Kotgils og annars gils eða gróins jarðfalls austar. Raflínustaur er á tungunni um 10-15 m suðaustan við tóftina. Tóftin er 45 m norðan við fjárhús sem standa við Kotgil en um 380 m norðvestan við bæ 001.



Þúst SF-175:056. Á ljósmynd til vinstri er horft til ANA

Tóftin er á grasi gróinni tungu milli tveggja gilja. Hún var á kafi í sinu þegar hún var skráð í september 2017. Um 25 m ofar (norðar) er skurður og þá túnskiki sem er sleginn.

Tóftin er einföld og 6 x 3,5 m að stærð. Hún snýr NNA-SSV. Sökum sinu er erfitt að greina nákvæma lögun tóftar og op en hugsanlegt er að það hafi verið á norðurgafli hennar, en allt eins líklegt að ekki hafi verið op á henni og hún hafi verið heytóft. Tóftin er alveg gróin og 0,5 m á hæð. Hvergi sér í grjóthleðslur.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

SF-175:057 heimild um kálgarð 528682 352111

Kálgarður er merktur inn á Bæjarteikningu Dana frá 1904 og Túnakort frá 1920 vestan við kirkjugarð 002. Kálgarðurinn var fast vestan við kirkjugarðinn, í halla til suðurs og suðvesturs, að Eldvatni. Á þessum slóðum er nú óræktarblettur í halla til suðurs og suðvesturs en af Bæjar- og túnakortum að dæma hefur Eldvatnið talsvert étið úr bakkanum á þessum slóðum frá því í upphafi 20. aldar og er líklegt að kálgarðsstæðið sé að talsverðu leyti horfið í Eldavatnið.

Engin ummerki sjást nú um túngarðinn. Á Bæjarteikningunni frá 1904 má sjá að þá hefur garðurinn snúið h.u.b. norður suður og verið álíka langur og kirkjugarðurinn (líklega um 18 m) en sjálfsagt verið 10-12 m á breidd. Á túnakortinu frá 1920 má sjá að þá hefur suðurhluti garðsins verið stækkaður til vesturs og er því L-laga. Þessi syðsti hluti hefur án efa verið á landi sem nú er alveg brotnað í Eldvatnið.



Kálgarður SF-175:057. Á myndinni hefur bæði Bæjarteikning Dana frá 1904 og túnakort frá 1920 verið lagt yfir loftmynd. Kálgarðurinn er þar sem er skástrikaður garður (til vinstri við miðja mynd) er sýndur á danska kortinu en á yngra kortinu má sjá að garðurinn (sem er merktur með X horna á milli) hefur verið stækkaður til norðvesturs og er orðinn L-laga

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: Bæjarteikning Dana 1904 og Túnakort 1920

SF-175:058 þúst útihús 528757 352093

Inn á Bæjarteikningu Dana frá 1904 er merkt stakstætt hús og sambyggður kálgarður fast ofan við kálgarð 046. Húsið/kálgarðurinn hefur verið í austurjaðri bæjarhóls 001.

Húsið hefur staðið þar sem nú er óræktarblettur en slegin tún eru bæði vestan og norðan hans. Svæðið er í halla til suðurs, að Eldvatni. Dæld er austan svæðisins. Á þessu svæði er talsvert um óljósar mannvistarleifar (sjá 046, 047, 048, 062 og 064) og gætu mannvistarleifar leynst á enn fleiri stöðum í kring.

Greinilegt er að mannvistarleifar leynast undir sverði á þessum slóð en ekki er hægt að tala

Þúst SF-175:058. Á ljósmynd til vinstri er horft til SSV en á mynd til hægri til vesturs

um skýr ummerki. Samkvæmt Bæjarteikningunni snéri húsið h.u.b. norður-suður og austan við það og sambyggt því var kálgarður. Mögulegt virðist að lítill kofi hafi verið inn í honum. Á þessum stað er greinileg ólöguleg þúst. Greinilegast hluti hennar er 23 x 13 m stór og snýr norður suður en hugsanlegt er að e.k. gerði hafi umlukið svæðið og það þá samanlagt verið 23-25 m á kant. Ofan í hóltopp greinilegasta hluta svæðisins er dæld sem er þó grunn og sker sig mest úr umhverfinu vegna gróðurfars. Dældin er 6 x 3 m að stærð og snýr nálega austur-vestur
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Bæjarteikning Dana 1904

SF-175:059 gata leið 529082 352292
Götur liggja yfir einn Ferjuhólmann austan við Eldvatnið. Hann dregur nafn sitt af vetrarferju 015 sem er 110 m sunnar. Ferjuhólmi þessi er há og flöt óbrunnin jarðvegstorfa sem er um 400 m norðaustan við bæ 001 fast sunnan við þúst 061 sem er einnig á hólmanum.
Hólminn er mjög smáþýfður og marflatur, vaxinn grasi og mosa. Gróið hraun er austan við hann og Eldvatnið vestan við hann.



Leið SF-175:059. Til hægri má sjá leiðina yfir Ferjuhólma (sem rauða línu) ofan á loftmynd og Bæjarteikningu frá 1904. Á ljósmynd til hægri er horft til ASA

Göturnar liggja þvert yfir hólmann, nánast austur-vestur, og sjást á 40 m löngum kafla. Þær eru þétt saman á 20 m breiðu svæði og sjást þar allt að 30 götur sem eru mjóar og grunnar (0,1 m á breidd og dýpt). Þær eru greinilegastar syðst á svæðinu en verða ógreinilegri eftir því sem norðar dregur. Ekki er ljóst hvaðan leiðin lá eða hvert en gríðarlegar breytingar hafa orðið á landslaginu hér eins og víðar í kjölfar Skaftárelda.
Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

SF-175:060 heimild um áveitu 528706 352843

Áveitumannvirki voru áður um 600 m norðan við bæ 001, við Vörðugilslæk. Lækurinn rennur enn á sömu slóðum en beggja vegna við hann hafa nú verið sléttuð tún og öll ummerki um áveitugarða afmáð.

Áður sáust garðlög bæði austan og vestan við læk, á svæði sem var um 120 x 95 m stórt. Þau sjást á loftmynd af svæðinu sem tekin var eftir 2000. Nyrst lágu garðlög frá læk og í um 12-13 m til austurs annars vegar en vesturs hins vegar. Þar beygðu bæði garðlögin til suðurs og lágu svo samsíða læk bæði að austan og vestan. Að vestan lá garðurinn til suðurs, samsíða Vörðugilslæk á um 55 m kafla en beygði svo með læknum og lá til SSV í um 72 m til viðbótar áður en hann fjaraði út en líklegt er að hann hafi legið beint til austurs, að hæð sem þar er í landinu. Austan við veg lá garðurinn samsíða læknum á um 95 m löngum kafla til suðurs áður en hann beygði í 90°og lá tæpa 30 m að Ásavatni.



Áveitumannvirkin sem nú eru horfin SF-175:060. Loftmynd frá Loftmyndum ehf

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Loftmynd frá Loftmyndum ehf, flís A543-4

SF-175:061 þúst hlutverk óþekkt 529073 352309

Nokkuð afgerandi þúst er á einum Ferjuhólmanum (sjá 015) norðan við götur á leið 059. Hún er rétt norðan við miðjan Ferjuhólma, um 400 m norðaustan við bæ 001. Hólminn er mjög smáþýfður og marflatur, vaxinn grasi og mosa. Gróið hraun er austan við hann og Eldvatnið vestan við hann.

Þúst SF-175:061. Á ljósmynd til vinstri er horft til VSV en til SSA á mynd til hægri

Þústin er keilulaga og sker sig vel úr flötu umhverfinu þó að hún sé ekki há. Hún er um 6 m í þvermál og 0,5 m á hæð. Efst á henni er lítil hundaþúfa og grænka þar í. Ekkert tóftarlag er á henni og innanmál hólfa sjást ekki í henni. Gríðarlegar breytingar hafa orðið á landslaginu á þessu svæði og búið að afmá það samhengi sem minjarnar á hólmanum tilheyrðu. Ekkert er hægt að segja um mögulegt hlutverk þústarinnar.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

SF-175:062 þúst hlutverk óþekkt 528801 352046
Ógreinileg ummerki eftir gerði, eins konar hvilft í landinu, er fast ASA við rétt 007 og má segja að réttin sé byggð ofan á vesturvegg hvilftar/gerðisins. Gerðið er tæpum 80 m ASA við kirkjugarðsvegg 002. Svæðið er á eins konar rana sem gengur fram milli Villingahóls og Eldvatns. Svæðið er á kafi í grasi og sinu. Á þessu svæði er talsvert um óljósar mannvistarleifar (sjá 046, 047, 048, 058 og 064) og gætu mannvistarleifar leynst á enn fleiri stöðum í kring.



Þúst SF-175:062. Á ljósmynd til hægri er horft til SSA

Ummerkin eru afar ógreinileg og á mörkum þess að geta talist manngert með nokkurri vissu. Hvilftin er stórkarlalegri en almennt er algengt um minjar en talsvert af slíkum minjum hefur verið skráð á þessu svæði og kemur þar m.a. til gríðarleg uppsöfnun jarðlaga (gjóskulaga og foklaga). Um er að ræða hvilft sem er um 20 m á kant og virðist opin til SSA. Innanmál "gerðisins" er 12 x 6 m og snýr það NNA-SSV. Allir "veggir" eru ávalir og 3-5 á breidd. Hæð "veggja" mæld frá gerðisbotni og upp á topp þeirra er ríflega 1 m.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

SF-175:063 garðlag túngarður 528859 351990
Í brekkunni VSV undir Villingshóli og 130 m suðaustan við bæ 001 er mjög ógreinilegt garðlag sem liggur norðvestur-suðaustur. Hann hefur að líkindum gegnt hlutverki túngarðs en ekki er útilokað að um náttúrumyndun sé að ræða. Meintur garður er í brattri brekku mót suðvestri. Hún er grasi vaxin og einnig vex mikið af klóelftingu á svæðinu. Brekkan er smáþýfð og í henni er nokkuð um skorninga og ójöfnur.

Garðurinn sést á 86 m löngum kafla og er suðausturhluti hans nokkuð sannfærandi en hann verður ógreinilegri þegar nær dregur norðvesturenda. Garðurinn er um 3 m á breidd og 0,1 m á hæð. Hann er mjög illgreinanlegur en best er að koma auga á hann ef staðið er neðan við hann og horft upp í brekkuna. Hann sést þá sem stallur í brekkunni.

Garðlag SF-175:063, horft til SSA

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SF-175:064 þúst hlutverk óþekkt 528793 352067
Ógreinileg ummerki (þúst) sem virðast gætu verið eftir litla tóft eru fast norðvestan við gerði 047 og um 80 m austan við bæ 001 á Eystri-Ásum. Þústin er um 66 m austan við norðausturhorn kirkjugarðs 002. Þústin er á óræktarbletti sem er á milli neðstu túna og Eldvatns. Landi hallar til suðurs, að Eldvatni og svæðið er á kafi í sinu og grasi. Á þessu svæði er talsvert um óljósar mannvistarleifar (sjá 046, 047, 048, 058, og 062) og gætu mannvistarleifar leynst á enn fleiri stöðum í kring. Sléttuð tún eru um 13 m norðan við þústina.

Þústin er afar óljós en virðist hafa verið einföld og 6-7 x 6-7 m að stærð. Op virðist hafa



Þúst SF-175:064. Á ljósmynd til hægri er horft til ASA

verið á miðjum suðvesturvegg en þó er ekki hægt að fullyrða um það. Suðvesturhorn tóftar er skýrast og vesturhlið hennar er einnig nokkuð greinileg en aðrar hliðar óskýrari. Innanmál þúst er aðeins 0,5-1 m í þvermál en upp af hólfinu er stallur sem gæti hafa tengst henni. Gróflega má segja að veggir þústarinnar séu 1-1,2 m á breidd en 0,5 m á breidd. Þeir eru algrónir og signir. Ekki er vitað hvaða hlutverki tóftin gegndi.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

SF-175:065 þúst hlutverk óþekkt 528820 352005
Ein lítil þúst og tvær minni eru suðvestan undir Villingshóli fast suðvestan við leið 050 í gamla heimatúninu, þeim hluta sem ekki er lengur sleginn og kominn er í órækt. Túnið er smáþýft og grösugt og þar vex mikið af klóelftingu. Minjarnar eru á tiltölulega flatlendu svæði.

Þústirnar eru á svæði sem er um 12x6 m að stærð og snýr norðausturs-suðvestur. Þær fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu sem hefst suðvestast á þúst A. Hún er stærst þeirra, er um 4x3 m að stærð og snýr norður-suður. Þústin er lítið kúpt að ofan og er 0,2-0,3 m á hæð. Þúst B er 6 m

Þúst SF-175:065 A til vinstri (horft til austurs) en þústir B og C til hægri, horft til suðvesturs

austan við þúst A. Hún er um 1,5 m í þvermál og 0,3 m á hæð. Þúst C er 3 m norðan við þúst B. Hún er 2 m í þvermál og 0,2 m á hæð. Sú þúst er fast vestan við djúpa götu á leið 050. Hlutverk þessara minja er ekki ljóst.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SF-175:066 gata leið 528561 354111

Greinilegar götur sjást liggja upp Brekkur austan við Hrútagil, frá Grófarlóni í Grófará sem er á merkjum milli Svínadals og Eystri-Ása. Leiðin stefnir á leið 070 sem liggur fram á bakka Eldvatnsins við fjárskýli 069. Leiðin liggur um hálent svæði sem er að mestu gróið mosa og grasi.

Götur SF-175:066, horft til SSA

Leiðinni var fylgt á 360 m löngum kafla þar sem hún liggur norður-suður. Göturnar eru 10-12 saman á svæði sem er 10-15 m breitt. Þær eru grónar og eru 0,1-0,2 m á dýpt og víðast 0,2 m á breidd en sumstaðar breiðari þar sem leiðin liggur utan í hæðum og göturnar hafa grafist meira niður.
Hættumat: engin hætta

SF-175:067 gryfja naust 529158 352201

Fast vestan við vörðu G á leið 043 og austan við vetrarferju 015 er lítill hrauntangi sem gengur til vesturs. Ofan í hann miðjan er afgerandi stór og nokkuð regluleg lægð sem minnir á hrauntröð. Lægðin virðist náttúruleg en hún hefur hentað vel sem ferjunaust og gæti hafa verið rudd í þeim tilgangi.

Meint naust er í mosavöxnu og grónu hrauni á austurbakka Eldvatnsins. Ofan í því hefur sandur safnast fyrir og mikill sandur er á árbakkanum og í jarðvegi hér í kring.

Meint naust SF-175:067. Á ljósmynd til vinstri er horft til vesturs en til norðvesturs á mynd til hægri

Naustið er um 15x3 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Það er 1,5-2 m á dýpt, grynnist vegna áfokssands í vesturenda. Ekki er hátt ofan í hana úr austurenda og nokkuð auðvelt aðgengi.
Hættumat: engin hætta

SF-175:068 garðlag hlutverk óþekkt 528490 352704
Óljóst garðlag liggur milli tveggja túna um 115 m norðan við þjóðveg en 630 m NNV við bæ 001. Aðeins er nú lítill partur af garðlaginu eftir óraskaður en á loftmyndum (teknar eftir 2000) má sjá að um aldamótin 2000 hefur garðurinn náð talsvert lengra til norðurs, þótt óljós hafi verið.

Garðlag SF-175:068. Á ljósmynd til vinstri er horft til NNA en til SSV á mynd til hægri

Garðinn má enn greina á óræktarbletti milli tveggja túna. Hann er algróinn og siginn, um 3 m á breidd en 0,2 m á hæð. Hann er fyrst merkjanlegur fast norðaustan við tún sem eru ofan (norðan) við þjóðveg en hefur án ef náð lengra til SSV og er með stefnu nálega á gamla Ytri-Ása bæinn. Garðinn má nú greina á um 75 m kafla frá túnjaðri og að vegi sem liggur að Vörðugili en fast austan hans eru nýleg tún. Á loftmynd sem tekin var skömmu eftir aldamótin 2000 má sjá að garðurinn hefur legið áfram þar sem nú eru tún og legið a.m.k. 160 m til norðausturs. Af loftmyndinni að dæma hefur garðurinn verið nokkuð úr lagi genginn á þessum kafla. Hann hefur náð yfir hæðina sem er á þessum slóðum í átt að Vörðugili. Ekki er ljóst hvaða hlutverki garðurinn gegndi en hann virðist nokkuð fornlegur.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

SF-175:069 tóftir fjárskýli 528960 353200
Tvær tóftir af fjárborgum eru norðaustast á Fremstatanga um 1,2 km norðaustan við bæ 001 og 180 m norðaustan við fjárhús 044. Minjarnar eru á grónu sléttu valllendi norðaustan norðaustan undir lágri brekku, í skjóli frá suðvestri. Gróið rof er austan við tóftirnar og skorningar sem myndast hafa á leið 070 eru fast norðan við þær.

Þúst SF-175:069 A til vinstri (horft til NNV) en B til hægri (horft til NNV)



Tóftir SF-175:069

Tóftirnar eru á svæði sem er um 16x8 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Tóft A er í suðvesturhlutanum. Hún er um 7 m í þvermál, nokkuð regluleg. Op er inn í hana úr SSA. Veggir virðast 2 m á breidd og hæstir eru þeir 0,3 m á suðvesturhlið. Veggir eru ógreinilegir og signir nyrst í tóftinni. Tóft B er um 3 m norðaustan við tóft A, á barmi skornings í torfunni sem myndast hefur vegna umferðar á leið 070. Tóft B er ívið minni en tóft A en hún er 5 m í þvermál. Óljóst op er inn í hana úr SSA eins og á tóft A. NNA-hluti tóftarinnar er að brotna ofan í skorninginn og er sá hluti hennar ógreinilegur. Veggir hennar eru 2 m á breidd og mesta hæð þeirra er 0,2-0,3 m. Báðar virðast tóftirnar torfhlaðnar.
Hættumat: hætta, vegna landbrots

SF-175:070 gata leið 528879 353263
Allmiklar götur eru á leið sem liggur frá vesturbakka Eldvatnsins og áfram til norðvesturs. Leiðin liggur fast norðan við fjárborgir 069 um 1,2 km norðaustan við bæ 001. Þar sem leiðin endar frammi á árbakkanum er hvilft inn í bakkann og sandeyri innan hennar. Snarbratt er niður af bakkanum ofan á eyrina. Á þessum stað er lítill foss eða miklar flúðir á milli klettastapa í ánni.

Götur SF-175:070. Á ljósmynd til vinstri er horft til ASA en til norðvesturs á mynd til hægri

Leiðin liggur um valllendi og gróið rof í hæðóttu landslagi í úthaga jarðarinnar. Henni var fylgt á um 1 km löngum kafla, frá vesturbakka Eldvatnsins, upp á Borgarhól 019 og að Smágiljum um 220 m sunnan við vörðu 018. Hefur hún stefnuna norðvestur-suðaustur. Leiðir 066, 072 og 083 liggja úr norðri á þessa leið. Lýsing leiðarinnar hefst í suðausturenda við Eldvatn. Þar liggur

hún í djúpum skorningum norðan við fjárborgir 069 en þegar komið er upp úr þeim sjást mjög óljósar götur sem verða smám saman greinilegri. Á Borgarhóli eru göturnar mjög greinilegar og djúpar. Þar sjást a.m.k. 20 götur á svæði sem er um 20 m á breidd. Leiðin hættir að sjást í rofi í Smágiljunum en leiðin hefur haldið áfram til norðvesturs og gæti t.d. hafa legið til Hlíðar og verið hluti af Hlíðargötum (SF-661:009) en einnig er mögulegt að hún hafi sveigt meira til norðurs eftir því sem vestar dregur og þá möguleika legið að Svínadal (sjá 661:013).
Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

SF-175:071 *Fagriflötur* frásögn hlutverk óþekkt 528745 354024
Gísli Halldór Magnússon, heimildamaður man eftir tóftum á Fagrafleti en svæðið fór mjög illa í síðasta Skaftárhlaupi, árið 2015, og tók stóran hluta svæðisins af.
Fagriflötur hefur verið grasgefið og skjólsælt nes á bökkum Eldvatns en nú er stór hluti þess horfinn og hefur kvísl úr Eldvatninu runnið í gegnum þar sem áður var nesið þótt hægt hafi verið að stikla yfir farveginn og út í tangann þegar svæðið var skráð 2017. Tanginn er því orðinn að eins konar hólma í Eldvatninu og aðeins spurning um hvenær hann hverfur í fljótið líka.

Tangarendinn sem enn er óraskaður er um 80 x 40 m stór og snýr NNV-SSA engar tóftir eru á honum. Vestan við hann hefur Eldvatnið höggvið stórt skarð í nesið, þar sem það hefur verið lægst. Þar hefur öllum jarðvegi verið skolað á brott á svæði sem er um 170 x 60 m stórt. Hafi tóftir

Fagriflötur SF-175:071. Á ljósmynd til vinstri er horft til NNA en til suðausturs á mynd til hægri



Fagritangi SF-175:071. Á myndinni hefur það svæði sem hvarf í Skaftárhlaupi 2015 gróflega verið merkt inn á loftmynd frá Loftmyndum ehf

verið á þessu svæði eru öll ummerki um þær afmáð. Enn vestar (ofar) tekur við deiglendiskafli 40-80 m breiður að þar til tekur við snarbrött hlíðin en engar tóftir eru á þeim kafla heldur. Engin ummerki um tóftir á Fagrafleti sjást á loftmynd sem tekin var fljótlega eftir árið 2000 og er mögulegt að tóftirnar hafi þegar verið horfnar fyrir Skaftárhlaupið 2015. Ekki er vitað um hlutverk þeirra rústa sem þarna kunna að hafa verið þótt Gísli Halldór Magnússon hafi jafnvel talið að þær gætu verið býli.
Hættumat: stórhætta, vegna landbrots
Heimildir: http://www.ruv.is/frett/fornminjar-glatast-i-skaftartungu, Fréttavefur Rúv 09.11.2015 er fréttin "Fornminjar glatast í Skaftártungu, Loftmynd frá Loftmyndum ehf

SF-175:072 gata leið 528681 354064
Greinilegar götur sjást á loftmynd ofan við Fagraflöt, frá Grófará, austan við Hrútagil og til suðurs vestan við Fögruflöt. Ekki er vitað á hvaða leið göturnar voru en ekki er ólíklegt að þær hafi tengst leið 070 sunnar en landrof á þessum slóðum hefur þá rifið í sig hluta þess svæðis sem göturnar lágu yfir. Göturnar eru greinilegar þar sem þær liggja utan í grasi gróinni brekku skammt frá þar sem Eldvatnið hefur brotið af hluta Fagraflatar.

Göturnar verða fyrst vel greinilegar þar sem Fagrafleti sleppir til norðurs og liggja þaðan og

Götur SF-175:072. Á ljósmynd til vinstri er horft til norðurs en til NNV á mynd til hægri

til norðurs, upp úr hvamminum. Göturnar eru greinilegar á 150-200 m kafla og þar sem mest er sjást 10-15 slóðar samsíða. Sem fyrr segir er ekki ólíklegt að göturnar hafi greinst frá götu 070 en ekki er ljóst hvert þær liggja en þær stefna í norður, í átt að Múla og Svínadal.
Hættumat: hætta, vegna landbrots

SF-175:073 garðlag hlutverk óþekkt 528499 353052
Garðlag girðir af tanga eða nes í Vörðugili um 1 km NNV við bæ 001. Garðlagið er um 285 m vestan við beitarhús 044.

Garðlagið er á fremur sléttum og grasivöxnum gilbakka Vörðugils. Það er um 100 m langur og liggur NNV-SSA. Svolítil sveigja er á garðinum og endar hann í Vörðugili til beggja átta. Garðurinn markar af mjög mjóa landræmu við gilið og er hún 5-18 m breið. Garðurinn er 2-3 m á breidd en 0,1-0,2 m á hæð. Hann er þó fremur greinilegur á sléttum og snöggvöxnum gilbakkanum. Líklegast hefur garðurinn verið e.k. vörslugarður. Innan þess svæðis sem hann afmarkar er þúst á einum stað, sjá 080 en hún virðist yngri en garðurinn.
Hættumat: engin hætta

Garðlag SF-175:073, horft til vesturs

SF-175:074 garðlag vörslugarður 528662 352553
Garðlag er merkjanlegt á loftmynd frá Loftmyndum ehf sem tekin var eftir 2000 um 30-35 m ofan (norðan) við Skaftártunguveg (208) á 50 m löngum kafla en síðan myndin var tekin hafa verið gerð tún á þessum slóðum og aðeins sést norðaustasti hluti garðsins. Sá hluti garðsins sem enn sést er 450 m norðan við bæ 001 og fast norðan við götur á leið 075. Garðlagið er í grasi vaxinni brekku sem er í halla til norðurs. Neðan við brekkuna eru flatlendar engjar sem búið er að rækta og eins eru tún vestan við garðlagið. Mikill grasvöxtur er þarna í brekkunni og þar vex einnig mikið af klóelftingu.

Garðlag SF-175:074. Á ljósmynd til vinstri er horft til ANA en til VSV á mynd til hægri

Garðurinn virðist torfhlaðinn og er gróinn. Hann er 28 m á lengd og liggur norðaustur-suðvestur. Við norðausturenda garðsins verður brekkan sem hann er í þverhnípt og þar hættir hann að sjást. Garðurinn er 1,5 m á breidd og 0,3 m á hæð. Gróið rof er í honum hér og hvar. Talsverðir skorningar liggja samhliða garðlagi beggja vegna við hann, ekki síst að NNV-verðu. Þessir skorningar að líkindum niðurgrafnar götur á leið 075.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Loftmynd frá Loftmyndum ehf, flís A543-4

SF-175:075 gata leið 528668 352535
Talsverðar götur sjást á stuttum spotta ofan (norðan) við Skaftártunguveg (208), fast sunnan við garðlag 074 og 430 m norðan við bæ 001.

Göturnar eru í grasi vaxinni brekku sem er í halla til norðurs. Neðan við brekkuna eru flatlendar engjar sem búið er að rækta og eins eru tún vestan við göturnar. Mikill grasvöxtur er

Götur SF-175:075. Á ljósmynd til vinstri er horft til austurs en til norðurs á mynd til hægri

þarna í brekkunni og þar vex einnig mikið af klóelftingu.

Göturnar sjást aðeins á um 60 m löngum kafla. Göturnar eru flestar alldjúpir skorningar sem sjást 10-15 saman á um 15 m breiðu svæði. Leiðin liggur austur-vestur. Þær hverfa í túnrækt til vesturs og fjara út í miklum bratta til austurs. Ekki er ljóst á hvaða leið göturnar eru.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

SF-175:076 hleðsla áveita 530807 351236
Gömul áveitumannvirki Meðallendinga eru í farvegi Hálsavatns. Ekki hefur runnið vatn um svæðið frá 1962 þegar gerður var varnargarður sem teppti Ásakvíslarnar. Áveitan er litlu vestan við rétt 077 og 2,2 km suðaustan við bæ 001.



Hleðsla SF-175:076. Á ljósmynd til vinstri er horft til NV en til vesturs á mynd til hægri

Hleðsla SF-175:076 á loftmynd frá Loftmyndum ehf (til vinstri) og teikning að sama stað til hægri

Á svæðinu er hraun sem búið er að græða upp að talsverðu leyti og er orðið mosavaxið. Minjar um áveitu eru á svæði sem er 77x47 m að stærð og snýr austur-vestur. Á austurhluta svæðisins er stífla A sem hlaðin er í stóran sveit en ekki breiðan og myndar hann U. Hleðslan er á milli tveggja hraunhóla. Það er um 40x12 m að stærð og snýr ASA-VNV. Aðalmannvirkið, það sem er greinilegast, er hlaðið í U, stóran en ekki víðan sveig á milli tveggja hraunhóla. Innanmál þess er um 40x14 m og snýr það VNV-ASA. Á norðurvegg, um 10 m frá VNV-enda er hlaðinn stöpull sem er um 1x1 m að stærð og í hleðslum er múrlím sem heldur honum saman. Tvö umför sjást í honum en hann er 0,6 m á hæð. Um 1,5 m VNV við hann eru líklega leifar af öðrum stöpli sem er hruninn en enn sést múrlím ofan á einni röð af steinum. Þar var op á stíflunni og í því hefur fleki sem tekinn var úr eða settur í eftir því hvort átti vatnið mátti að renna niður í Meðalland eða ekki. Stíflan er tvíhlaðin og mjög misbreið, líklega hvað breiðust í VNV-enda þar sem hleðslan er 3 m á breidd og 1 m á hæð. Þrjú umför eru sýnileg en mikið af sandi hefur safnast að hleðslunni að innan og utan. Að sögn Gísla Halldórs Magnússonar voru margar fleiri hleðslur á svæðinu en ekki er lengur auðvelt að koma auga á þær fyrir sandi og gróðri. Þó er eins og gangi hleðslur út frá

VNV-enda stíflu, annars vegar til suðvesturs (B) og hins vegar til norðvesturs (C). Hleðsla B liggur til suðvesturs á 22 m löngum kafla og beygir svo til norðvesturs þar sem hún liggur í sveig til vesturs á 25 m löngum kafla. Hleðsla C er mun ógreinilegri en hleðsla B. Hún er 20 m löng og liggur norðvestur-suðaustur.
Hættumat: engin hætta

SF-175:077 tóft rétt 530859 351242
Meðallendingar nýttu sér áður fyrr talsvert af því landi sem tilheyrði Ásabæjunum í raun suðvestan við bæ og Eldfljót. Við Hálsavatn var t.d. stíflað og byggð rétt. Réttin er norðan við ál Hálsavatns

Rétt SF-175:077. Á ljósmynd til vinstri er horft til SSA en til norðurs á mynd til hægri

sem nú er uppþornaður, um 2,3 km suðaustan við bæ 001. Óljós bílslóði liggur um svæðið um 50 m sunnar. Réttin er byggð við hraunjaðar að sunnan, um 40 m austan við stíflumannvirki 076.

Réttin er byggð við hraunjaðar. Allt umhverfis er hraunlendi en það hefur víða verið grætt upp og vex víða lúpína og skógrækt.

Réttin snýr norður-suður og er 17 x 9,5 m stór. Suðvesturveggur tóftarinnar er stæðilegur og er enn 1 m á hæð en 0,8 m á breidd. Aðrir veggir eru meira hrundir inn í brekkuna og að að norðan en sú hlið er nú nær alveg ógreinileg og hrunin inn í brekkuna. Ekki virðist hafa verið veggur að sunnan og hefur líklega verið timburgirðing þar. Um miðbik réttar (um 7m frá suðurenda) má einnig sjá leifar af timbri og er líklegt að þar hafi verið hlið/veggur sem skipt hafi réttinni í tvennt. Um 7 m suðvestan við suðurenda vesturveggjar má greina 7 m langa hleðslu sem kann að hafa verið aðrekstrargarður að réttinni. Réttin er hlaðin úr hraungrýti sem er nú gosvaxinn. Talsvert að sandi hefur fokið að henni og fært hluta í kaf.
Hættumat: hætta, vegna uppblásturs



Rétt SF-175:077

SF-175:078 frásögn rétt 528698 348367
Að sögn Gísla Halldórs Magnússonar, heimildamanns, var rétt austan við greinilegan farveg þar sem Tangavegur SF-661:030 kemur niður úr hrauninu austan við þjóðveg 1.

Gróið mosavaxið hraun er til norðurs en sunnan við það er lyngmói innan um hraun. Engin ummerki um hlaðna rétt fundust við farveginn þar sem leiðin kemur niður úr hrauninu þrátt fyrir að svæðið væri fínkembt. Stórt svæði var einnig gengið meðfram hraunbrúninni til austurs og vesturs en sú leit skilaði ekki árangri. Víða eru vik inn í hraunbrúnina sem hægt hefði verið að nota sem aðhöld eða réttir en alls engin ummerki um slíkt sáust á vettvangi.

SF-175:079 hleðsla fjárskýli 527777 351859

Hleðsla og hellir SF-175:079. Á ljósmynd til vinstri er horft til suðvesturs en til suðausturs á mynd til hægri

Hleðsla umhverfis hellisskúta er um 430 m SSV við bæ á Ytri-Ásum 174:001 og um 300 m sunnan við Eldvatnið. Á þessum slóðum er talsvert af sprengigígum og hafa sumir þeirra verið nýttir til skepnuhalds. Svæðið er í jaðri Nýja-Eldhrauns.

Umhverfis er gróið hraunlendi en hóllinn er í hálfgerðri hvilft í hraunið þar sem er talvert gróið og tún ræktað í hluta hvilftarinnar. Norðar er Eldvatnið. Á svæðinu er talsvert um hóla og sprengigíga.



Fjárskýli SF-175:079

Á þessum stað er náttúrulegur hellisskúti inn í hraunbrúnina. Skútinn gengur til suðurs inn í hraunið og er um 2 m djúpur og hefur verið um 3 m á lengd en stórir grjóthnullungar eru nú vestast í honum. Skútinn er um 1,3 m á hæð fremst en lækkar inn. Greinilegt er að skútinn er enn nýttur af kindum. Sjálf hleðslan markar af gerði umhverfis hellisskútann sem er 13 x 11,5 m stórt. Svæðinu hallar til suðurs að skúta. Gerðið er gert úr einfaldri grjóthleðslu. Það er hlaðið úr hraungrýti og 1-2 umför að hæð. Hleðslur eru nú mosavaxnar. Náttúrulegir klettar marka af gerðið til austurs, suðurs og suðausturs en á kafla er hlaðið í klettabrúnina. Frá gerðishleðslunni hallar allsstaðar í átt að hellismunna. Innan gerðis er grasi vaxið.

Hættumat: engin hætta

SF-175:080 þúst hlutverk óþekkt 528534 353031

Greinileg og nokkuð afgerandi þúst er fast norðan við garðlag 073 og virðist hún mögulega byggð ofan á garðinum að hluta og vera yngri en hann. Þústin er við Vörðugil sunnanvert og um 940 m norðan við Eystri-Ásabæ 001.

Þústin er á fremur sléttum og grasivöxnum gilbakka Vörðugils. Hún er 9 x 6 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er algróin og hvergi sér í grjóthleðslur. Ekkert tóftarlag er á henni en tóftin er 0,3-0,4 m hærri en umhverfið. Ekki er vitað hvaða hlutverki tóftin gegndi en hún gæti hafa verið heystæði.

Hættumat: engin hætta

Þúst SF-175:080 horft til VNV

SF-175:081 brú samgöngubót 528909 352318

Greinileg torfbrú er yfir þurran farveg sem skilur hólma og Hólmagerði á honum frá landi. Brúin er um 300 m norðaustan við bæ 001 en Hólmagerði og hólminn sem hann er á er á bakka Eldvatnsins.

Torfbrú SF-175:081. Á ljósmynd til vinstri er horft til NNV en til ANA á mynd til hægri

Hólminn er flatlendur og grasgefinn. Ofan við hann og torfbrúna til suðvesturs er aflíðandi brekka með fóðurkálsakri.

Brúin er hlaðin úr torfi og er um 2 m á breidd og 8 m löng, liggur VSV-ANA. Hún er 0,4 m á hæð. Eftir henni var farið til að komast út í Hólmagerði.

Hættumat: engin hætta

SF-175:082 þúst hlutverk óþekkt 528598 352930
Þúst er við Vörðugil sunnanvert um 120 m SSA við þúst 080. Þústin er um 830 m norðan við bæ á Eystri-Ásum 001.

Þúst SF-175:082. Á ljósmynd til vinstri er horft til NNV en til norðurs á mynd til hægri

Þústin er á barmi Vörðugils. Hún er á grasi grónum og fremur sléttum gilbakka en vestar og sunnar eru tún.

Þústin er 5 x 4 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er hringlaga og um 0,3 m hærri en umhverfið. Ekkert tóftarlag er á henni og hvorki sjást hólf eða op. Þústin er algróin og engar grjóthleðslur sjást í henni. Ekki er vitað hvaða hlutverki hún gegndi en líklegast hefur hún verið heystæði.
Hættumat: engin hætta

SF-175:083 gata leið 528408 354189
Talsvert miklar götur eru þar sem heitir Brekkur sunnan við Grafará sem er á merkjum milli Svínadals og Eystri-Ása. Þeim var aðeins fylgt á stuttum kafla þar sem þær liggja á milli hóls sem varða 018 er á og Hrútagils. Ekki er ljóst á hvaða leið göturnar eru en þær stefna á leið 070 og hafa líklega sameinast henni.

Leiðin liggur um hálent svæði sem er að mestu gróið mosa og grasi. Leiðinni var fylgt á 70 m löngum kafla sem liggur NNV-SSA. Nálægt 20 götur sjást á um 20 m breiðu svæði en austurhluti þess er brotna ofan í rof í Hrútagili. Flestar göturnar eru mjög ógreinilegar en þær eru greinilegastar næst gilinu.
Hættumat: engin hætta

Götur SF-175:083, horft til norðvesturs

SF-175:084 garðlag hlutverk óþekkt 529107 351851
Framkvæmdarannsókn fór fram á fyrirhuguðu vegarstæði Skaftártunguvegar (208) og nýju brúarstæði yfir Eldvatn í janúar 2017. Ljóst var að byggja þyrfti nýja brú eftir stórhlaup í Skaftá haustið 2015 en þá brotnaði mikið af austurbakka Eldvatns og gröfst undan austurstöpli brúarinnar. Þegar rannsóknin fór fram komu í ljós áður óþekktar minjar um 10 m suðvestan við tóft 022 frammi á bakka Eldvatns og 470 m suðaustan við bæ 001. Grafinn var könnunarskurður í minjarnar og kom í ljós torfhleðsla sem líklega er leifar af garðlagi. Hann virðist hafa verið í notkun í stuttan tíma um aldamótin 1400, byggður eftir Heklugos 1389 og farið úr notkun við Kötlugos 1416. Þegar

gjóska úr eldgosi í Veiðivötnum fellur 1477 hefur safnast saman þykkt áfokslag ofan á garðinn.
Heimildir: FS646-16291 Fornleifarannsókn í landi Eystri-Ása í Skaftártungu 2017, 22-23

SF-175:085 gripir 528728 352194
Í kjölfar þess að hluti gamla túnsins á Eystri-Ásum var plægður og undirbúinn fyrir fóðurkálsræktun árið 2016 komu leirkersbrot og beinahrafl í ljós neðst í flaginu um 90 m norðan við bæ 001 og 60 m suðvestan við bæjarstæði 003. Uggi Ævarsson, minjavörður Suðurlands, kom á staðinn í maí 2017, skoðaði svæðið og tók borkjarnasýni á nokkrum stöðum. Minjarnar fundust neðarlega í halla mót suðvestri. Neðan við þær eru flatlend tún sem ræktuð hafa verið upp í framræstu mýrlendi.

Svæðið var alveg raskað en minjavörðurinn taldi samt líklegt að þar hefði áður verið tóft sem rusli og öskuleifum hefði mögulega verið hent í eftir að hún féll úr notkun. Þeir gripir sem fundust voru frá 19.-20. öld. Uggi vinnur nú að skýrslu um rannsóknina. Í bréfi Ugga Ævarssonar um rannsóknina segir: "Ef grannt er skoðað má greina lágan hól í flaginu og svo lítið "holt" um 25 m norðan við hólinn. Á holtinu eru gjallleifar og járnarusl en á hólnum eru brennd kindabein og leirkersbrot sem við fyrstu sýn virðast vera frá 19. og 20. öldum. Plógfarið er um 15 cm djúpt. Á um 1, 3 m dýpi virðist vera hleðslugrjót og mannvistarlög þar nokkru ofar en þó ekki mikil merki um það. Á yfirborði og niður á c. 30 sm dýpi eru téð leirkersbrot, brennd bein, móaska og kolasmit. Gæti hafa verið hús og smiðja á hólnum og holtinu sem síðan hefur aflagst og svo verið notað til að henda drasli í."
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Minnisblað frá Ugga Ævarssyni frá mars 2018

SF-175:086 tóftir hlutverk óþekkt 527874 352064
Tóft og gryfja eru fast suðaustan við Hlöðuhól 045 í Ásafitjum um 230 m suðvestan við bæinn á Ytri-Ásum en 850 m vestan við bæ á Eystri-Ásum 001.
Ásafit er grasgefið svæði með fjölda lítilla sprengigíga sem hafa myndast þegar hraun rann yfir votlendi í Skaftáreldum 1783. Mosavaxið hraun er austan við Ásafit.

Minjarnar eru á svæði sem er 22x10 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Tóft A er í suðausturenda svæðisins. Hún er stór og greinileg, er 6x5,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Tóftin er samansigin og virðist vera að mestu leyti niðurgrafin. Hún er 0,5-1 m djúp og suðvesturhlið hennar hæst innanmáls. Veggir hennar 1-1,5 m á breidd og 0,2-0,4 m á hæð. Hún er vel gróin og virðist torfhlaðin. Mögulega eru op á henni í austur- og vesturhorni. Gryfja B er um 6 m norðvestan við tóft A. Hún virðist eingöngu niðurgrafin en



Tóftir SF-175:086 A og B

Tóftir SF-175:086 A til vinstri (horft til norðurs) og B til hægri (horft til norðurs).

ekki upphlaðin. Gryfjan er 1,5x2,5 m að innanmáli, snýr austur-vestur. Hún er 0,3 m djúp en nánast ekkert niðurgrafin í vesturenda. Hlutverk þessara minja er óljóst en tengjast að líkindum fjárhúsum og hlöðu í Hlöðuhól 045.

Hættumat: engin hætta

SF-175b Nes

Heimatún eldri Nesbæjar (SF-175b:001) ofar en neðar er yngra heimatún Nesbæjar (SF-175b:002). Þangað var bærinn færður eftir Skaftárelda 1783-84.

1523: Jarðarinnar er getið í máldaga Þykkvabæjarklausturs 1523 (DI IX, 189).
1686: 28 h., og 80 ál, konungseign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 338.
1695: 12 h., Þykkvabæjarklausturseign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 338.
1783: "Skýrsla Jóns prófasts Steingrímssonar (veturinn 1783-1784), án efa send Halfdani Einarssyni skólarmeistara á Hólum [SK-249], um jarðir þær, sem af fóru í Skaptafellsýslu i eldinum sumarið 1783 [...]. Nes í Skaptártungu, Þykkvabæjarklausturs jörð, upp brend með húsum, túnum, eingjum og högum," segir í Æfisögu Jóns Steingrímssonar (341-342). Í sama riti segir: "Allir bæir halda sér í

Ásasókn fyrir utan Nes, sem eldhraunið yfir fór, og Leiðvöllur [SF-146], sem hér eptir legst til Meðallandsprestakall." (339). Í lýsingu Jóns er að finna eftirfarandi lýsingu: "16. júní var ögnarmikill eldgangur fram ur Skaftárgljúrum, að allt gljufrið sýndist fullt af honum, sem nú að öllu leyti tók af, og eyðilagði þessar klaustur- og kongsjarðir: á Síðu og Nes í Skaftártungu hvor um sig 1200 að dýrleika. Ásamt tók þessa elds framkast af og ýfirþakti öll hraun milli Síðunnar og Skaftártungunnar, sem voru mikið hrísi og viðar vaxin, ein þau notabetu hagbeitarlönd; þar á meðal var Brandaland, eitt hagkvæmt skógarpláss, sem Kirkjubæjarklaustri fylgdi að gjöf ábótans Hallgeirs Andréssonar á Þykkvabæjarklaustri 1350.
1847: Í neðanmálsgrein undir Ásar eystri (SF-175) segir: "Með konungsbréfi 28. Maí 1788 voru Ytri Ásar [SF-174] og Nes (enn í eyði) lagðar til Eystri Ása og hefir Ása prestur notið jarða þessara siðan, er áður voru Þykkvabæjar klausturs eign [sjá SF-194], og lögðust af í eldgosinu 1783." Í lagfæringum og viðaukum í DI II segir: "Um Kirkjuból, Steðjubakka, og Skaptárenes get eg [Helga Ólafsdóttir, ekkja Magnúsar Andréssonar] eingar upplýsingar gefið. Ekki hygg eg að Nes hjá Búlandi hafi áður heitið Skaptárnes, og Skaptárdalr [SF-122] getr það því síðr verið, því hann hefir ávalt, að minni hyggju, haldið sama nafni, en mér hefir dottið í hug, að Nes hjá Ásum, sem fór af í Skaptáreldinum 1783, hafi heitið Skaptárnes, því Skaptá hefir áðr runnið skammt eða rétt fyrir austan Nesland, og Landáin, sem hefir verið kvísl úr Skaptá, hefir runnið fyrir austan Nesbæinn."DI II, 871-872.

SF-175b:001 *Nes (eldra bæjarstæði)* þúst bústaður 529509 352687
"Litli-Neshóll er suður af Neshól, niður með Eldvatni," segir í örnefnaskrá. Eldra bæjarstæði Nesbæjarins er talið þar sem óræðar leifar eru á túnbletti um 600 m sunnan við yngra bæjarstæði 002 og um 950 m norðaustan við Eystri-Ása SF-175:001. Á umræddu svæði er ekki að sjá bæjarhól

Garðlag SF-175b:001 D (horft til vesturs) á mynd til hægri er þúst B, horft til vesturs

Tóftir SF-175b:001 C (gerði) til vinstri, horft til austurs en tóft A til hægri, horft til VNV

eða tóft og gæti hún hafa horfið í Skaftáreldum. Staðsetning bæjarstæðis er hér áætluð á þeim stað sem ber hæst og er miðlægast á gróðurtorfunni sem eftir er í hrauninu. Umræddar minjar eru þó ekki bæjartóftir.



Tóftir SF-175b:001



Heimatún eldri Nesbæjar (SF-175b:001). Garðlagið má túlka sem suðausturhorn túns og e.t.v. líklegast að sjálfur bærinn hafi í raun verið nokkru norðar eða norðaustar, undir hrauni.

Eldra bæjarstæði Ness er graseyja umkringd hrauni frá Skaftáreldum á alla vegu. Líklega hefur sjálft bæjarstæðið horfið í hraunið en hluti af túni og útihúsum á þessum bletti varðveist.

Túnbleðillinn er hjartalaga og mest um 100 x 80 m stór. Innan þess er garðlag og gerði og tóft áföst því (sjá SF-175b:001A-C) og fjórar ólögulega þústir í túninu (SF-175b:014, 016, 018 og 020).

Undir þessu númeri eru skráðar nokkrar minjar, garðlag og þústir sambyggðar honum á þremur stöðum. Umfangsmest er fornlegt og sigið garðlag sem er um 4 m á breidd en 0,4 m á hæð. Garðlagið liggur í gleitt horn og er samtals um 82 m langt. Það liggur frá vesturjaðri túna (við hraun) og til austurs í um 46 m en beygir þá til suðausturs (110°horn) og liggur áfram í 26 m áður en það beygir aftur lítillega til ASA og liggur áfram í um 11 m áður til ASA áður en það hverfur. Garðlagið er alveg ávalt og grasi vaxið. Um 10 m austan við vesturenda garðlags er lítið gerði, B, byggt upp við það að norðanverðu. Gerðið er í raun þúst og er 6 x 3 m að stærð. Það snýr austur-vestur og er eins konar stallur upp við garðlagið en innri brún veggja sést lítið eða ekkert. Gerðið einfalt og ekkert op sést á því. Það er 0,3 m á hæð og er algróið. Gerðið gæti verið samtíða garðlaginu. Frá gerðinu liggur garðlagið til austurs upp á svolítinn hól og þar er nokkuð áberandi tóft, A. Hún er byggð ofan á garðlagið og þau ummerki sem sjást á yfirborði virðast yngra byggingarstig en garðurinn. Tvennt gerir tóftina einkennilega, annars vegar það að hún virðist byggð beint ofan á garðinn og hins vegar er hún svolítið einkennileg í laginu (tígullaga) og á veggjum hennar eru fjórar hundaþúfur, nokkuð áberandi,sem gefa tóftinni sérkennilegt yfirbragð. Tóftarbrúnin er að mestu til norðurs frá garðlaginu og er nokkuð skýr. Samtals er tóftin 9 x 5-6 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er grænni en umhverfið og ekkert grjót er greinilegt í henni. Op hefur líklega verið á suðurvegg austarlega. Innri brún veggja er mjög ólós en samtals má segja að veggir séu um 1 m á breidd og 0,3 m á hæð. Tóftin er greinilega yngra byggingarstig en garðlagið en líklega eru eldri minjar undir henni. Undan tóftinni heldur garðlagið áfram í 5-6 m til austurs áður en það beygir til suðausturs. Þar, skammt norðan við horn virðist sem einhvers konar mannvirki hafi verið við garðinn utanverðan, C. Umrædd ummerki eru nú afar illgreinileg af jörðu niðri en hægt er að marka ytri mörk þeirra af loftmynd og má áætla að svæðið hafi verið 15 x 8 m stórt, örlítið hærra en umhverfið en engin eiginleg mannaverk augljós á því en það er um 0,2 m hærra en umhverfið. Skömmu eftir að þessu svæði sleppir má aftur greina svolitla sveigju á garðinum til NA áður en hann fjarar út.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Ásar 5

SF-175b:002 *Nes (yngra bæjarstæði)* tóftir bústaður 529504 353316

"Nokkuð norðan bæjar, austan vatns, er allstór valllendishóll, sem heitir Neshóll. ...sunnan í hólnum er gamalt eyðibýli, sem heitir Nes. [...] Sagt er að þar [í Nesi] hafi búið eftir Skaftáreld maður, sem reytt hafi saman heyskap sinn hingað og þangað um beitilönd nágranna sinna. Hafði hann verið kallaður Rauði-Björn og eru þessir Björnshvammar við hann kenndir, bæði sá í Ásafiti og í Lambafelli," segir í örnefnaskrá. Nesbærinn var fluttur frá eldra bæjarstæði 001 og um 630 m til norðurs eftir Skaftárelda. Bærinn er um 1,44 km norðaustan við Eystri-Ása SF-175:001. Tóftir bæjarins eru enn vel greinilegar en ekki er hægt að greina eiginlega uppsöfnun mannvistarlaga/bæjarhól á þessum stað.

Heimatún Ness er eins konar eyland í straumi Skaftárhrauna sem runnið hafa allt umhverfis. Ef stærsta svæðið er mælt er það um 750 x 415 m að stærð NNV-SSA en hið eiginlega túnstæði er mun minna eða um 300 m frá tunguenda og upp á háhólinn (þótt eitthvað graslendi sé reyndar enn norðar) og er það um 60-70 m á breidd. Frá bæjartóftinni er stutt upp á hóltopp svæðisins en sæmilegt tún, í halla er umhverfis. Bæjartóftin er því ofarlega í túninu, örlítið vestarlega í því en fram af henni gengur löng hóltota til SSA.



Tóft SF-175b:002, kálgarður 004 og hlað 005

Tóft SF-175b:002, á mynd til vinstri er horft til SSA en til vesturs á mynd til hægri

Bæjartóftin í Nesi er ofarlega í túninu. Hún er í svolitlum halla til suðurs og er byggð inn í brekkuna að norðanverðu og hafa stafnar snúið til suðurs. Framan við bæinn er bæjarhlað 005 og kálgarður 004. Bæjartóftin er 22 x 13 m m stór og snýr austur-vestur. Tóftin er stæðileg og veggir standa víðast vel. Hún er vaxin snöggu grasi og lyngi en grjóthleðslur sjást þó víða nokkuð vel og eru veggir mest um 1,2 m á hæð. Tóftin skiptist í fjögur hólf að framan (A-D) en fimmta hólfið (G) er byggt við tóftina að austan en þó utan við húsagarðinn og þannig alveg stúkað af frá öðrum hólfum í tóftinni. Svo virðist sem það hafi verið byggt síðar en stærstu hluti bæjarins og virðist sem bæjarhlaðinu hafi verið lokað til austurs á sama tíma. Hólf E og F eru að húsabaki og það síðarnefnda er í raun ekki inni í sjálfri bæjartóftinni heldur virðist hafa verið stakstætt hús að baki bæjarins, mögulega heytóft. Lýsingin hefst í suðvesturhorni þar sem hólf A er. Það er 2,5 x 2 m að innanmáli, örlítið ílangt norður-suður en norðurveggur hefur hrunið inn í það að talsverðu leyti. Op er austast á suðurvegg. Grjóthleðslur sjást sæmilega í austurvegg, mest 3 umför. Hæstu vegghleðslurnar eru að norðan, yfir að hólfi sem þar er að húsabaki. Hólf B er austan við A. Hólfið er langt og mjótt, lengsta hólfið í tóftinni. Það er 5,5 x 2 m að innanmáli, snýr nálega norður-suður og í því sjást grjóthleðslur í öllum veggjum. Veggjarhæð er mest 1,4 m og mest sjást 4-5 umför. Ekki er greinilegt op á umræddu hólf en veggur er lægstur að sunnan og má vera að þar hafi verið þil. Hólf C er austan við B. Veggir þess eru að talsverðu leyti hrundir en hólfið er nú 2,5 x 1,5 m stórt en hugsanlegt er að hólf hafi verið inn frá því. Ef svo var er það nú alveg innfallið og óljóst. Hugsanlegt að það hafi verið op á suðurvegg vestarlega en það er of óljóst til að hægt sé að fullyrða um það. Aðeins sést í grjóthleðslur á tveimur stöðum í austurvegg. Austasta hólfið í hinni eiginlegu bæjartóft er hólf D. Það er nokkuð stæðilegt og er 4 x 2 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op hefur líklega verið austarlega á suðurvegg. Veggir eru annars í ágætu ástandi og sést í grjóthleðslur í þeim öllum. Svolítið rof virðist þó vera í hólfið til vesturs, sunnarlega. Hólf G er austan við sjálfa bæjartóftina, þó byggt upp við hana, en líklega síðar. Hólfið stendur mjög vel og eru veggir um 1,5 m á hæð og má greina 7 umför af grjóthleðslu í þeim. Tóftin er að mestu opin til suðurs. Eins og áður segir hefur aðgangi að bæjarhlaði verið lokað á seinni fasa þessa svæðis og líklega tengist það byggingu þessa húss, þ.e. að það sem var í þessu húsi hafi ekki átt erindi upp á bæjarhlaðið. Þó er rétt að taka fram að ekki er hægt að útiloka að þetta hús hafi verið í notkun eftir að bærinn er farinn í eyði eins og á síðustu stigum hans en það er þó ólíklegt enda hefði þá e.t.v. legið betur við að nýta eitthvað af hinum yfirgefnu bæjartóftum. Beint fyrir ofan (norðan) hólf C og D er óljós veggur sem stendur talsvert hærra en hólfin fyrir neðan og er botn hólfanna í svipaðri hæð og veggjartoppar framhúsanna. Hólf F gæti hafa verið heytóft. Hólfið er óverulegt og eru veggir aðeins 0,2 m hærra en umhverfið. Hólfið er 5 x 3 m að stærð og snýr h.u.b. austur-vestur. Hólf E er L laga. Það er vestan við hólf F. Talsvert hefur hrunið inn í hólfið að vestan. Það er 4 x 1,5 m stórt og snýr austur-vestur en vestasti hluti hólfsins snýr þó norður-suður er 4 x 2,5 m að stærð. Hólfið er byggt inn í brekkuna. Líklega hefur verið hólf fyrir ofan hólf C, samsíða hólfi D að hluta en það er nú alveg samanfallið og ógreinilegt.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Ásar 1, 3.

SF-175b:003 kuml legstaður 529167 352894
Í kjölfar hlaups í Skaftá árið 2015 fundust forn mannabein, sverð frá víkingaöld og fleiri gripir á austurbakka Eldvatns haustið 2016. Fundarstaðurinn var í lítilli vík inn í austurbakka Eldvatnsins um 900 m NNA við gamla bæinn á Eystri-Ásum og 390 m norðvestan við býlið Nes 001 sem fór að mestu undir hraun í Skaftáreldum árið 1783. Líkur eru til þess að þarna hafi verið kumlateigur en ósennilegt er að fleiri kuml finnist á staðnum vegna landbrots.

Ekki er hraun yfir svæðinu þar sem gripir og mannabein fundust og á því vatnið í ánni greiða leið að jarðveginum. Á óbrunna svæðinu er leirkenndur jarðvegur og sendinn. Verið er að græða það upp og búið að sá grasfræi í það.

Horft yfir "víkina" þar sem sverðið fannst SF-175b:003. Á mynd til vinstri er horft til suðausturs en til norðausturs á mynd til hægri

Sverðið sem fannst við Eldvatnið. Myndin er klippt úr mynd sem birtist í frétt um fundinn í Morgunblaðinu https://www.ruv.is/frett/sverdid-la-ovarid-i-sandinum

Eftirfarandi texti er eftir Ugga Ævarsson, minjavörð Suðurlands, sem birtist í yfirlitsskýrslu Minjastofnunar um fornleifarannsóknir árið 2016: "Haft var samband við Minjastofnun Íslands þann 3. september þegar veiðimenn gengu fram á fornt sverð í Skaftárhreppi á Suðurlandi þar sem þeir voru á gæsaveiðum. Minjavörður Suðurlands fór á staðinn og kannaði aðstæður sem voru ill skiljanlegar: sverð lá á austurbakka Eldvatnsins og engin ummerki um gröf eða aðrar mannlegar athafnir. Minjavörður ásamt fleiri starfsmönnum Minjastofnunar leitaði í bakkanum upp og niður með ánni en fundu ekkert. Nokkru seinna gekk annar hópur veiðimanna fram á beinadreif nokkru ofar með Eldvatninu. Minjavörður fór aftur á staðinn við annan mann ásamt mannabeinafræðingi, Hildi Gestsdóttur hjá Fornleifastofnun Íslands ses. Var þá svæðið rannsakað og fundust leifar kumlsins á lítilli sandeyri sem var umflotin vatni. Fyrir Skaftárelda 1783 var ekki meira vatnsfall þar sem nú er Eldvatnið, en lækur. Smám saman hefur Eldvatnið afhjúpað þessa heiðnu gröf og í vatnavöxtum hefur vatnið rofið gröfina og dreift grafarinnihaldinu á um 100 m² svæði. Maður á miðjum aldri og vopn eru uppistaðan í grafarinnihaldinu en ekki fundust nema átta bein og má álykta að afgangurinn af beinagrindinni hafi skolast í burt. Sverðið hefur verið aldursgreint til síðari hluta 10.aldar og er af gerðinni Q. Fyrir utan sverðið fundust fjórir járngripir auk sverðsins; spjót, sigð, hnífur og meintur örvaroddur. Gröfin var illa farin því aðeins grafarbotninn var eftir. Minjastofnun hefur vaktað svæðið síðan fundurinn varð."

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Yfirlit yfir fornleifarannsóknir 2016 (væntanlegt), https://www.ruv.is/frett/sverdid-la-ovarid-i-sandinum

SF-175b:004 gerði kálgarður 529509 353313

Kálgarður er beint sunnan við yngri bæ í Nesi 002 og er aðeins bæjarhlað 005 á milli.

Heimatún Ness er eins konar eyland í straumi Skaftárhrauna sem runnið hafa allt umhverfis. Ef stærsta svæðið er mælt er það um 750 x 415 m að stærð NNV-SSA en hið eiginlega túnstæði er mun minna eða um 300 m frá tunguenda og upp á háhólinn (þótt eitthvað graslendi sé reyndar enn norðar) og er það um 60-70 m á breidd. Frá bæjartóftinni er stutt upp á hóltopp svæðisins en

Kálgarður SF-175b:004. Á mynd til vinstri er horft til suðurs en til NNA á mynd til hægri.
Fyrir teikningu af kálgarðinum, sjá fornleif SF-175b:001

sæmilegt tún, í halla er umhverfis. Bæjartóftin er því ofarlega í túninu, örlítið vestarlega í því en fram af henni gengur löng hóltota til SSA.

Kálgarðurinn er vandlega hlaðinn úr grjóti og torfi en algróinn. Garðurinn er 15 x 12 m stór og snýr austur-vestur. Op er á suðurhlið hans austan við miðju og einnig í norðvesturhorni þar sem bæjartröðin liggur í gegn. Veggir eru víða um 0,5 m á hæð og 1,2 m á breidd. Dæld, um 8 x 5 m að stærð er í suðvesturhorni garðsins og er hún 0,2 m dýpra en umhverfið.
Hættumat: engin hætta

SF-175b:005 kantur hlað 529504 353315
Bæjarhlað er fyrir framan (sunnan) bæinn í Nesi 002. Heimatún Ness er eins konar eyland í straumi Skaftárhrauna sem runnið hafa allt umhverfis. Ef stærsta svæðið er mælt er það um 750 x 415 m að stærð NNV-SSA en hið eiginlega túnstæði er mun minna eða um 300 m frá tunguenda og upp á háhólinn (þótt eitthvað graslendi sé reyndar enn norðar) og er það um 60-70 m á breidd. Frá bæjartóftinni er stutt upp á hóltopp svæðisins en sæmilegt tún, í halla er umhverfis. Bæjartóftin er því ofarlega í túninu, örlítið vestarlega í því en fram af henni gengur löng hóltota til SSA.

Hlaðið er meðfram bænum á um 15 m kafla. Það er um 1 m beitt og um 0,5 m hærra en kálgarðurinn 004 neðan við. Gengt er að bænum úr vestri en til austurs hefur verið hlaðið fyrir traðirnar/bæjarhlaðið milli bæjar og kálgarðs.
Hættumat: engin hætta

SF-175b:006 tóft hlutverk óþekkt 52952 353331
Mjög lítil þúst er skammt norðaustan við bæ 002 og eru aðeins um 11 m milli hennar og hólfs G í bæjarrústinni.

Þúst SF-175b:006. Á mynd til vinstri er horft til norðurs en til vesturs á mynd til hægri

Heimatún Ness er eins konar eyland í straumi Skaftárhrauna sem runnið hafa allt umhverfis. Ef stærsta svæðið er mælt er það um 750 x 415 m að stærð NNV-SSA en hið eiginlega túnstæði er mun minna eða um 300 m frá tunguenda og upp á háhólinn (þótt eitthvað graslendi sé reyndar enn norðar) og er það um 60-70 m á breidd. Frá bæjartóftinni er stutt upp á hóltopp svæðisins en

sæmilegt tún, í halla er umhverfis. Bæjartóftin er því ofarlega í túninu, örlítið vestarlega í því en fram af henni gengur löng hóltota til SSA. Þústin er í grasi grónum flata fremur austarlega í Neshólnum. Snöggvaxið gras er í kring

Greinilegt er að mannvistarleifar leynast undir sverði á þessum stað en erfitt er að ráða í ummerkin. Stærð svæðisins er um 2,3 x 2 m og snýr það austur-vestur og er 0,1-0,2 m hærra en umhverfið. Í raun eru ummerkin nokkrar samvaxnar og fagurgrænar þúfur sem skera sig úr gróðurfarinu í kring.

Hættumat: engin hætta

SF-175b:007 þúst útihús 59550 353331

Tóft er í túni yngri Nesbæjar 002 um 40 m austan við bæ. Tóftin er í túnjaðri. Heimatún Ness er eins konar eyland í straumi Skaftárhrauna sem runnið hafa allt umhverfis. Ef stærsta svæðið er mælt er það um 750 x 415 m að stærð NNV-SSA en hið eiginlega túnstæði er mun minna eða um 300 m frá tunguenda og upp á háhólinn (þótt eitthvað graslendi sé reyndar enn norðar) og er það um 60-70 m á breidd. Frá bæjartóftinni er stutt upp á hóltopp svæðisins en sæmilegt tún, í halla er umhverfis. Bæjartóftin er því ofarlega í túninu, örlítið vestarlega í því en fram af henni gengur löng hóltota til SSA. Þústin er í grasi grónum flata fremur austarlega í Neshólnum. Snöggvaxið gras er í kring en sjálf er tóftin gróin mosa og grasi.



Þúst SF-175b:007. Á ljósmynd er horft til ANA

Þústin er mjög sigin og óskýr og er 9 x 8 m að stærð. Hún snýr norður suður en suðurhluti hennar er mun greinilegri en norðurhlutinn. Þar er þústin um 0,2-0,3 m hærri en umhverfið, annars aðeins um 0,2 m. Sunnarlega sést móta fyrir veggjum og er helst að giska á að tóftin hafi verið einföld. Ekki sést op á henni. Niðurgröftur (um 2-3 x 1-2 m stór) er skammt norðvestan við hana og má vera að þar hafi torf verið stungið. Þústin er algróin.

Hættumat: engin hætta

SF-175b:008 tóft útihús 529569 353238

Útihústóft er í túni yngra bæjarstæðis Ness, uppi á Neshóli, um 100 m suðaustan við bæinn 002 og 55 m suðaustan við útihústóft 009. Tóftin er á kúptum hæðarhrygg og hallar frá tóft til NNA og SSV. Túnið er gamalt og hefur ekki verið ræktað upp en aðeins auðgað með húsdýraáburði. Það er nánast slétt en hart undir fæti. Í því vex mosi og gras. Talsverð grænka er í grasinu um 20 m suðaustan við tóftina en þar sjást engin ummerki um mannvirki. Þar er komið fram á brún rofs sem er á allri austurhlið Neshóls, víðast gróið.



Tóft SF-175b:008. Á ljósmynd er horft til NNV

Tóftin er um 7x4 m að stærð og snýr NNA-SSV. Hún er einföld og virðist lítillega niðurgrafin. Veggir sjást ekki nema 0,1 m há hleðsla á SSV-gafli. Hún er torfhlaðin og virðast veggirnir hafa rofið burt en gróið aftur. Innanmál er um 3x1 m og var op á SSV-gafli. Fast vestan við tóft er líkt og gróið rof, allsstór en grunn dæld. Ætla má að þar hafi torf verið stungið upp sem notað var í veggjahleðslur.
Hættumat: engin hætta

SF-175b:009 tóft útihús 529523 353270
Útihústóft er í túni yngra bæjarstæðis Ness, á flatlendi uppi á Neshóli, um 55 m SSA við bæinn 002 og 55 m norðvestan við útihústóft 008.



Tóft SF-175b:009. Á ljósmynd er horft til NV

Túnið er gamalt og hefur ekki verið ræktað upp en aðeins auðgað með húsdýraáburði. Það er nánast slétt en hart undir fæti. Í því vex mosi og gras.

Tóftin er einföld, hlaðin úr aðfluttu hraungrýti og torfi. Hún er 4x5 m að stærð og snýr VNV-ASA. Dyraop er á miðjum SSV-vegg. Veggir eru 0,5 m á hæð utanmáls, hæstir á SSV-hlið. Í þeim sjást 2 umför grjóthleðslna. Austurhluti tóftarinnar er samansiginn og hrunið hefur ofan í þann hluta. Nokkuð afgerandi þúfa eða þúst er við suðvesturhorn tóftarinnar. Hún er 1 m í þvermál og 0,2-0,3 m á hæð.
Hættumat: engin hætta

SF-175b:010 tóft útihús 529519 353144
Útihústóft er í túnjaðri nærri yngra bæjarstæði Ness, um 170 m sunnan við bæ 002 og 55 m sunnan við tóft 011.

Tóftin er í smáþýfðum móa fast suðvestan við gróið rofabarð í túnjaðri. Fremur flatlent er í kringum tóftina en annars er aflíðandi halli til suðurs. Ummerki um efnistöku eru til vesturs.

Tóft SF-175b:010. Á ljósmynd er horft til NV

Tóftin er einföld og virðist torfhlaðin. Hún er um 7x4 m að stærð og snýr norður-suður. Samansigið dyraop er í norðausturhorni hennar. Innanmál tóftarinnar er skýrt en samansigið og er 0,5x3 m. Mesta hæð veggja er 0,6 m.
Hættumat: engin hætta

SF-175b:011 tóft útihús 529508 353195
Lítil torfhlaðin útihústóft er suðvestan undir grónu rofabarði í túnjaðri yngra bæjarstæðis Ness, um 55 m norðan við tóft 010 og 120 m sunnan við bæ 002.



Tóft SF-175b:011. Á ljósmynd er horft til SSV

Vestan við tóftina er smáþýfður lyngmói en austan við hana er grasi gróið gamalt tún í halla til suðurs. Ummerki um efnistöku eru skýr VNV og ANA við tóftina.

Tóftin er einföld, 5x4 m að stærð og snýr NNA-SSV. Hún er nokkuð ferhyrnd og er dyraop á henni í suðurhorni. Hún er 1x1 m að innanmáli. Veggir eru tæpir 2 m á breidd og 0,3 m á hæð. Ekkert grjót sést í veggjum hennar og má ætla að hún sé að mestu torfhlaðin.
Hættumat: engin hætta

SF-175b:012 tóft útihús 529492 353228
Úthústóft er í túnjaðri yngra bæjastæðis Ness, um 35 m norðvestan við tóft 011 og 90 m sunnan við bæ 002. Vestan við tóftina er smáþýfður lyngmói en austan hana við er grasi gróið gamalt tún í halla til suðurs.



Tóft SF-175b:012. Á ljósmynd er horft til ASA

Tóftin er torfhlaðin og einföld tóft. Hún er 7x4,5 m að stærð og snýr ASA-VNV. Tóftin er nokkuð óskýr, einkum innanmál hennar. Samansigið dyraop er á miðri SSV-hlið. Veggir tóftarinnar eru 1-1,5 m á beidd og 0,2-0,3 m á hæð.
Hættumat: engin hætta

SF-175b:013 tóft útihús 529447 353313
Lítil tóft er í túni yngri Nesbæjar 002, um 50 m vestan við bæ 001. Tóftin er í vesturjaðri hins eiginlega túns en skammt vestar tekur við mói.

Heimatún Ness er eins konar eyland í straumi Skaftárhrauna sem runnið hafa allt umhverfis. Ef stærsta svæðið er mælt er það um 750 x 415 m að stærð NNV-SSA en hið eiginlega túnstæði er mun minna eða um 300 m frá tunguenda og upp á háhólinn (þótt eitthvað graslendi sé reyndar enn norðar) og er það um 60-70 m á breidd. Frá bæjartóftinni er stutt upp á hóltopp svæðisins en sæmilegt tún, í halla er umhverfis. Bæjartóftin er því ofarlega í túninu, örlítið vestarlega í því en fram af henni gengur löng hóltota til SSA. Þústin er byggð suðvestan í hæð og hallar til vesturs.



Tóft SF-175b:013. Á ljósmynd er horft til suðvesturs

Tóftin er lítil og einföld og algróin. Hún er 5 x 4 m stór og snýr h.u.b. norður-suður. Suðurgafl er mjög skýr og sömuleiðis syðstu hlutar austur- og vesturveggja en aðrir veggir eru óljósari. Tóftin hefur verið grafin inn í brekkuna og brekkan hefur skriðið fram og gróið yfir hana þannig að norðurhlutinn er óskýr.
Hættumat: engin hætta

SF-175b:014 tóft hlutverk óþekkt 529522 352713
Lítil tóft sem virðist vera yngra byggingarstig en elstu tóftirnar í túninu á Nesi (eldra bæjarstæði 001) er um 15 m norðaustan við tóft 001A, nálega í miðju Nestúninu gamla.



Tóft SF-175b:014. Á ljósmynd er horft til norðurs

Graseyja umkringd Skaftáreldahrauni á alla vegu. Talið er að eldri bærinn í Nesi hafi verið á þessum slóðum en líklega hefur sjálft bæjarstæðið horfið í hraunið en hluti af túni og útihúsum á þessum bletti varðveist. Túnbleðillinn er hjartalaga og mest um 100 x 80 m stórt.

Á þessum stað er hæð um 8 x 6 m stór og snýr norður-suður. Greinileg tóft er í norðurenda hólsins. Hún snýr austur-vestur með op til suðausturs. Í framhaldi af tóftinni er svo hóllinn til suðurs en norðarlega í honum er dæld sem gengur inn í hólinn og snýr austur-vestur. Hún er 6 x 4-5 m en er óskýr til suðvesturs. Líklega er þessi tóft eða hólf eldri en hin og tóftin sem er í norðurenda þá byggð ofan í eldri rústahól en þó er mögulegt að síðarnefnda tóftin sé samtíma og þá mögulega veigaminni, t.d. heystæði. Frá veggjatopp þeirra tóftar sem er norðar eru um 0,5 m niður á veggjatopp þeirrar tóftar sem er sunnar. Gróðurfar á báðum tóftum er þó svipað. Vel má vera að eldri leifar leynist undir sverði á þessum stað en yngstu leifar gætu verið frá því eftir að bær leggst í eyði á þessum stað enda má vera að túnbletturinn hafi verið notaður áfram.
Hættumat: engin hætta

SF-175b:015 þúst útihús 529499 352696
Aflöng hæð er í túninu á gamla Nesi, um 5 m norðan við garðlagið sem liggur þvert yfir túnið (sjá 001). Mögulegt er að mannvistarleifar leynist undir sverði á þessum stað.

Þúst SF-175b:015. Á ljósmynd til hægri er norðurs en til NNV á mynd til hægri

Graseyja umkringd Skaftáreldahrauni á alla vegu. Talið er að eldri bærinn í Nesi hafi verið á þessum slóðum en líklega hefur sjálft bæjarstæðið horfið í hraunið en hluti af túni og útihúsum á þessum bletti varðveist. Túnbleðillinn er hjartalaga og mest um 100 x 80 m stórt. Þústin er mosa- og grasi vaxin. Hæðin er um 10 x 6 m stór og snýr austur-vestur. Hún er 0,3 m hærri en umhverfið. Er grasi gróin og örlítið grænni en umhverfið, svolítið ólöguleg en ekki er ólíklegt að mannvistarleifar gætu leynst undir sverði.

Hættumat: engin hætta

SF-175b:016 þúst útihús 529537 35225
Lítil þúst er norðaustarlega í gamla túni Ness um 40 m norðaustan við tóft 001A. Þústin er nálægt norðausturjaðri túnsins eins og hann er nú.

Þúst SF-175b:016. Á ljósmynd er horft til norðurs

Eldra bæjarstæði Ness er graseyja umkringd hrauni frá Skaftáreldum á alla vegu. Líklega hefur sjálft bæjarstæðið horfið í hraunið en hluti af túni og útihúsum á þessum bletti varðveist. Túnbleðillinn er hjartalaga og mest um 100 x 80 m stór. Innan þess er garðlag og gerði og tóft áföst því (sjá SF-175b:001A-C) og þrjár ólögulega þústir í túninu (SF-175b:014, 018 og 020). Þústin er á flata.

Þústin er einföld og um 4 x 3 m stór. Hún virðist hafa snúið austur-vestur og er einföld. Þústin er algróin og 0,2 m á hæð. Hugsanlegt er að það vanti á suðausturhlið tóftar.
Hættumat: engin hætta

SF-175b:017 þúst hlutverk óþekkt 529486 352716
Hæð þar sem mögulegt er að mannvistarleifar leynist undir sverði er norðarlega í túni gamla Nesbæjarins, um 30 m suðvestan við tóft 001A.

Graseyja umkringd Skaftáreldahrauni á alla vegu. Talið er að eldri bærinn í Nesi hafi verið á þessum slóðum en líklega hefur sjálft bæjarstæðið horfið í hraunið en hluti af túni og útihúsum á þessum bletti varðveist. Túnbleðillinn er hjartalaga og mest um 100 x 80 m stórt. Þústin er mosa- og grasi vaxin.

Þúst SF-175b:017. Á ljósmynd til vinstri er horft til suðurs en til NNV á mynd til hægri

Lág hæð í túninu og mögulegt að mannvistarleifar leynist undir sverði. Hæðin er samtals um 12,5 x 6 m að stærð og snýr h.u.b. norður-suður. Ekki er hægt að fullyrða um það en útlit hæðarinnar gæti þó bent til að svo sé og var hún látin njóta vafans. Suðvestasta hluti hæðarinnar það svæði sem einna líklegast er að mannvistarleifar leynist (um 6 x 6 m svæði) á hæðinni er

mosavaxnara og grænna en annars staðar og þar er grænn kantur sem var mældur sérstaklega. Þar sem mest er er þústin 0,4-0,5 m hærra en umhverfið.
Hættumat: engin hætta

SF-177 Svínadalur



Kortið að ofan byggir á túnakorti frá 1920 (sjá frumrit á næstu síðu). Ofan á merkingar af túnakortinu hafa verið merktar allar þekktar fornleifar, bæði þær minjar sem sýndar eru á upprunalegu túnakorti og aðrar minjar sem fundust við skráningu



Túnakort frá 1920, varðveitt á Þjóðskjalasafni Íslands



Bæjarteikning Dana frá 1904. Öll mannvirki sem sýnd eru á kortinu teljast til fornleifa og voru skráð. Kortið er fengið af vef LMÍ

1343: Fjallað er um jörðina í fornbréfasafni og kemur fram að kirkjan er Nikulásarkirkja og er þá orðin útkirkja frá Búalndi. DI II, 784.
1523: jarðar og kirkju er getið í máldaga "Kirkia j Svinadal a viijc". DI IX 189
1570 og síðar: er jarðarinnar getið í Gíslamáldaga með jörðum sem eiga sókn í Búlandskirkju. DI XV, 705
1598: er getið um hálfkirkju; AM 263 fol. Bl. 94, 95
1601: kemur fram í handriti að hálfkirkjan í Svínadal sé löngu lögð niður en fjaran fylgi enn jörðinni. 268. 4to bl. 7a-b (fúið) skr. 1601. DI II, 784
1783: "Af landi Svínadals fór stór hluti undir hraun í Skaftáreldum. Fylgja því jörðinni víðlend

Yfirlitsmynd af Svínadal. Á myndinni er horft til suðurs yfir heimatúnið og Eldvatn.

hraunlönd en þar voru aðalslægjulönd jarðarinnar. ...Eftir það varð að sækja slægjur upp á Svínadalsheiði og eru þær frekar reitingssamar. Hagar grösugir og skjólgóðir. Jörðin er afgirt nema hraunlandið. ... Nægjanlegt þurrt land til ræktunar. Kirkja var í Svínadal fram á 13. öld og fylgir kirkjufjara Svínadalnum. " Sunnlenskar Byggðir VI, 277.
1847: 24 hdr, Flögujörð. Konungseign. "1806 segir, að jörðin eigi skógarítak í Áss landi Í Kleifarhrepp, og fjöruítak við Odda í Meðallandi." (JJ). Í Nýrri Jarðabók fyrir Ísland er forn hundraðatala 24 en ný 12.9.
um 1850: "Þessi jörð er allgóð útigangsjörð bæði fyrir sauðfé og hross, heyskapur líkt og annars staðar bærilegur að mýrarelftingar heyskap" segir í Sýslu- og sóknarlýsingum, 203-204.
1920: Tún 3,7 ha 1920. Matjurtagarðar 1315 m2. Túnakort 1920.
1925: "Rafstöð var byggð í Svínadal árið 1925 og er hún enn í gangi. Bjarni í Hólum reisti stöðina sem var 4 kW." Sunnlenskar Byggðir VI, 277.
1944: "Árið 1944 var jörðinni skipt í tvær jafnar jarðir [Svínadalur og Múli]. ..." SB VI, 277.
Um 2000: bærinn fer í eyði.

SF-177:001 *Svínadalur* bæjarhóll bústaður 527597 357880
"Bærinn að Svínadal stendur vestan vatnsins, talsvert norðan þjóðvegarins að brúnni á Eldvatninu," segir í örnefnaskrá. Í Svínadal stendur reisulegt, steinsteypt og bárujárnsklætt íbúðarhús sem er vel við haldið og var það byggt á gamla bæjarstæðinu árið 1932. Bærinn fór í eyði rétt fyrir 2000 en íbúðarhúsið er enn nýtt sem sumarhús. Bærinn í Svínadal er á sléttu sem nær út að áreyrum. Ofar tekur við nokkuð brött hlíð, skorin giljum.



Gamli bærinn í Svínadal (SF-177:001). Blýantsteikning gerð eftir leiðsögn nokkurra ættmenna. Í eigu Þórhalls Oddsteinssonar

Bærinn sem merktur er inn á bæjarteikningu Dana frá 1904 virðist hafa verið tvö stakstæð hús eða húsasamstæður. Annars vegar aflangt hús sem sneri NNV-SSA og hins vegar löng samstæða norðaustan við sem snúið hefur norðaustur-suðvestur. Suðvestan-, suðaustan- og norðaustan við þessi hús hafa verið þrír kálgarðar samkvæmt kortinu og eru þeir skráðir með undir sama númeri (allt hér undir 001). Íbúðarhúsið er með djúpum kjallara sem án efa hefur skemmt mannvistarleifar undir sverði nokkuð. Til NNA frá lóðamörkum íbúðarhússins er svo útihúsasamstæða úr blönduðu efni (torfi, grjóti, timbri og steypu) sem er í tvennu lagi en var einnig skráð undir númerinu 001. Greinilegur bæjarhóll sést í



Gamli bærinn í Svínadal (SF-177:001). Blýantsteikning gerð eftir leiðsögn nokkurra ættmenna. Í eigu Þórhalls Oddsteinssonar

Bæjarstæðið í Svínadal SF-177:001. Á mynd til vinstri er horft til ANA en á mynd til hægri er horft til SSV

Svínadal. Hann er greinilegastur til suðurs, þar sem íbúðarhúsið stendur og syðsti hluti útihúsasamstæðu er. Bæjarhóllinn er um 80 x 40 m stór og snýr norður-suður. Hann er mest um 1,5 m á hæð en er víða mun lægri og vart merkjanlegur til norðurs. Bæjarhóllinn er án efa talsvert raskaður. Samkvæmt Þórhalli Oddsteinssyni heimildamanni stóð hlóðaeldhús gamla bæjarins eftir

Horft yfir samstæðu SF-177:001 og íbúðarhúsið sem nú stendur í Svínadal á mynd til vinstri, horft til SSA. Á mynd til hægri er hlöðutóft SF-177:001_hólf F

þegar stærstur hluti hans var rifinn. Á blýantsteikningu af gamla bænum í Svínadal sem nokkrir eftirlifandi ættingjar Þórhalls gerðu má sjá að gengið var inn í bæinn fyrir miðju húsi og var þá stór baðstofa á vinstri hönd en herbergi nefnt "Miðhús" vinstra megin við göngin en gengt úr henni til hægri í "Stofu". Innar með bæjargöngunum var svo eldhús á hægi hönd (innan við Miðhús) og innan úr því (til hægri) var gengt í Gestaherbergi. Bæjargöngin enduðu svo í Hlóðaeldhúsi, allra innst. Þetta var hlóðaeldhús sem gengið var inn í frá gangaenda gamla bæjarins. Eldhúsið var stakstætt eftir að gamli bærinn var rifinn og nýtt hús reist. Umrætt hús var síðast notað sem reykkofi áður en það var rifið. Verður nú helstu byggingum á bæjarhólnum lýst og hefst lýsingin syðst. Þar er sem fyrr segir steinsteypt íbúðarhús sem enn stendur og er um 9 x 9 m að grunnfleti. Að húsabaki er gryfja sem er 2,5 x 2,5 m að stærð sunnan við það þúst úr torfi, grjóti og timbri, samtals um 5 x 2,5 m að stærð. Um 10 m norðan við íbúðarhúsið er svo útihúsasamstæðan sem er samtals 47 x 18 m stór og snýr NNA-SSV. Syðst í henni er hús A. Það er um 15 x 6-7 m stór bárujárnskofi en í veggjum er torf, grjót og timbur. Húsið er undir þaki. Norðan við A er torfþúst um 2 m breið en norðan hennar tekur við steinsteypt rafstöðvarhús B. Það er einnig undir þaki og gengur steinsteyptur veggur frá því og til vesturs frá norðvesturhorni. Húsið er 4 x 3 m að stærð. Norðan við rafstöðvarhús B er opin tóft með húsi undir þaki að baki (hús C). Sjálf tóftin er 9 x 4,5 m að



Teikning af þeim hluta bæjarsamstæðunnar sem enn stendur SF-177:001

innanmáli og er opin til austurs en vestan við er sem fyrr segir bygging undir þaki sem stendur nokkuð hærra en tóftin. Byggingin er 11 x 9 m stór. Svæði D er á milli C og E. Þar má greina grjóthlaðið hólf en talsvert hefur hrunið úr byggingunum við hliðina þannig að erfitt er að áætla stærð hólfsins. Það er þó gróflega áætlað 7,5- X 4,5 m að innanmáli. Hólfið er opið til austurs. Norðan við hólf D er hólf/hús E. Þak hefur hrunið inn í það og því erfitt að áætla stærð en hún er þó gróflega áætluð 10-12 x 4 m. Húsið hefur verið úr timbri, torfi og grjóti og að hluta klætt bárujárni. Op hefur verið til austurs. Hólf E er í raun nyrsta hólfið í syðri hluta útihúsasamstæðunni en gangvegur er á milli þess og norðurhluta samstæðunnar og eru þær því ekki samtengdar. Norðursamstæðan samanstendur af hólfi F sem er annars vegar opin tóft (7 x 3 m að innanmáli) og hins vegar bárujárnskofi undir þaki að baki (hann er 2-3 m á kant). Samtals er þessi hluti 12,5 x 5-6 m stór. Norðan við F er stórt hús, úr blönduðu efni, undir þaki. Veggir hússins eru úr torfi og grjóti og stingur miðjuveggurinn sér út fyrir bárujárns hliðina sem snýr til austurs. Húsið er samtals um 15 x 15 m stórt.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1920; Bæjarteikning Dana frá 1904, Ö-Svínadalur, 1.

SF-177:002 heimild um kirkju 527595 357873
"Kirkja var í Svínadalnum fram á 13. öld og fylgir kirkjufjara Svínadalnum," segir í Sunnlenskum byggðum. Ekki er vitað hvar kirkjan í Svínafelli stóð og engar sagnir eru þekktar um að menn hafi komið niður á bein eða annað sem gæti gefið vísbendingar um staðsetningu. Ekki eru heldur þekkt örnefni sem gætu gefið vísbendingar um staðsetningu hússins. Því er ekki annað vitað um staðsetningu kirkjunnar en það að líklegast hefur hún verið í námunda við bæjarhúsin eins og algengast var, mögulega á svipuðum slóðum og útihúsasamstæða stendur nú. Bærinn í Svínadal stendur á sléttu sem nær út að áreyrum. Ofar tekur við nokkuð brött hlíð, skorin giljum.
SVÍNADALUR Í SKAFTÁRTUNGU (BÚLANDSÞING) (VS) Nikulási HÁLFKIRKJA
c. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII 5
[1343]: Svijnadalur gamall maldage. Nicholas kirkia j svinadal a vij kvgilldi. klvkkv eina oc tuær biollur. v. merkur vax. kertistikur ij. glodarker refvel eirn. oc stintiolld tvo forn. ein messvfot. alltarisklædi ij oc dvkar med. iij bækur. slopp. sacrarivm. þar skal syngia af Bvlandi iij helgidaga samfast. syngia Nicholasmesso fyrre. huersu sem ber. sækia skal prest med hesti. fra allra heilagra messv oc til krossmessv. þar skal segiazt messa med jmbrodogvm ollvm. ad avk helgra daga. Tekur prestur iij merkur. kirkian a c vorv. kalek. glitadan dvk oc v. avra. Máld DI II 784
1523: gamall maldagi. Kirkia j Svinadal a viijc. DI IX 189
1598: hálfkirkja; AM 263 fol. Bl. 94, 95}. Jörðin átti fjörurétt við Meðallandssand, austan við Skarðsfjöruvita og samkvæmt Þórhalli Sæmundssyni heimildamanni að Skálarfjöru en á örnefnakort Landmælinga Íslands er þó örnefnið Svínadalsfjara merkt svolítið austar, á milli Skálarfjöru og Slýjafjöru.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Sunnlenskar Byggðir VI, 277; DI XII 5; DI II 784; DI IX 189

SF-177:003 *Kvarnarhóll* tóft fjárhús 527514 357642
Útihús er merkt inn á bæjarteikningu Dana frá 1904 og túnakort frá 1920 um 250 sunnan við bæ 001. Þar er stór fjárhústóft á Kvarnarhóli. Tóftin stendur hátt á hólnum í gróinni torfu í gamla heimatúninu. Túnið er ekki lengur slegið en er beitt.

Tóftin er torf- og grjóthlaðin, er 18x5 m að stærð og skiptist í þrjú hólf. Hólfin snúa öll



Fjárhústóft SF-177:003. Á ljósmynd er horft yfir tóftina til NNV og ofan í hlöðu

norðvestur-suðaustur eins og tóftin. Op er á tóftinni í suðausturenda inn í hólf I sem er 2x4 m að innanmáli. Óljóst sést móta fyrir undirstöðum jata við langveggi. Um 2 m innan við opið inn í hólf I virðast vera leifar af hleðslu í miðju hólfinu sem er 2x0,5 m að stærð og 0,4 m á hæð. Ekki er hlaðinn veggur á milli hólfa I og II. Hólf II er í miðri tóftinni og er gólfið í því mun hærra en í hólfum I og III. Það er um 2x4 m að innanmáli. Lágur kantur er á milli hólfa II og III. Hólf III er niðurgrafin hlaða sem er 6x2 m að innanmáli. Mesta hæð veggja í tóftinni er 1,3 m og í innanverðum hleðslum sjást 5-6 umför.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Bæjarteikning Dana 1904; Túnakort 1920

SF-177:004 heimild um útihús 527480 357737

Útihús er merkt inn á bæjarteikningu Dana frá 1904 og túnakort frá 1920 um 170 m sunnan við bæ 001 og 50 m norðaustan við útihús 005. Útihúsið var í Kjóatúni en engin ummerki þess sjást lengur.

Útihúsið var í halla mót suðaustri í túni sem er sléttað. Það er ekki lengur slegið en er nýtt til beitar.

Útihúsið virðist hafa verið norðan við skorning inn í torfuna sem túnið er í en sá skorningur er ekki sýndur á túnakortinu eða bæjarteikningunni. Útihúsið hefur verið sléttað í tún.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Bæjarteikning Dana 1904; Túnakort 1920

Útihús SF-177:004 eins og það er sýnt á Bæjarteikningu frá 1904 (merkt með rauðum hring)

SF-177:005 tóft hrútakofi 527431 357731
Útihús er merkt inn á bæjarteikningu Dana frá 1904 og túnakort frá 1920 um 220 m suðvestan við bæ 001. Þar er lítil tóft af hrútakofa frammi á brún lækjargils efst í gömlu túni sem heitir Kjóatún. Tóftin er við suðvesturenda á garði 053G. Tóftin er í brattri brekku mót suðaustri. Snarbratt og hátt er niður í lækjargil af brúninni til suðvesturs.



Tóft SF-177:005. Á ljósmynd er horft til SA

Tóftin er úr torfi og grjóti og er 7x5 m að stærð. Hún er einföld og snýr norðvestur-suðaustur. Norðvesturendi tóftarinnar er grafinn inn í brekkuna en op er á henni í suðausturenda. Sýnilegar leifar af undirstöðu jötu eru á suðvestur-langvegg og mögulega eru þær einnig á norðaustur-langvegg en sjást illa vegna gróðurs og timburleifa sem eru ofan í tóftinni. Mesta hæð veggja utanmáls er 1 m en norðvesturgafl er 1,6 m á hæð innanmáls og þar sjást 10 umför hleðslu. Lítillega hefur hrunið ofan í dyraopið en að öðru leyti standa hleðslur í tóftinni. Tóftin er hins vegar í stórhættu vegna rofs og mun hún hrynja ofan í lækjargilið til suðvesturs innan fárra ára.
Hættumat: stórhætta, vegna rofs
Heimildir: Bæjarteikning Dana 1904; Túnakort 1920

SF-177:006 *Ekra* tóft fjárhús 527548 357890
Útihús er merkt inn á bæjarteikningu Dana frá 1904 og túnakort frá 1920 um 40 m ofan og vestan við bæ 001 og fast suðvestan við lækjargil þar sem heimarafstöðin 028 er. Tóftin er í miðri brekku



Fjárhús SF-177:006. Á ljósmynd er horft til suðvesturs

innan gamla heimatúnsins sem ekki er lengur slegið. Birkitré eru í röð meðfram austurhlið tóftarinnar.

Fjárhúsin eru úr torfi og grjóti en mest fer fyrir grjóti í veggjahleðslum. Veggir tóftarinnar standa og bárujárnsþak er fallið ofan í fjárhúshluta tóftarinnar. Tóftin skiptist í tvö hólf, fjárhús og hlöðu. Hún er um 19x7 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hlaðan er niðurgrafin í suðvesturenda tóftarinnar. Hún er um 3x6 m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Suðvesturgafl hlöðunnar er 3 m á hæð og efst á honum miðjum er op þar sem hey var sett inn. Opið er um 1 m á hæð og breidd. Í suðvesturgaflinum sjást 10 umför í hleðslu. Fjárhús eru í norðvesturhluta tóftarinnar og eru þau 10x3 m að innanmáli og snúa eins og tóft. Hlaðinn veggur er á milli hlöðu og fjárhúsa, ekki sést op á honum. Í norðausturenda tóftarinnar er bárujárnsþil sem hefur fallið út. Garði er eftir miðjum fjárhúsum. Steypt fjárbað er í norðausturenda garðans en ekki sést úr hvaða efni garðinn er að öðru leyti vegna braks úr þakinu sem fallið hefur ofan í tóftina. Mesta hæð veggja utanmáls er 1,8 m í hlöðunni í suðvesturenda tóftarinnar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Bæjarteikning Dana 1904; Túnakort 1920

SF-177:007 heimild um útihús 527576 357948

Útihús er merkt inn á bæjarteikningu Dana frá 1904 og túnakort frá um 1920 40-50 m norðan við bæ 001 og um 25 m norðan við neðsta hluta kálgarðs 044.

Aflíðandi grasflöt er neðan við kálgarðinn á þeim slóðum sem útihúsið hefur staðið. Svæðið er sinuvaxið en engin ummerki sjást um húsið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Bæjarteikning Dana 1904; Túnakort 1920

Útihús SF-177:007 eins og það er sýnt á Bæjarteikningu frá 1904 (merkt með rauðum hring)

SF-177:008 heimild um útihús 527606 358056

Útihús er merkt inn á bæjarteikningu Dana frá 1904 og túnakort frá 1920 um 130 m norðan við bæ 001 en um 70 m suðvestan við úthús 009. Þar sem húsið stóð er nú sinuvaxið tún milli vegarslóða og brattrar hlíðar. Engin ummerki sjást lengur um húsið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Bæjarteikning Dana 1904; Túnakort 1920

Útihús SF-177:004 eins og það er sýnt á Bæjarteikningu frá 1904 (merkt með rauðum hring)

SF-177:009 tóft útihús 527564 358105
Útihús er merkt inn á bæjarteikningu Dana frá 1904 og túnakort frá 1920 um 200 m norðan við bæ 001, allra nyrst og efst í túni. Tóft útihússins er enn vel greinileg í grónu túni sem ekki er lengur slegið og er því á kafi í sinu. Tóftin er í brekku, í talsverðum halla til austurs.



Útihús SF-177:009. Á ljósmynd er horft til ASA

Tóftin er einföld og 8,5 x 4 m að stærð. Hún snýr þvert á brekkuna eða austur-vestur. Tóftin er byggð inn í brekkuna að nokkru leyti. Op hefur verið á miðjum austurvegg hennar en nú er hrunið yfir það að mestu. Tóftin er yfirgróin og engar grjóthleðslur sjást í henni. Veggir eru mest 0,9 m á hæð. Ekki er vitað nákvæmlega hvaða hlutverki útihúsið gegndi.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Bæjarteikning Dana 1904; Túnakort 1920

SF-177:010 renna 527596 357917
Inn á túnakort frá 1920 er merkt hvar bæjarlæknum í Svínadal hefur verið veitt í boga fram hjá norðurenda bæjarsamstæðu og áfram niður á sandana.

Renna SF-177:010 og brú yfir hana. Á ljósmynd til vinstri er horft til vesturs en til austurs á mynd til hægri

Lækurinn rennur enn á sömu slóðum. Hann virðist í fyrstu sýn í nokkuð náttúrulegum farvegi en þó má ætla að farvegur hans hafi verið grafinn fram þessa leið frá gilinu ofan við bæinn, a.m.k. um 150 m langa leið. Lækurinn er grunnur og víðast innan við 1 m á breidd á þessum slóðum.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1920

SF-177:011 *Fjárhúsholl* tóft+garðlag fjárhús 527617 357467
"Upp undir brúninni er torfa, sem kölluð er Breiðatorfa. Sunnar og neðar er Fjárhústorfa. Neðst í henni er Fjárhúshóll. Þar við er fjárbyrgi, nefnt Gerði," segir í örnefnalýsingu. Fjárhúshóll virðist vera neðsti hlutinn í Fjárhústorfu sem er um 200 m suðaustan við fjárhús 003 á Kvarnarhóli, fast suðaustan við

Líkleg staðsetning fjárhúss SF-177:011, horft til norðurs

Tóft við norðurenda kants,SF-177:011, horft til suðurs



SF-177:011

Kvarnarhólsgilið og 410 m sunnan við bæ 001.
Hóllinn og flatlendi sunnan og austan hans eru komin í tún en það er ekki lengur slegið. Gras og mosi vex á svæðinu.

Engin augljós ummerki eru sýnileg um fjárhús á svæðinu en ofan við þar sem líklegt er að það hafi staðið er hár hlaðinn kantur með áfastri lítilli tóft. Kanturinn kann að vera leifar af Gerði sem nefnt er í örnefnalýsingu hér að ofan. Fjárhúsin hafa að líkindum verið rifin eða sléttuð í tún. Kanturinn er 38 m á lengd og liggur norður-suður. Syðri hluti hans er alveg beinn og er um 1 m á hæð. Hann er torfhlaðinn. Norðan við miðjan kant kemur lítill sveigur á hann til vesturs á um 10 m löngum kafla. Líklegt er að fjárhúsin hafi verið hlaðin þar upp við kantinn. Við norðurenda kantsins er lítil, einföld tóft frammi á norðurbrún Fjárhústorfu. Hún er um 3x5 m að stærð og snýr norður-suður. Op er á henni til suðurs. Hún er sambyggð kanti og því sést ytri brún vesturveggjar ekki. Mesta hæð veggja í tóftinni er 0,4-0,5 m. Hún er gróin og líklega torfhlaðin. Kanturinn hefur

að líkindum tengst gerði sem sambyggt er rétt 012 en ekki er ljóst hvort það hafi alltaf verið svo.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: Ö-Svínadalur 1

SF-177:012 tóft+garðlag rétt 527710 357364
Grjóthlaðin rétt og sambyggður túngarður eru á flatlendi ofan (vestan) við veg að Svínadal og neðan (austan) við háar og brattar torfur. Minjarnar eru 140 m suðaustan við fjárhús 011 og um 530 m sunnan við bæ 001. Minjarnar eru í sléttuðu túni. Lækur rennur á milli stykkja í túninu. Talsverður sandur úr farvegi Eldvatnsins hefur safnast inn í og upp að réttartóftinni.

Réttartóft og garðlag SF-177:012. Á ljósmynd er horft til norðausturs

Túngarðurinn afmarkar svæði sem er um 160x52 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Sambyggð honum er réttartóft um 50 m norðvestan við suðausturenda túnsins. Réttin er torf- og grjóthlaðin og er 19x6,5 m að stærð. Norðvestur-langveggur er styttri en suðaustur-langveggur og ekki er hlaðinn veggur fyrir norðausturenda tóftarinnar. Í framhaldi af suðaustur-langvegg er torfhlaðinn garður sem afmarkar túnið. Mesta hleðsluhæð utanmáls í tóftinni er um 1 m. Hleðslur í norðvestur-langvegg hafa hrunið mikið inn í tóftina. Í suðvesturenda mjókkar tóftin. Þar er mögulega hólf sem er 2,5x6 m að innanmáli en breikkar í suðvesturenda vegna þess að búið er að grafa innan úr tóftinni, mögulega við að moka burt sandi sem berst inn í tóftina. Tvö umför hleðslu sjást undir torfi í innanverðum veggjum tóftarinnar. Túngarðurinn er torfhlaðinn en víða sést aðeins kantur meðfram suðvesturhlið túnsins, í brekkurótum. Túngarðurinn er víða 1 m á breidd og allt að 0,6 m á hæð innanmáls. Rof er komið í hann á stöku stað og búið er að rífa hann á stórum kafla suðaustan við réttina en þar sést enn móta fyrir honum. Auk túngarðsins eru á svæðinu hleðslur sitthvoru megin við læk sem rennur í gegnum túnið suðaustan við réttartóftina og hafa þær átt að halda farvegi lækjarins í skefjum.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: Ö-Svínadalur 1

SF-177:013 *Rauðhúfugil* álagablettur 527910 356885
"Í Brúnkolludal er Rauðhúfugil. Gil þetta mátti ekki slá vegna álaga, og var Rauðhúfa fórnardýr þeirra álaga," segir í örnefnalýsingu. Rauðhúfugil er rúmum 1 km sunnan við bæ 001 og var brekkan sem ekki mátti slá sunnan í gilinu samkvæmt Oddsteini Sæmundssyni, heimildamanni.

Grasi gróin en snarbrött brekka sunnan undir stórri gróðurtorfu. Á þessum slóðum hafa nokkur gil grafið sig í gegnum hlíðina og renna lækir í botnum sumra. Gilið virðist grænka á undan umhverfinu snemma á vorin.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Svínadalur 1

SF-177:014 *Stórihvammur* heimild um ferju 528639 355998
"Sunnan við gilið heitir Múli, sem skagar þar fram að vatninu. Þar var ferjustaður fyrrum. Nú er brúin á Eldvatninu þar. Sunnan við Múlann heitir Stórihvammur. Þar var ferjustaðurinn." segir í örnefnalýsingu. Í Ferðabók Þorvaldar Thoroddsen segir: "Þaðan [frá Svínadal] riðum við um hálsana að ferjustaðnum fyrir neðan Svínadal. Eldvatnið fellur þar niður með hálsunum, milli þeirra og hraunsins, í einum aðalál. Er það á ferjustaðnum mjótt en vatnsmikið og straumurinn þungur." Ferjustaður er merktur á þessum stað á herforingjaráðskort frá því í upphafi 20. aldar. Ferjustaðurinn er um 2,2 km suðvestan við bæ 001 í beina loftlínu en um 650 m norðvestan við nýbýlið Múla. Gömul brú er enn á þessum stað yfir Eldvatnið þótt hún sé nú lokuð umferð. Bakkar Eldvatnsins eru brattir vestan þess en aflíðandi að austan. Klettanef skagar fram í ána um 50 m ofan við núverandi brú. Stórihvammur er neðar á ánni. Engin ummerki fundust um gamla ferjustaðinn.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Svínadalur 2, Ferðabók Þorvaldar Thoroddsen, III. bindi, 154, Herforingjaráðskort 68 SA

SF-177:015 *Þinghóll* örnefni þingstaður 528370 354872
"Suður af Beitilyngsskeri er hóll, sem heitir Þinghóll," segir í örnefnalýsingu. Þinghóll er nú hluti af sléttuðum túnum og hefur örnefnið Þinghóll í raun verið notað yfir talsvert hólasvæði í túninu. Umræddur staður er um 3,2 km SSA við bæ 001 en um 550 m sunnan við nýbýlið Múla og er nú í Múlalandi.

Hólasvæði í grasi grónum túnum. Engin eldri mannaverk sjást lengur á þessum slóðum en býli var vestan í Þinghólum, sjá 016.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Ö-Svínadalur 2

SF-177:016 *Bæjarstaður* bæjarstæði býli 528209 354846
"Vestan í Þinghól [015] heitir Bæjarstaður. Þar eru tættur, bæjarrústir mjög gamlar og einkennileg, gríðarstór, hringlaga tóft," segir í örnefnalýsingu. Í bókinni Svipast um á Söguslóðum segir: "Sæmundur [...] leiðsagði okkur í svonefndan bæjarstað nokkuð niður og vestur frá bæ. Örnefnið er vestan í hæðinni Þinghól. Þarna eru miklar rústir sem virðast seilast aftur til frumbyggðar í Skaftártungu." Minjarnar eru um 3 km sunnan við Svínadal 001.

Minjarnar eru í aflíðandi halla mót suðvestri innan sumarbústaðarlóðar, fast sunnan við lækjargil og austan við mýri sem er austan við Grófará. Innan lóðarinnar eru þrjú sumarhús í röð og er búið að planta miklu af trjám í kringum þau.

Mikið garðlag eða vallargarður (hér nefndur D) markar af rústirnar í Bæjarstað. Garðlagið markar af svæði sem er um 210 x 100 m stórt en er mjög misskýrt. Að vestan hefur það að nokkru leyti horfið í mýri en á loftmynd má þó greina slitrur af því víða í mýrinni. Þegar kemur suður úr mýrinni verður garðurinn greinilegur og mestöll suðurhlið hans er vel greinanleg í suðurjaðri skógræktar sem þarna er sunnan við sumarbústaði. Í suðausturhorni verður erfitt að greina garðinn fyrir trjágróðri en fljótlega, eftir því sem norðar dregur verður hann aftur greinilegur og má segja að mestöll austurhlið garðsins sé merkjanleg þótt reyndar hafi verið gróðursett tré í og við garðinn á talsverðum kafla. Þar sem skógræktinni sleppir til norðurs heldur garðurinn áfram og liggur í talsverðan boga til norðurs og norðausturs, allt að stóru gili sem þar sker landið. Vel er mögulegt að gilið hafi markað af svæðið til norðurs enda er það bæði bratt og djúpt en sé það yngra en minjarnar sjást a.m.k. ekki greinileg ummerki um garðinn norðan þess. Innan vallargarðs voru skráðar fjórar rústir (A, B, C og E) og ekki er hægt að útiloka að þær hafi verið fleiri áður enda hafa talsverðar framkvæmdir átt sér stað á svæðinu, bæði skógrækt, lagning vegarslóða og svo bygging þriggja sumarbústaða.



Bæjarstaður SF-177:016, teiknað ofan á loftmynd frá Loftmyndum ehf

Tóft SF-177:016A. Á ljósmynd er horft til vesturs

Tóft A er vestast á miðju svæðinu. Hún er 28x24 að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Ekki sjást neinar grjóthleðslur í tóftinni en ætla má að hún sé torf- og grjóthlaðin. Greina má fimm hólf í tóftinni og er eitt þeirra stór fjárborg sem byggð hefur verið ofan í eldri bæjartóft. Borgin (hólf I) er í norðvesturhluta tóftarinnar. Hún er 6 m í þvermál innanmáls en í heildina er hún um 14 m í þvermál. Op er á henni til SSV og gengur tunga frá opinu niður halla. Fast austan við hólf I

Horft yfir Bæjarstað SF-177:016. Mest áberandi er tóft A sem er til vinstri við miðja mynd. Drónamynd: Gísli Pálsson

er hólf III. Það er um 3x3 m að innanmáli. Sunnan við það, í halla mót suðri er hólf II sem er 12x2 m að innanmáli og snýr norður-suður. Ekki sést hlaðinn veggur við suðurenda þess og þar er búið að planta trjám. Austan við hólf III er mjög óljóst hólf IV. Innanmál þess er um 3x3 m. Ekki sjást op á hólfum III og IV. Norðan við þau er svo gerði (hólf V), sem er 13x8 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Norðvesturveggur þess er útflattur. Utanmáls eru veggir í tóftinni ekki hærri en 0,5 m en í hólfi I, fjárborginni, eru veggir víða 1,2 m á hæð og vesturhlið hennar er yfir 2 m á hæð. Tóft B er 10 m ofan og norðaustan við tóft A. Hún er tvískipt og er um 14x7 m að stærð. Tóftin mjókkar til beggja enda en hún snýr norðaustur-suðvestur. Ekki eru skýr op á henni eða á milli hólfa. Hólfin snúa bæði eins og tóftin. Hólf I er í norðausturenda tóftarinnar. Það er 4x3 m að innanmáli. Hólf II er í suðvesturenda tóftarinnar og það er 5x3 m að innanmáli. Mesta hæð veggja er 0,3 m. Tóftin er gróin og hvergi sést í grjóthleðslur. Búið er að planta trjám fast við og ofan á norðvestur-langvegg. Tóft C er allra efst eða nyrst á svæðinu, um 12 m neðan við (suðvestan) við vallargarðinn D og fast norðvestan við vegarslóða niður að sumarbústöðum. Tóftin er rúmum 40 m norðan við tóft B og á hæð ofan við tóftir A-B. Tóftin er 10 x 8 m stór, sporöskjulaga og mjög sigin og enn signari en tóftir A og B. Tóftin er einföld og vaxin mosa og grasi. Hluti hennar hefur fallið ofan í gilið vestan við og því er mögulegt að tóftin hafi upprunalega verið hringlaga. Veggir tóftar eru 0,2-0,3 m á hæð og allt að 2-3 m á breidd. Mögulegt er að op hafi verið á miðjum langvegg að austan en það er nú of gróið og sigið til að hægt sé að fullyrða um það. Mjög ógreinileg ummerki (þúst E) fundust tæpum 40 m suðaustan við tóft A, nálægt syðsta sumarbústaðnum á svæðinu. Ekki er fullvíst að ummerkin séu eftir signa þúst en þau minna þó nokkuð á slík mannaverk. Þúst E er fast sunnan við pall sem er umhverfis syðsta sumarbústaðinn á svæðinu. Þústin er a.m.k. 9-10 m löng og 6 m á breidd en hverfur í umrót við sumarbústað og auk þess virðist sem keyrt sé yfir hana. Þústin er um 0,2 m hærra en umhverfið en ekki er hægt að greina innri lögun eða annað það sem gæti staðfest að um fornt mannvirki sé að ræða.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Svínadalur 2; Svipast um á söguslóðum, 109-110

SF-177:017 tóft hlutverk óþekkt 526253 359230
Á loftmynd sést tóft efst í brekku sunnan við Skaftá (Svínadalsvatn), 15 m vestan við gilbrún í halla til norðurs. Hún er um 440 m norðvestan við tóftir 039 og 1,9 km norðvestan við bæ. Tóftin var ekki skoðuð á vettvangi. Mosa og grasi vaxin heiði sem skorin er í sundur af djúpum giljum.

Tóftin virðist vera einföld og er 12x10 m að stærð, snýr nálega norðaustur-suðvestur. Hlutverk hennar er ekki þekkt en út frá lögun og fjarlægð frá bæ er sennilegt að hún sé af fjárskýli.
Hættumat: engin hætta

SF-177:018 *Hústóft* tóft beitarhús 527794 356285
"Austan við hann er Sauðhúslág, og austan hennar, á skeri, er gömul tóft, Hústóft," segir í örnefnalýsingu. Húsatóft er um 1,6 km sunnan við bæ 001 og beint ofan við Kóravatn. Vestar tekur við Sauðhúsalág og vestan hennar er Svarðhús og á honum er stæðileg varða 047.

Húsin eru á gróðurskeri en allt umhverfis þau er nauðblásið og er rof í norðurenda tóftar og í austurhlið hennar. Líklegt er að tóftin víki á næstu árum/áratugum fyrir ágengum uppblæstrinum. Mjög fallegt er á þessum stað og sést vel til bæði Öræfajökuls og Kötlu.



Beitarhúsatóft SF-177:018. Á liósmynd er horft til NNV

Tóftin er aflöng, fremur fornleg, er 15-16 x 6 m stór og snýr norður-suður. Mögulegt er að tóftinni hafi verið skipt upp í tvennt en sú skipting er þá orðin mjög óljós. Samkvæmt þeim ummerkjum sem helst er að ráða í var þá innra hólfið lítið eða 3 x 2 m að innanmáli en ytra (eða syðra hólfið) 8-9 x 2-2,5 m að innanmáli. Líklega hefur verið op á suðurvegg tóftar. Veggir eru mjög breiður eða 2-3 m og mest 0,6 m á hæð. Í þeim sjást sumstaðar grjóthleðslur, mest 3 umför en þær eru við það að hverfa í gróður. Hundaþúfa skammt norðaustan við tóftina.
Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs
Heimildir: Ö-Svínadalur, 2

SF-177:019 álagablettur hlutverk óþekkt 527000 357807
"Upp af Tangartorfugljúfrinu...er Bæjargil. Vestan megin í því er blettir, sem ekki má slá, og hefur það ekki verið reynt af því fólki, sem hér hefur verið síðustu 70-80 árin," segir í örnefnalýsingu. Álagabletturinn er líklega um 540 m vestan við fjárhús 003 á Kvarnarhóli og um 600 m vestan við bæ 001.

Bæjargil er fremur grunnt og breitt gil uppi á heiði sem liggur nálega austur-vestur. Sunnanverðar hlíðar þess að miklu leyti ógrónar vegna rofs. Ekki er ljóst hvar nákvæmlega í gilinu

mátti ekki slá en líklega hefur það verið nærri vesturbotni þess, sunnan megin. Þar er mun þýfðara og ójafnara en norðan megin, þar sem er nokkuð slétt.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: Ö-Svínadalur, 3

SF-177:020 *Kjóaflötur* heimild um ferju 526993 359587
"Næst sunnan við þær er Hamragilið stutta. Fyrir sunnan það er Kjóaflötur. Þar voru fráfærulömbin ferjuð yfir Eldvatnið," segir í örnefnalýsingu. Kjóaflötur er um 1,8 km norðan við bæ 001. Hann er lítil flatlend torfa við Skaftá (Svínadalsvatn).

Norðan við Kjóaflöt, á milli hennar og vatnsins, er sandströnd eða lágur sandbakki. Einnig er grjót í honum. Norðan við vatnið er einnig lágur sandbakki og ætla má að ferjan hafi verið á þessum stað þar sem lágt var upp á bakkann. Á móti Kjóaflöt, hinum megin við vatnið er lítið gróðursvæði, mjög sandi orpið. Engin ummerki um ferjustað sjást.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Svínadalur 3

SF-177:021 *Borgartorfa* bæjarstæði bústaður 527527 358716
"Upp af torfum þessum er sker sem heitir Skerhryggur. Sunnan við innri torfuna er Borgartorfa. Þar er gamalt bæjarstæði. Þetta er norður af bæ og allt orðið að túni. Suðvestan við Innri-borgartorfu er Ytri-Borgartorfa," segir í örnefnalýsingu. Talsverðar minjar eru á Borgartorfu, um 830 m norðan við bæ 001.



Tóftir SF-177:021 teiknaðar ofan á loftmynd frá Loftmyndum ehf

Tóftirnar eru á grasi gróinni torfu í halla til austurs. Vegarslóði liggur þvert í gegnum minjasvæðið. Minjarnar eru syðst á torfunni og hafa að hluta hrunið ofan í gilið sem er þar fast sunnan við og ekki er óhugsandi að einhverjar minjar hafi verið sléttaðar í tún en tún eru fast norðan við neðstu minjarnar.

Á mynd til vinstri er horft yfir tóftasvæðið EY-177:021 (til SSA) en á mynd til hægri er horft yfir tóft 021A og B til SA

Tóftasvæði SF-177:021. Drónamynd: Gísli Pálsson

Minjasvæðið er um 215 x 40 m stórt og snýr VNV-ASA. Tóftirnar eru mjög signar og fornlegar. Svæðið virðist hafa verið afmarkað af vallargarði hann er nú að mestu horfinn þótt óljós merki sjáist á stuttum kafla austast og einnig mögulega vestast. "Innan" vallargarðsins eru svo sjö tóftir og þústir. Tóft A er aflöng og sigin tóft á svæðinu miðju og ríflega 5 m ofan (norðvestan) við

tröllaukna fjárborg sem er mest árberandi tóft svæðisins (B). Tóft A virðist talsvert úr lagi gengin en gæti mögulega hafa verið skálatóft. Samtals er tóftin nú 24-26 m löng en 9 m á breidd þar sem mest er og snýr hún norðaustur-suðvestur. Tóftin virðist skipast í a.m.k. þrjú hólf. Suðvesturendi hennar hefur að líkindum fallið ofan í gilið suðvestan við að einhverju leyti og líklega hefur rof í suðvesturenda tóftarinnar gróið upp og aflagast svolítið í kjölfarið. Allur suðvesturhluti tóftarinnar er talsvert ólögulegur og má vera að lækjarseytlur hafi brotið sér leið í gegnum tóftina á þessum slóðum, a.m.k. má greina nokkrar rásir sem virðast skera suðvestasta hólfið. Sem fyrr segir gæti tóftin hafa skipst í þrjú hólf en ekki er greinilegt op á neitt þeirra. Gróflega áætlað á giska á að suðvestasta hólfið (hólf III) hafi verið 6 x 4 m að innanmáli (og snýr eins og tóftin). Miðjuhólf tóftarinnar (hólf II) er 5 x 4 m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Allra nyrst er svo hólf I sem er 3 x 2 m að stærð og snýr þvert á tóftina. Nyrsti hluti tóftarinnar er lægri en aðrir hlutar. Fast norðan við tóftina er vegarslóði sem í raun sker örlítið norðurenda hennar. Veggir tóftarinnar eru algrónir og hvergi sér í grjót. Veggir eru víða 3 m á breidd en mest um 0,5 m á hæð. Fjárborg B er sem fyrr segir aðeins um 5 m ASA við tóft A. Fjárborgin er gríðarstórt mannvirki og sést vel að. Sjálf borgin er hringlaga og er um 18 m í þvermál og þó örlítið lengri til suðurs þar sem op hefur mögulega verið á henni. Innanmál fjárborgarinnar er um 4,5 m í þvermál og því eru veggir hennar allt að 5,5-6 m á breidd. Hæð veggja mæld innan frá og upp að brún eru um 1,6 m en hæð veggja frá ytri brún og niður er allt að 2,5 m. Innan við 10 m norðaustan við fjárborg B er tóft C og liggur vegarslóði á milli tóftanna. Tóft C er í suðvesturhorni slegins túns og virðist henni viljandi hafa verið hlíft. Tóft C er mjög ógreinileg og er í raun fremur þúst en eiginleg tóft. Hún er gróflega áætlað 15 x 11 m að stærð og snýr h.u.b. austur-vestur. Ekki er hægt að ráða í innri skipan þústar en hún er 0,3 m hærri en umhverfið. Efst (norðvestast) á svæðinu eru svo 2-4 tóftir/þústir. Fyrst ber að nefna tóft D sem óljóst er hvort beri að telja sem staka tóft eða tvær tóftir. Tóft D er um 65 m norðvestan við tóft A en aðeins um 1 m neðan (suðaustan) við tóft F. Tóft D snýr þvert á hlíðina eða nálega norðvestur-suðaustur og er 19 x 9 m stór. Hún virðist mjókka aðeins til beggja enda og skiptist upp í tvö hólf. Suðaustara hólfið er 6 x 2 m að stærð og snýr eins og tóftin. Mögulegt er að op hafi verið á því suðaustarlega (jafnvel á tveimur stöðum) en ekki er óhugsandi að þar sé bara náttúrulegt rof. Norðvestara hólfið er 4 x 2 m að stærð og snýr eins og tóftin. Op hefur líklega verið norðvestarlega á suðurvegg þess. Tóftin er algróin og fornleg en veggir hennar eru þó enn talsvert háir og því eru um 1,5 m upp á veggjarbrún frá jafnsléttu að norðanverðu. Víða eru þó veggirnir mun lægri eða um 0,3-0,5 m á hæð. Veggjabreidd er víða 2-3 m. Tóftin er í talsverðum halla til suðausturs. Til suðausturs, undan tóftinni gengur einkennileg hringlaga þúst eða gerði. Svo virðist sem hún gæti verið eldri en tóftin. Gerðið er nú illmerkjanlegt en virðist hringlaga og um 14 m í þvermál. Það er hér skráð með tóftinni en hefur líklega haft sjálfstætt hlutverk. Tóft eða þúst F er sem fyrr segir um 1 m norðvestan við tóft D og á milli tóftar E og D. Þústin er mjög óljós, líklegt virðist að þarna hafi verið einhvers konar hús en mjög erfitt er að ráða í lagið. Helst virðist þó sem þarna hafi verið tvískipt tóft sem þá hafi verið um 15-16 x 10 m að stærð og skipst í tvö hólf. Samkvæmt þeirri túlkun hefði nyrðra hólfið verið stærra eða 5-6 x 6-7 m að innanmáli en sunnan við það verið lítið hólf 1-2 m í þvermál. Hið meinta suðurhólf er skýrara en norðurhólfið sem varla er hægt að áætla stærð á nema með því að horfa í breytingar á gróðurfari. Ekkert op er merkjanlegt á syðra hólfi og nyrðra hólf er of illa farið til að hægt sé að ráða í hvar inngangur kann að hafa verið á það. Þústin er algróin og víða aðeins um 0,1-0,2 m hærri en umhverfið. Tóft E er 2-3 m vestan við tóft F. Tóft E er efsta (norðvestasta) tóftin á svæðinu en vegarslóðinn sem liggur um svæðið liggur yfir norðurenda hennar. Tóftin er mjög sigin og með útflatta veggi. Mögulegt er að á einhverjum tímapunkti hafi verið virkur uppblástur eða rof inna veggja hennar en það er þá alveg gróið nú. Tóftin er 10 x 16 m stór og snýr NNV-SSA. Hún er breiðust um miðbikið en mjókkar til beggja enda. Norðurendi hennar er um 5 m breiður en suðurendi um 4 m. Veggir eru 2-3 m á breidd en 0,2-0,3 m á hæð, algrónir. Ekki er óhugsandi að tóftinni hafi verið skipt upp í tvö hólf um miðbikið en hafi svo verið eru ummerki um það orðin afar óljós. Tæpum 20 m ofan (NNV) við tóft E er hryggur sem gengur frá gilinu sunnan við og virðist líklegt að það séu alveg signar leifar garðlags, þótt það sé nú of óljóst til að hægt sé að fullyrða um það. Hryggurinn sem hér er nefndur H liggur

í sveig frá gilinu til NNA í um 8 m áður en hann sveigir til austurs og liggur áfram í 30 m áður en hann verður endanlega ógreinilegur. Hryggurinn er 1-1,5 m á breidd en 0,1-0,2 m á hæð og er algróinn. Vegarslóði um svæðið sker hann. Þrátt fyrir að líklegast sé talið að ummerkin séu eftir garðlag er ekki hægt að úttiloka að hryggurinn hafi myndast þegar vatnsrás gróf sig niður brekkuna. Greinilegra garðlag markar af rústasvæðið til suðausturs. Það er hér nefnt garðlag G. Garðlag G er um 60 m suðaustan við fjárborg B. Garðlagið er mjög sigið og ógreinilegt en það má rekja frá gilinu sunnan við rústirnar og í svolítinn sveig, þvert á brekkuna. Vegarslóði um svæðið sker garðlagið en samtals má sjá ummerki um garðinn á ríflega 10 m kafla. Garðlagið er algróið 0,1-0,2 m á hæð en 1,5 m á breidd.
Hættumat: stórhætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Svínadalur 3

SF-177:022 tóft hlutverk óþekkt 526894 357333
Sigin, torfhlaðin tóft er um 60 m suðvestan við litla tjörn við Moshól. Hún er um 170 m suðvestan við garðlag 041B og 170 m norðaustan við Vörðuna 056.

Tóftin er í smáþýfðu mýrlendi. Vegarslóði liggur á milli tóftarinnar og Vörðunnar. Tóftin



Tóft SF-177:022. Á ljósmynd er horft til norðvesturs

er einföld og er um 10x10,5 m á stærð. Hún snýr norðvestur-suðaustur. Ekki er skýrt op á henni. Veggir tóftarinnar eru útflattir og eru 1 m á breidd nema á suðausturhlið þar sem þeir eru 1,5 m á breidd. Þar eru þeir hæstir 0,2-0,3 m en annarsstaðar eru veggirnir 0,1-0,2 m á hæð. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt.
Hættumat: engin hætta

SF-177:023 heimild um rétt 527628 357555

Á bæjarteikningu Dana frá 1904 er merkt lítil rétt við leið 661:003 að bænum norðaustan undir suðausturenda Tangans á Tangatorfu. Hún var 160-170 m suðaustan við fjárhús 003 á Kvarnarhóli og 40 m norðan við læk. Nýr og gamall vegur liggja á þessum stað. Sá gamli liggur meðfram Tanganum en sá nýi er utar.

Réttin er horfin og öll ummerki um hana. Ætla má að hún hafi horfið við vegagerð.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Bæjarteikning Dana 1904

Rétt SF-177:023 eins og hún er sýnt á Bæjarteikningu frá 1904 (merkt með rauðum hring)

SF-177:024 *Sigurðarhellir* hellir fjárskýli 527332 357675

"Vestan við torfurnar er Kvarnarhólsgil. Innarlega í því er hellir, sem ekki er kunnugt nafn á. [...] Hellirinn var nefndur Sigurðarhellir. Þau ummæli fylgdu hellinum, að aldrei mætti hreyfa skán í honum. Hann var því að fyllast upp [...] um 1900," segir í örnefnaskrá. Líklegt verður að teljast að hellirinn sé skúti undir gríðarmiklum móbergsbjörgum ofarlega í gilinu suðvestanverðu. Þangað liggja fjárgötur. Skútinn er um 320 m suðvestan við bæ 001.

Skútinn er neðst í gilinu niður við lækinn sem rennur eftir því. Gilið er bratt en gróið á þessum slóðum. Ógrónar hlíðar eru þó neðan við skútann, í gilinu suðvestanverðu.

Sigurðarhellir SF-177:024. Á ljósmynd til vinstri er horft til vesturs en til suðvesturs á mynd til hægri

Í heildina er skútinn 20 m á lengd og víðast er hann um 4 m á breidd. Skútinn snýr norðvestur-suðaustur. Hann er hæstur í norðvesturenda. Þar er rými sem er 6x6 m að stærð og er líklega það sem kallað er Sigurðarhellir. Þar er mesta hæð 1,5 m en hann lækkar eftir því sem innar dregur. Þarna er nokkurt grjóthrun úr lofti skútans. Engin mannaverk sjást í skútanum en þó er

járnteinn í gólfi í norðvesturenda hans.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Svínadalur 1, 7

SF-177:025 *Eyri* garðlag áveita 527692 357664
"Suður af túninu er áveitusvæði, sem heitir Eyri. Nú er það beitiland en ekki tún," segir í örnefnalýsingu. Áveitumannvirki eru á stóru svæði á Eyri um 200 m suðaustan við bæ 001.
Svæðið er smáþýft en ógróið á stórum hlutum þess. Jarðvegurinn er leirkenndur og gróður liggur undir skemmdum af völdum foksands. Nýlegir framræsluskurðir eru á svæðinu og er það því ekki mjög blautt. Svartir sandar eru austan við Eyri og rennur læna úr Eldvatninu á milli sandsins og Eyrarinnar.

Garðlag SF-177:025 A til vinstri en B til hægri. Á mynd til vinstri er horft til suðausturs en til ANA á mynd til hægri

Áveitumannvirki sjást á svæði sem er um 250x180 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Allbreið vatnsrás, mögulega grafinn skurður, liggur þvert í gegnum mitt svæðið. Hann liggur í sveig frá austri til norðvesturs og er 165 m á lengd. Hann er 3 m á breidd og 1,5-2 m á dýpt. Nýlega hefur 40 m langur skurður verið grafinn út frá norðvesturenda rásarinnar til suðvesturs, að malarvegi að bænum. Samansigið áframhald á vatnsrásinni frá norðvesturenda hennar er hins vegar á 70 m löngum kafla til norðurs. Út frá vatnsrásinni ganga garðar í sveig til austurs, norðan og sunnan við hana. Þeir liggja á aðra garða sem hlykkjast annars vegar til suðvesturs og hins vegar til norðausturs. Garðhleðslur eru úr torfi og eru signar. Breiðastar eru þær 0,7 m og hæstar 0,2 m. Lítil þúst er suðvestast á svæðinu. Hún er 4x2 m á stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Þústin er 0,2-0,3 m á hæð. Önnur vatnsrás eða skurður er norðaustarlega á svæðinu og liggur í gegnum garðinn sem teygir sig lengst til norðausturs.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Svínadalur 1

SF-177:026 *Miðmundarvarða* varða eyktamark 527430 357216
"Uppi á brún, upp af henni, er Miðmundarvarða," segir í örnefnalýsingu. Miðmundarvarða er um 690 m sunnan við bæ 001, á brúninni ofan við Fjárhústorfu 011-012.

Mikið gil gengur niður hlíðina skammt sunnan við vörðuna. Bratt er niður af (austur frá) vörðunni en ofan hennar verður land meira aflíðandi til vesturs, upp á heiðina. Umhverfis eru mosa- og lyngivaxnar hæðir og dældir en klappir og grjót eru víða merkjanleg í sjálfri brúninni.

Miðmundarvarða SF-177:026. Á ljósmynd til hægri er horft til SA en til norðausturs á mynd til vinstri

Varðan er mjög hrunin og sigin. Hún er 1,5 x 1 m að stærð og snýr eins og brúnin, NNV-SSA. Botn vörðunnar er mjög gróinn mosa. Í vörðunni sjást 2-3 umför og er hún 0,3 m á hæð. Varðan er nokkuð vandlega hlaðin úr meðalstóru grjóti og er fremur fornleg.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Svínadalur 1

SF-177:027 *Hádegisvarða* tóft eyktamark 527705 356806
"Í brúninni upp af Brúnkolludal er Hádegisvarða," segir í örnefnalýsingu. Hádegisvarða er rúmum 1 km sunnan við bæ 001 en tæpum 500 m SSA við vörðu 026.

Mosa- og grasi vaxnar heiðar eru vestan við vörðuna en bratt er niður af henni til austurs og er hlíðin sundurskorin af giljum.

Hádegisvarða Tóft SF-177:027. Á ljósmynd til vinstri er horft til suðausturs en til norðurs á mynd til hægri

Hádegisvarða er nokkuð fornleg. Hún er samtals um 1,5 m í þvermál og 0,3 m á hæð. Steinar hennar eru skófum vaxnir og vesturhluti hennar er horfinn í mosa og er hundaþúfa byrjuð að myndast í toppi hennar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Svínadalur 1

SF-177:028 mannvirki 527520 357919

Skaftártunga var mjög framarlega í byggingu heimarafstöðva og fóru þeir Eiríkur og Sigurjón Björnssyni í Svínadal þar fremstir í flokki ásamt Bjarna Runólfssyni í Hólmi. Eiríkur og Sigurjón smíðuðu túrbínur fyrir heimarafstöðvar og hjálpuðu fjölmörgum bændum við að reisa heimarafstöðvar við bæi sína. Í Svínadal má sjá ýmis ummerki um verkefni þeirra Eiríks og Sigurjóns og er í gilinu ofan við bæinn að finna heimarafstöð sem enn gengur og vígalegan jarðbor sem notaður var til að bora eftir vatni. Rafstöðin í Svínadal var reist árið 1925. "Bjarni í Hólum reisti stöðina sem var 4 kW," segir í Sunnlenskum byggðum. Hún er 30-40 m ofan (norðvestan) við bæ 001. Rafstöðin telst ekki til fornleifa samkvæmt laganna skilningi en er merkilegur vitnisburður um framfaraskeið í sögu sveitar og var því tekin á fornleifaskrá.



Minjasvæði SF-177:028

Mannvirki SF-177:028A til vinstri, (horft til austurs) og B til hægri (horft til SA)

Rafstöðin er í gili vestan við bæ 001, þar sem gilið víkkar og verður flatara.
Talsverð mannvirki tengd rafstöðinni eru í gilinu á svæði sem er um 40 x 10 m stórt og snýr h.u.b. austur-vestur. Flest mannvirkin eru úr timbri og bárujárni en veggir eru þó víða grjóthlaðnir að hluta. Efst í gilinu er vígalegur jarðbor, A. Hann er um 1,5 x 1,5 m á kannt og er uppmjótt mannvirki úr timbri en með járngrind. Jarðborinn er yfir bæjarlæknum. Um 10 m neðan (austan) við jarðborinn er sjálft rafstöðvarhúsið C sem er sambyggð stórum bragga C en snýr skáhallt á hann. Bæði rafstöðvarhúsið og bragginn eru enn undir þaki. Rafstöðvarhúsið er um 9 x 4 m að stærð og

snýr NNV-SSA. Bæjarlækurinn rennur fast við norðurenda þess. Bragginn er 11 x 7 m stór og snýr h.u.b. austur vestur. Í kverkinni þar sem rafstöðvarhúsið og bragginn ná saman liggur hryggur eða torfgarður F að húsunum frá klettabrún nokkru ofar, niður brekkuna ofan húsanna og að þeim. Ekki líklegt að þarna hafi verið tyrft yfir vatnsleiðslu. Fast austan við bragga C eru tveir litlir kofar undir þaki, D og E. Þeir eru báðir byggðir inn í suðurhlið gilsins og snúa nálega norður-suður. Vestari kofinn (D) er aðeins um 1 m austan við austurgafl bragga. Kofinn er um 9 x5-6 m að stærð. Um 1 m austan við hann er annar minni kofi, E. Hann er 5 x 4 m að stærð. Raflína liggur frá rafstöðvarhúsi B og að íbúðarhúsinu í Svínadal.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Sunnlenskar Byggðir VI, 277, Ö-Svínadalur 2

SF-177:029 *Borgarhólar* tóft fjárskýli 527037 357737
"Vestan megin við gilið [Bæjargil] eru Borgarhólar," segir í örnefnalýsingu. Borgartóft er í Borgarhólum 420 m NNA við tóft 022 og 570 m vestan við bæ 001. Tóftin er norðvestan við þvergil sem gengur til suðurs frá Bæjargili.

Borgarhólar eru ávalir mosavaxnir hólar suðvestan við Bæjargil. Þýft mýrlendi er sunnan við tóftina og í henni eru ummerki um skurði sem grafnir voru til að veita vatni af heiðinni heim að bæ í heimarafstöð 028.



Tóft SF-177:029. Á ljósmynd er horft til suðausturs

Tóftin er einföld og virðist að mestu leyti torfhlaðin. Greina má ummerki um efnistöku í kringum tóftina, sér í lagi meðfram suðausturhlið hennar. Tóftin er sporöskjulaga og er 16x12 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Innri brún veggja í suðvesturenda er nánast útflött en suðvesturendi tóftar er frammi á hólbrún og virðist hafa sigið undan veggnum þar. Mesta hæð veggja utanmáls er um 1 m en víðast eru þeir 0,4-0,6 m á hæð. Óljóst op er í norðurhorni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Svínadalur 3

SF-177:030 tóftir hlutverk óþekkt 525986 357484

Tóftir SF-177:030 A og B. Á ljósmynd til vinstri er horft til suðausturs en til suðurs

Tvær grjóthlaðnar tóftir eru uppi á háum hól sem er 1,7 km vestan við bæ 001 og 465 m sunnan við meinta vörðu 042.

Minjarnar eru á mosavaxinn klapparhóll í heiðlendi sem hallar til austurs. Tóftirnar eru á svæði sem er um 24x6 m að stærð og snýr NNV-SSA. Tóft A er í SSA-enda svæðisins. Hún er mun greinilegri en tóft B vegna þess að hún er ekki eins mosavaxin og hin. Tóft A er einföld og er 6x4,5 m að stærð, snýr norður-suður. Op er á henni í suðvesturhorni. Veggir tóftarinnar eru 0,7-0,8 m á breidd og hæstir eru þeir 0,5 m. Hleðslur eru að mestu hrundar en á einum stað má sjá þrjú umför. Tóft B er um 10 m NNV við tóft A. Hún virðist vera einföld, er 6,5x4 m að stærð og snýr NNV-SSA. Op er á henni í SSA-enda. Veggir tóftarinnar eru 1 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð. Tóftin er mosagróin og hleðslur eru hrundar. Svo virðist sem varða hafi verið hlaðin við op inn í tóftina. Hún er 0,6 m á hæð og í henni sjást 4 umför. Hlutverk tóftanna er ekki þekkt en staðsetning þeirra og gerð gefur helst til kynna að þarna hafi verið smalakofar eða mögulega lítil fjárskýli.



Tóftir SF-177:030 A og B

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Svínadalur 3

SF-177:031 *Tóftartún* tóftir býli 527588 358213

"Niður af Þorsteinsbrekku heitir Austurtún, og austan við það er Tóftartún," segir í örnefnalýsingu. Tóftartún er um 320 m norðan við bæ 001 og beint ofan við (vestan við) hlaðna sundlaug 036.

Túnið er nú afgirtur skógræktarreitur og þar hafa verið gróðursettar margvíslegar tegundir af trjám og runnum. Svæðið er í halla til austurs og er efsti (vestasti) hluti þess sérstaklega brattur.



Tóftartún SF-177:031. Teikningin sýnir minjar á svæðinu ofan á loftmynd frá Loftmyndum ehf

Á þessum stað fannst talsverður fjöldi tófta og garðlaga, á svæði sem var um 100 x 70 m stórt og snýr norðvestur-suðaustur. Svo virðist sem um nokkur byggingarstig sé að ræða, bæði á garðlögum og tóftum. Hér verður hverju mannvirki gefinn bókstafur til aðgreiningar. Allra austast á svæðinu, og örfáum metrum ofan (vestan) við sundlaug 036 er ferhyrnt gerði G. Gerðið er í austurjaðri afgirta skógræktarreitsins og liggur bílslóði á milli þess og 036. Gerðið tilheyrir að öllum líkindum yngsta byggingarstigi svæðisins og virðist hafa verið hlaðið úr grjóti þótt það sé nú að mestu mosavaxið. Gerðið er 26 x 15-16 m að stærð og snýr h.u.b. norður-suður. Veggir þess eru 0,9-1,2 m að hæð. Gerðinu viðrist ekki hafa verið skipt upp en mögulega hefur verið op á suðvesturhorni. Mjög þétt skógrækt er í kringum gerðið, innan þess og hefur jafnvel verið plantað (eða skógur dreift sér) í sjálfa veggina. Á þessum stað vaxa m.a. stór grenitré og aspir. Girðingin sem markar af skógræktarreitinn liggur yfir

Tóftartún SF-177:031, horft yfir tóftasvæðið, til ASA

Tóft SF-177:031A til vinstri (horft til suðausturs) og tóft B til hægri (horft til NV)

Tóft SF-177:031C til vinstri (horf til ASA) en þúst J til hægri ásamt garðlagi H1 (horft til ASA)

Garðlag SF-177:031D til vinstri (horft til ANA) en þúst E til hægri, horft til SA

austurhlið gerðis. Frá norðausturhorni gerðis G liggur garður H upp hlíðina. Hann má raunar greina á tveimur stöðum. Annars vegar allra nyrst á svæðinu (H1) og hins vegar á stuttum kafla sunnarlega á svæðinu (H2) og eru garðlögin gróflega samsíða og um 50 m á milli. Norðurhlið garðsins (H1) er greinilegri. Garðurinn er fremur unglegur og tilheyrir einhverju af yngri byggingarstigum svæðisins. Að norðan sést hann á 40 m kafla og snýr norðvestur-suðaustur og liggur yfir sumar af fornlegu rústunum (tóft I og B) norðaustarlega á svæðinu. Garðurinn hefur líklega verið grjóthlaðinn en er nú alveg gróinn. Hann er um 1 m á breidd en 0,4 m á hæð. Girðing hefur verið strengd yfir hann að hluta. Að sunnan sést garðurinn á 25-30 m löngum kafla og er þar signari en að norðan. Að norðanverðu liggur garðurinn (og vírgirðing) sem fyrr segir yfir fornlega tóft, sem hér er nefnd tóft B. Tóft B er neðsta (norðaustasta) tóftin sem skráð var. Hún er um 15 m ofan við (norðvestan við)

sundlaug 036. Tóft B er fremur fornleg. Tóftin er 7 x 3,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er einföld og veggir eru víða 1,5 m á breidd en 0,4 m á hæð. Tóftin er algróin mosa og grasi. Op hefur líklega verið á norðaustur skammhlið. Önnur sigin tóft C er um 15 m norðan við tóft B.

Tóft SF-177:031F til vinstri (horft til suðurs) og gerði G til hægri, horft til suðurs

Garðlag SF-177:031H1 til vinstri (horft til norðurs) en þúst J til hægri, horft til SSA

Hún er áþekk henni, 6-7 x 5 m að stærð og snýr austur-vestur. Tóftin gæti hafa verið tvískipt en sú skipting er þá orðin næstum ógreinileg. Tóftin hefur líklega verið með op á austur skammhlið en hluti af suðausturhorni er líka alveg ógreinilegur/horfinn og því er erfitt að fullyrða um það. Veggir tóftarinnar eru grónir mosa og grasi og eru 1,5 m á breidd en 0,3-0,4 m á hæð. Þúst I er 3-4 m vestan við tóft B og liggur garðlag H yfir hana og er greinilega mikið yngra. Þústin er 7-8 x 4 m stór og snýr norður-suður. Ekki er fullvíst að mannvistarleifar leynist undir sverði á þessum stað en það virðist líklegt. Þústin er 0,4 m hærri en umhverfið og gróðurfar á henni er öðruvísi en nánasta

Tóft SF-177:031K, horft yfir tóftasvæðið, til suðurs

umhverfi hennar þar sem þar vex mosi og gras, líkt á á mörgum af þeim tóftum sem skráðar voru annarsstaðar í Tóftartúni. Þúst J er önnur ógreinileg þúst um 10 m ofan við (norðvestan við) þúst I, ofarlega á svæðinu. Garðlag H liggur upp að þústinni en er ógreinilegt ofan hennar. Þústin er stór eða 10 x 9 m. Hún snýr norðvestur-suðaustur. Ytri brún þústar er vel greinileg og um 0,3 m hærri en umhverfið. Þústin er fornleg en ekki er hægt að greina innri skipan hennar að því frátöldu suðvestast í henni virðist mega greina eitt hólf. Það er um 2-2,5 x 1,5 m að innanmáli og er op á því til suðvesturs. Vírgirðing gengur yfir tóftina. Tóft F er 3-4 m norðvestan við girðingarhorn skógræktargirðingar (utan hennar) og rúmum 30 m norðvestan við tóft J. Tóftin er á jafnsléttu, uppi á brún en flestar hinna tóftanna á svæðinu eru í talsverðum halla. Tóftin er einföld og 6 x 4-5 m að stærð. Hún snýr norður-suður og op hefur líklega verið á norðurgafli. Tóftin er sigin og veggir hennar eru 1-1,5 m á breidd en 0,2-0,3 m á hæð. Hún er vaxin mosa og grasi. Rúmum 10 m vestan við þúst J er tóft K. Tóft K og tóft A sem fjalla verður um að neðan eru báðar innan girðingar. Tóft K virðist yngri en tóftir/þústir B, C, I og J en eldri en tóft A sem er líklegast yngsta tóftin á svæðinu. Tóft K er í talsverðum halla til suðausturs. Hún er 9 x 8 m stór og er byggð í talsverðum halla til suðausturs. Tóftin er gróin grasi og mosa. Veggir hennar eru víð um 0,5 m á hæð en um 1,5 m á breidd. Tóftinni virðist hafa verið skipt í 2-3 hólf. Hólf I er stærst og greinilegast og er 4 x 2 m að innanmáli. Það er suðaustast í tóftinni og snýr NNV-SSA. Op hefur verið á suðausturgafli þess. Hólf II er sunnarlega í tóftinni. Það er um 3-4 x 2 m að stærð og hefur líklega verið op á suðausturvegg þess en auðausturhluti tóftar er svo óskýr að erfitt er að fullyrða nokkuð um það. Mögulegt er að þriðja hólfið (hólf III) hafi verið að baki (norðvestan við hólf I) það hefur þá verið um 2 x 1 m að stærð og snúið NNA-SSV en það er hins vegar svo óljóst að erfitt er að fullyrða um tilvist þess. Ekki er greinilegt op á því. Tóft A er ein greinilegasta tóftin á svæðinu og hefur sjálfsagt verið notuð sem beitarhúsa/sauðahús eitthvað lengur. Tóftin er á lágum hól og er afar líklegt að þar leynist frekari mannvistarleifar undir sverði. Tóftin er 9 x 5 m að stærð og snýr NNV-SSA. Hún er einföld og op er á suðurgafli hennar. Tóftin er í nokkrum halla en botn hennar er alveg flatur. Innanmál tóftar er 6 x 2 m. Tóftin er talsvert grafin inn í brekkuna. Veggir hennar eru mest 0,6 m á hæð og sér í grjóthleðslur víða. Um 10 m suðvestan við tóft A er þúst E. Þústin er afar óljós enda hefur þremur flennistórum grenitrjám verið plantað í hana svo erfitt er að fullyrða nokkuð um mannvistarleifar á þessum slóðum. Þó er þarna svæði, sem er svolítið hærra en umhverfið og sennilegt virðist að þar kunni mannvistarleifar að leynast undir sverði. Svæðið er 10 x 8 m stórt og snýr norðvestur-suðaustur. Frá þúst E má greina mjög óljósan hrygg sem gæti verið alveg sigið garðlag D. Hrygginn má rekja á um 8 m löngum kafla til suðvesturs frá þúst E og að garðlagi H. Mögulegt er að framhald meints garðlags hafi legið áfram til norðausturs frá þúst E að tóft A en það er þá orðið ómerkjanlegt. Ekki er vitað hvaða hlutverki tóftirnar í Tóftartúni gegndu. Örnefnið er í eintölu en á svæðinu er að finna fjölmargar tóftir sem spanna greinilegar fleira en eitt byggingarstig. Fjarlægð frá bæ útilokar að þarna hafi getað verið sel. Mögulegt er að þarna hafi verið beitarhús, a.m.k. á síðari byggingarstigum en ekki er óhugsandi að þarna hafi verið búið að einhverjum tímapunkti.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Svínadalur 4

SF-177:032 tóft fjárhús 527537 357766

Ungleg fjárhústóft er innan afgirts hólfs ásamt bárujárnsklæddri skemmu niður við veg að Svínadal um 130 m suðvestan við bæ 001 og um 125 m sunnan við tóft 005.

Tóftin er á fremur flatlendu svæði. Trjárækt er innan hólfsins sem tóftin er í og er búið að planta trjám í suðvestur-langvegg tóftarinnar. Lækur rennur á milli tóftar og skemmu. Tún eru suðvestan og norðaustan við hólfið.



Teikning og ljósmynd af fjárhúsum SF-174:032. Á ljósmynd er horft til norðvesturs

Tóftin er 16x10 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er hlaðin úr torfi og grjóti og skiptist í tvö hólf. Norðvesturendi hennar er grafinn inn í aflíðandi brekku. Í norðvesturenda tóftarinnar er hlaða sem er um 7x4 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Ekki er hlaðinn veggur á milli hlöðu og fjárhúsa sem eru suðaustan við hlöðuna. Fjárhúshlutinn er um 10x7 m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Í honum eru tveir grjóthlaðnir garðar sem hvor um sig er um 9 m á lengd, 0,7 m á breidd og 0,3 má hæð. Ekki er hlaðinn veggur fyrir suðausturhlið tóftar þar sem hefur verið timbur- eða bárujárnsþil með dyrum. Norðvesturgafl tóftarinnar er 2 m á hæð innanmáls og þar sjást 10 umför. Langveggir tóftarinnar eru ekki meira en 1 m á hæð og eru hleðslur úr þeim farnar að hrynja inn í tóftina.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir: Ö-Svínadalur 4

SF-177:033 *Bólholt* tóft fjárskýli 527789 358227
"Vestan í Nesmýrinni er Bólholt," segir í örnefnalýsingu. Tvískipt tóft fannst um 400 m norðaustan við bæ 001 vestan í holti. Ekki er fullvíst að örnefnið Bólholt eigi við þessa tóft og nokkrar fleiri tóftir voru skammt austan við (sjá 063). Holtið sjálft er hins vegar að mestu framræktað og orðið



Teikning og ljósmynd af tóft SF-177:033. Á ljósmynd er horft til suðvesturs

að túni þannig að hafi einhverjar tóftir verið þar hafa þær vikið í þeim framkvæmdum.

Tóftin er suðvestan í holti en umhverfis það er deiglendi. Tóftin er á hálfgerðum stalli eða aflíðandi bala utan í holtinu. Tæpum 200 m suðaustar taka við sendnir bakkar Eldvatnsins.

Tóftin er 9 x 8 m stór og virðist tvískipt en mögulega hefur gerði verið fast við hana að norðan og þá má segja að samanlagt sé tóftin um 15 x 8 m stór. Hún er algróin grasi og veggir hennar eru víða um 0,4 m á hæð. Syðsta hólfið er greinilegast og um 4 x 2 m að stærð og snýr eins og tóftin. Op er á það á miðjum vesturgafli. Norðan við það er minna hólf sem er tæpir 2 m á kant og er einnig op á austurgafli þess. Norðar má svo greina hrygg sem gengur í boga frá norðausturhorni tóftar en verður fljótlega óskýr. Líklega hefur gerði (eða heytóft) verið áfast tóftinni og þá mögulega markað af svæði sem var 7 x 7 m stórt en sem fyrr segir er það nú of illa farið til að hægt sé að fullyrða um það.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svínadalur 4

SF-177:034 frásögn beitarhús 528148 356373

Fjárhús úr blönduðu efni, undir þaki eru í Syðri-Lág um 1,6 km sunnan við bæ 001. Samkvæmt Þórhalli Sæmundssyni, heimildamanni stóðu líklega eldri hús á sama stað áður. Húsin eru í grasi grónu túni í halla til austurs. Túnin virðast enn slegin og eru afgirt og húsin líklega enn í einhverri notkun líka. Ógreinilegur bílslóði liggur upp að húsinu.

Ljósmynd af núverandi fjárhúsum í Syðri-Lág, horft til norðvesturs

Fjárhúsin sem nú standa í Syðri-Lág eru úr torfi, grjóti, timbri og bárujárni. Sjálf fjárhúsin eru austar en vestar, að baki er hlaða sem er byggð inn í brekkuna. Húsin eru gróflega áætlað 20 x 13 m stór og snúa VNV-ASA. Ekki sjást ummerki um eldri byggingar á þessum stað. Tæpum 20 m ofan við húsin (VSV við) er garðlag á um 85 m löngum kafla og snýr það norðvestur-suðaustur. Garðlagið er allt að 2 m á hæð en 3-3,5 m á breidd og hefur líklega verið hrúgað saman með vélgröfu.

Hættumat: hætta, vegna byggingar

SF-177:035 garðlag beitarhús 527519 358371

Samkvæmt Þórhalli Sæmundssyni, heimildamanni voru beitarhús á Mjóutorfu, um 500 m norðan við bæ 001.

Mjóatorfa er eins og nafnið bendir til mjó torfa milli tveggja gilja. Henni hallar til austurs en er aflíðandi og grasgefin. Á torfunni er afgirtur, ferhyrndur reitur þar sem gróðursett hafa verið margvísleg tré en gróðurinn er ekki þéttur og engin merki um húsið sjást þar.

Samkvæmt Þórhalli voru beitarhúsin líklega fremur ung en engin ummerki þeirra sjást nú. Um 80 m neðan við reitinn er hryggur þvert yfir torfuna sem gæti verið leifar útflatts garðlags og er því skráð með meintum beitarhúsum. Hryggurinn er um 25 m langur og snýr NNV-SSA. Hann er um 1,5 m á breidd en 0,1 m á hæð. Ekki er fullvíst að þarna hafi verið garðlag en hryggurinn er látinn njóta vafans.

Hættumat: engin hætta

Hryggur SF-177:035, horft til suðurs

SF-177:036 hleðsla sundlaug 527659 358192

Hlaðin sundlaug var í Svínadal um 300 m norðan við bæ 001 en fast austan við Tóftartún 031. Vegarslóði til norðurs frá Svíndal liggur fram hjá sundlauginni, fast vestan hennar.

Sundlaugin er á mörkum mýrar og grasi gróinnar brekku vestan við. Að austan, norðan og vestan er deiglendi.

Sundlaugin er 46-48 x 22 m að stærð og snýr NNA-SSV. Hún er stæðileg að því frátöldu að vesturhlið hennar er fremur ógreinileg þar sem vegurinn liggur og er ekki hægt að greina ytri brún hleðslunnar þar en um 0,6 m eru frá vegi og niður í sundlaugarbotn. Annars eru hleðslur vel stæðilegar og úr torfi. Þær eru víða 1,5 m á breidd en 0,4 m á hæð og eru grasi vaxnar. Laugin er sexhyrnd en vesturhliðin er aflíðandi (og ekki greinileg "horn" á henni). Samkvæmt Þórhalli Sæmundssyni, heimildamanni (f. 1943), synti hann í lauginni sem barn.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

SF-177:037 *Borg* tóftir beitarhús 527579 358568
"Niður af Gránutorfu er fjárhús, þar sem það stendur heitir túnið Borg," segir í örnefnalýsingu. Borg er um 700 m norðan við bæ 001, norðarlega á torfu sem mörkuð er af giljum til austurs og vesturs. Talsverð tún hafa verið á torfunni, sunnan við húsið. Þau eru nú (2015) sinuvaxin. Svæðinu hallar til austurs.

Beitarhús SF-177:037. Á mynd til vinstri eru beitarhús A, horft til vesturs en á mynd til hægri garðlag B, horft til austurs

Beitarhús SF-177:037

Á svæðinu sem er um 150 x 50 m stórt og snýr austur-vestur eru nokkrar minjar, sem eiga það sammerkt að vera fremur unglegar. Þar standa beitarhús úr blönduðu efni (A) og liggur garðlag frá þeim til norðausturs (B). Um 50 m norðvestan við fjárhúsin er svo gerði, líklega kálgarður (C). Sjálf beitarhúsin, A, eru sem fyrr segir úr blönduðu efni (torfi, grjóti, timbri og bárujárni). Þau eru

um 24 x 17 m að stærð og snúa norðvestur-suðaustur. Húsin eru undir þaki. Suðvestar eru sjálf fjárhúsin sem snúa eins og tóftin. Dyr eru á suðausturgafli þeirra. Að baki húsunum er svo hlaða sem snýr þvert á fjárhúsin. Beitarhúsin eru byggð inn í brekkuna að talsverðu leyti. Frá beitarhúsunum liggur stæðilegur torfgarður. Hann er samtals ríflega 90 m langur. Garðurinn liggur fyrst í um 30 m til norðausturs en beygir þá lítillega og liggur svo áfram í ríflega 60 m til austurs. Þá verður erfitt að greina hann en líklega hefur hann beygt í 90° og legið til norðurs (í um 15 m), að gilinu norðan við Borg en bílslóði er á þessum slóðum. Garðurinn er úr torfi og er 1-1,2 m á breidd í botninn en mjókkar upp. Hann er 1-1,2 m á hæð. Um 50 austan við beitarhúsin, í torfunni ofan þeirra er lítið gerði sem vafalaust er fremur ungt. Það er efst á aflíðandi svæði. Gerðið er 14 x 7 m stórt og snýr NNA-SSA. Veggir þess eru óverulegir, úr torfi og 0,8-1 m á breidd en 0,5 m á hæð. Innan gerðis er enn veigaminni hleðsla sem skiptir gerðinu í tvennt, þ.e. afmarkar svæði í norðurhorni þess. Greinilegt er að gerðið hefur verið notað sem kálgarður, a.m.k. á síðustu notkunarstigum þess og enn vex rabarbari innan þess. Að lokum má geta að framan við beitarhúsin (20-30 m sunnan þeirra) er lá en gróskumikil hæð. Hugsanlegt er að þar leynist minjar undir sverði en allteins líklegt er að þar hafi verið hrúgað því sem hreinsað hafi verið úr beitarhúsunum að vori.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Svínadalur 4

SF-177:038 heimild um ferju 528554 357943
Ferja var syðst í Nesi samkvæmt herforingjaráðskorti frá 1905. Ferjustaðurinn var um 1 km austan við bæ 001 og líklega hefur hann verið notaður minna en ferjan við Stórahvamm 014 en leið 043 lá frá Svínadal 001 og að ferjustaðnum og leið 661:035 á milli ferjustaðanna tveggja austan við Eldvatnið og áfram til suðausturs. Ræktuð tún eru nú á stærstum hluta Nessins en talsverðir sandar eru meðfram þeim, sérstaklega að sunnan. Eldvatnið umlykur nesið að norðan, austan og sunnan.

Engin ummerki sjást um ferjustað á þessum slóðum. Greinilegt er að nokkurt rof er í bökkum nessins á þessum slóðum. Austan við Eldvatnið, til móts við ferjustaðinn eru hraunhólar.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: Herforingjaráðskort frá 1905 númer 68 SA. Skaptártunga - Ásar

SF-177:039 tóftir fjárskýli 526655 359049
Tvær meintar fjárborgartóftir eru um 640 m suðvestan við ferju 020 á Kjóaflöt og 1,5 km norðvestan við bæ 001. Bílslóði niður að Kjóaflöt liggur suðaustan og suðvestan við þær.
Minjarnar eru á brún í mosa- og grasivaxinni heiði. Á milli tóftanna eru upptök lækjargils sem liggur niður að Kjóaflöt. Rof í gilinu ógnar minjunum. Norðaustan við þær er stallur og er mýrlent þar.

Fjárborg SF-177:039 A til vinstri, horft til suðurs en fjárborg B til hægri, horft til suðausturs

Tóftirnar eru á svæði sem er um 48x20 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Tóft A er norðvestar og er mun greinilegri en tóft B. Hún er mosavaxnari en aðrar hæðir í umhverfinu. Tóftin er um 25x20 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Stór lægð er í henni miðri sem líkist rofi en virðist vera innanmál hólfs sem er 12x6 m að stærð og snýr eins og tóft. Ekki sést op á tóftinni. Tóftin er hæst í suðvesturhluta þar sem hún er 1 m á hæð. Tóft B er fast suðaustan við tóft A, suðaustan við lækjargilið sem er á milli þeirra. Hluti af tóft B hefur brotnað ofan í gilið. Hún er 22x18 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún hefur sennilega verið því næst hringlaga áður en byrjaði grafast undan henni. Í henni sést eitt hólf sem er um 7x5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Ekki sést op á því. Veggjahleðslur tóftarinnar eru útflattar en hæstar eru þær um 0,2 m.
Hættumat: stórhætta, vegna rofs



Fjárborgir SF-177:039

SF-177:040 varða samgöngubót 526980 359556
Torfvarða er uppi á Kjóaflöt, 30 m sunnan við ferjustað 020 og 1,8 km norðvestan við bæ 001. Kjóaflöt er flatlend torfa við Svínadalsvatn (Skaftá). Vestan við hana eru allmiklir sandar. Hátt er fram af torfunni til norðurs að vatninu. Gróður á torfunni er rýr og er grassvörður sandi orpinn. Lágt víðikjarr vex á torfunni.


Varða SF-177:040. Á ljósmynd til vinstri er horft til norðausturs en til suðausturs á mynd til hægri

Varðan er um 1x0,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er um 0,4 m á hæð og er hundaþúfa efst á henni. Ummerki um torfskurð sjást enn umhverfis vörðuna. Um 180 m suðaustan við vörðuna er hundaþúfa sem er að líkindum einnig torfvarða. Þó sjást ekki skýr ummerki um torfristu í kringum hana. Hún er 0,5 m í þvermál og 0,3 m á hæð.
Hættumat: engin hætta

SF-177:041 garðlag áveita 526989 357488
Tveir torfhlaðnir garðar eru hlaðnir við tjörn sem er á milli Mosahóls og Sandflesjar, uppi á heiðlendi. Þeir eru um 2,4 km suðvestan við bæ 001 og 550 m norðaustan við tóft 022.

Garðarnir eru á milli lágra hóla í mosa- og grasigróinni heiði. Þeir eru við vatnsborð tjarnarinnar og hafa sennilega gegnt hlutverki stíflu.

Garðlag SF-177:041 A til vinstri, horft til suðurs og garðlag B til hægri, horft til ASA

Garðarnir eru hluti af kerfi sem veitti vatni heim að bæ til að knýja heimarafstöð 028. Þeir eru því ekki nógu gamlir til að teljast til fornleifa samkvæmt skilningi laganna. Þeir eru teknir með á fornleifaskrá vegna þess að þeir eru hluti af mannvirkjum sem tengjast rafvæðingu í Skaftártungu, miklu framfaraskrefi í sögu sveitarinnar. Garðarnir eru á svæði sem er um 74x30 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Garður A er í norðvesturenda svæðisins. Hann er um 80 m á lengd og liggur norður-suður en beygir í krók til austurs í suðurenda. Garðurinn er 1 m á breidd og 0,3-0,5 á hæð. Garður B er 27 m suðaustan við garð A. Hann liggur í boga frá norðvestri til austurs og er um 35 m á lengd. Hann er 0,6 m á breidd og 0,2-0,4 m á hæð.
Hættumat: engin hætta

SF-177:042 varða samgöngubót 525743 358097

Meint varða stendur hátt á mosagrónum kletti ofan (norðan) við götur á leið 661:014 milli Svínadals og Grafar, 215 m ASA við vörðu 060 og 1,9 km VNV við bæ 001.

Varðan er í mishæðóttu heiðarlendi. Í vörðunni sjást aðeins þrír steinar og er hundaþúfa ofan á efsta steini. Varðan er 0,5 m í þvermál, 0,3 m á hæð og í henni sjást 2 umför. Varðan hefur verið við leiðina milli bæja. Ekki er útilokað að um náttúrumyndun sé að ræða.
Hættumat: engin hætta

Varða SF-177:042, horft til norðausturs

SF-177:043 heimild um leið 528540 357950

Götur eru merktar inn á herforingjaráðskort frá 1905 frá Svínadalsbænum 001 og að ferjustað 038. Ferjustaðurinn var um 1 km austan við bæ 001 og austan Eldvatnsins virðast göturnar einfaldlega hafa legið til baka, á varðaða leið til austurs frá ferjustað við Stórahvamm 014. Það má því ætla að ferja 038 hafi aðallega verið notuð þegar ekki var hægt að ferja við Stórahvamm.

Ræktuð tún eru nú á stærstum hluta Nessins en talsverðir sandar eru meðfram þeim, sérstaklega að sunnan. Eldvatnið umlykur nesið að norðan, austan og sunnan.
Engin ummerki sjást nú um götur á þessum slóðum. Göturnar hafa samkvæmt herforingjaráðskortinu legið í suðurjaðri nessins þar sem það mætir talsverðum söndum við Eldvatn. Greinilegt er að nokkurt rof er í bökkum nessins á þessum slóðum.

Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: Herforingjaráðskort frá 1905 númer 68 SA. Skaptártunga - Ásar

SF-177:044 gerði kálgarður 527575 357921

Stór kálgarður er merktur inn á bæjarteikningu Dana frá 1904 og inn á túnakort frá 1920. Á síðarnefnda kortinu er komin viðbót við kálgarðinn þar sem bætt hefur verið við mjóum garði til austurs syðst við kálgarðinn. Kálgarðurinn er um 60 m norðan við bæ 001.

Garðurinn er í kverk þar sem brött, grasi gróin brekka tekur við ofan við (vestar) en aflíðandi og nú sinuvaxin tún eru neðar (austar)

Kálgarðar á svæðinu hafa tekið nokkrum breytingum í gegnum árum og eru án efa mis gamlir en hér verður öllum mannvirkjum lýst. Suðaustast er stakstæður garður, A, sem er áþekkur þeim garði sem merktur var inn á túnakort frá um 1920 en ekki er sýndur á bæjarteikningu Dana frá 1904. Kálgarðurinn er 17 x 10 m stór en norðvesturhorn hans er alveg horfið og garðlagið sem markar garðinn er sum staðar annars staðar óljóst. Nú er vírgirðing umhverfis svæðið og einhver trjágróður innan þess. Um 10 m ofan við (norðvestan við) kálgarð A er kálgarður B sem er merktur inn á kort frá 1904 og 1920. Garðurinn er á tröllaukinni syllu í



Kálgarður SF-177:044

Kálgerði SF-177:044A til vinstri, horft til vesturs en á mynd til hægri til norðvesturs yfir gerði B

hlíðinni sem virðist manngerð og gæti verið leifar um akuryrkju líkt og líklegt verður að teljast um minjar 051 og 053. Austan við sylluna er byggður lítill kofi C, líklega kartöflugeymsla. Stallurinn í hlíðinni er samtals um 80 m langur en 10-20 m breiður og snýr norður-suður. Svo virðist sem hægt sé að skipta honum í þrjú svæði sem ganga til austurs. Syðsti stallurinn er greinilegastur (B1) og 20 x 5-7 m stór. Hann er alveg flatur og ekki er hægt að tala um eiginlegt gerði eða garðlög sem marka

hann af. Við norðurenda hans er annar stallur (B2) sem er 9 x 40 m stór. Um 2 m eru af stallinum og niður á jafnsléttu. Allra nyrst er svo þriðji stallurinn (B3) sem er lægri en hinir stallarnir tveir í brekkunni. Hann er 28 x 13 m stór og um 0,4 m eru frá brún hans og niður á jafnsléttu. Allra syðst í þessum stalli er lítið gerði sem er um 5-6 m á kant og hefur verið girt með garðlagi umhverfis. Fast austan við syðsta stallinn (B1) er sem áður segir lítill kofi. Kofinn er enn undir þaki og er 4-5 x 4-5 m að stærð.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Bæjarteikning Dana 1904 og Túnakort 1920

SF-177:045 heimild um traðir 527613 357858
Inn á bæjarteikningu Dana frá 1904 og túnakort frá 1920 er merkt heimreið sem legið hefur að bænum í Svínadal úr suðri.

Heimreiðin að Svínadal liggur enn á svipuðum slóðum og eldri vegur virðist hafa gert. Engin ummerki sjást um eldri heimreið.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Bæjarteikning Dana 1904 og Túnakort 1920

SF-177:046 gata leið 527391 357688
Gamlar götur liggja upp Tangatorfu og sjást þær ofan við fjárhús 003 á Kvarnarhóli, um 310 m suðvestan við bæ 001. Göturnar eru ofarlega í brattri brekku í halla mót suðaustri. Brött gil eru beggja vegna við göturnar. Gróðurfar einkennist af grasi og mosa.

Götur SF-177:046. Á mynd til vinstri er horft til veturs en til suðausturs á mynd til hægri

Göturnar sjást á um 115 m löngum kafla í Tangatorfu og stefna norðvestur-suðaustur. Þær eru allt að 20 saman á um 20 m breiðu svæði. Flestar göturnar eru 0,1-0,2 m á breidd og dýpt. Göturnar liggja ekki í beinni línu og eru greinilega gamlar en mikið hefur brotnað af Tangatorfunni ofan í gilin sitt hvoru megin við hana og göturnar hafa horfið með. Ekki er ljóst á hvaða leið göturnar voru.
Hættumat: hætta, vegna rofs

SF-177:047 varða hlutverk óþekkt 527622 356128
Varða er á Svarðhaus, um 950 m NNV við nýbýlið Múla en um 1,8 km sunnan við Svínadal 001. Hún er um 230 m suðvestan við Sauðahús 018. Varðan sést langt að og útsýni frá henni er mjög gott.

Svarðhaus er mosavaxinn. Af honum er gott útsýni, t.d. sést vel til bæði Öræfajökuls og Kötlu. Á heiðinni er víða mjög blásið.

Varða SF-177:047. Á myndunum er horft til SSA

Varðan er tæpur 1 m í þvermál en 0,7 m á hæð. Ofarlega í henni er hella sem nær aðeins útfyrir brún hennar og ofan á henni er einn stakur steinn. Varðan er hlaðin úr sérstæðu grjóti, það er rauðleitt með því sem virðist vera smáar holufyllingar úr blágrýti. Greinilegt er að grjótið er fengið úr klettum umhverfis. Ekki er vitað hvaða hlutverki varðan gegndi.
Hættumat: engin hætta

SF-177:048 gata leið 526088 358546
Úr gili í Smáfjöllum liggur djúp og allbreið gata til austurs meðfram fjöllunum þvert á leið 661:004. Leiðin er 1,5 km norðvestan við bæ. Ekki er ljóst á hvaðan og hvert hún liggur.
Leiðin liggur að mestu leyti um gróið svæði, utan í Smáfjöllum og yfir mýrar.

Götur SF-177:048. Á mynd til vinstri er horft til norðausturs en til suðvesturs á mynd til hægri

Leiðinni var fylgt á um 670 m löngum kafla þar sem hún liggur norðaustur-suðvestur. Frá suðvesturenda er gatan mjög greinileg á 90 m löngum kafla. Þar er hún 0,3-0,5 m á dýpt, gróin. Þá tekur við 120 m langur kafli þar sem eru óljósar götur og rof vegna grunns lækjargils. Þaðan heldur leiðin áfram utan í fjöllum eftir stalli sem þar hefur myndast á 100 m löngum kafla. Þá tekur aftur við gata sem liggur yfir mýri. Svo virðist sem að jarðbrú hafi verið gerð yfir mýrina þar sem hún er blautust og liggur gatan eftir henni. Jarðbrúin er um 140 m á lengd og 2-3 m á breidd. Leiðin hættir að sjást við rof til norðausturs en á loftmynd virðist hún beygja þar til austurs og sést á um 400 m löngum kafla.
Hættumat: hætta, vegna rofs

SF-177:049 heimild um útihús 527594 357949

Inn á bæjarteikningu Dana frá 1904 er merkt útihús um 50 m norðan við bæ 001 og um 150 m suðaustan við útihús 009. Sama hús er ekki merkt inn á túnakort frá 1920 og virðist vera fallið úr notkun/horfið þá. Það hefur verið um 25 m austan við kálgarð 044.

Aflíðandi grasflöt er á milli kálgarðs 044 og útihúsa/bragga sem standa nokkru neðar (austar). Útihúsið sem merkt er inn á bæjarteikningu hefur verið nálægt brekkukverkinni. Talsvert af gömlum vélum og drasli er nú geymt á svipuðum slóðum og það hefur staðið.

Engin merki um útihúsið sjást lengur á flötinni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Bæjarteikning Dana 1904



Útihús SF-177:049 eins og það er sýnt á Bæjarteikningu frá 1904 (merkt með rauðum hring)

SF-177:050 varða samgöngubót 527531 358141

Varða er á brúninni ofan við bæ 001, um 270 m norðan við bæ 001 en um 110 m norðvestan við útihústóft 009.

Varða SF-177:050. Á mynd til vinstri er horft til suðurs en til austurs á mynd til hægri

Varðan er á mosavöxnum hól í hlíðinni. Hún er 0,4-0,5 m há og 0,8-1 m í þvermál. Við fyrstu sýn virðist varðan nýleg, hlaðin úr smáu grjóti sem hvorki er vaxið mosa eða skófum en við nánari athugun kom í ljós að neðri hluti vörðu virðist eldri og talsvert er gróið umhverfis hana. Neðstu steinarnir í vörðunni eru mosavaxnir en líklega hefur eldra vörðubrotið verið endurhlaðið nýlega. Ekki er vitað í hvaða tilgangi varðan varða var hlaðin líklegast hefur hún verið samgöngubót

þar sem götur skammt sunnan við hana lágu annars vegar yfir heiðina til vesturs að Gröf á leið 661:014 og hins vegar til norðvesturs að Hvammi og Búlandi á leið 661:004.
Hættumat: engin hætta

SF-177:051 garðlag akur 527522 357837
Um 60 m suðvestan við tóft 006 og 75 m suðvestan við bæ 001 eru fornleg garðlög og lítil þúst í gamla heimatúninu í brekku mót suðaustri. Líklegast er að garðarnir séu leifar af akurgerði. Minjarnar eru í sléttu túni sem komið er í órækt. Það er allbratt og vex mosi og gras í því.



Teikning og ljósmynd af garðlagi og þúst SF-177:051. Á ljósmynd er horft til suðurs

Minjarnar eru á svæði sem er um 40x12 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Garður B afmarkar svæðið. Hann sést sem stallur í bröttu túninu og er er 1,5-2 m á hæð á suðausturhlið en mun lægri í norðausturenda. Brotnað hefur af suðvesturendanum ofan í gil sem skilur á milli þessara minja og akurgerða 053. Þær kunna að hafa tengst áður en gilið myndaðist. Norðvestan við miðjan garð B liggur 10 m langur garður til norðvesturs. Hann er útflattur og ógreinilegur, 2 m á breidd. Þúst A er í norðurhorni þess svæðis sem garður B afmarkar. Hún er um 3 m í þvermál og 0,6 m á hæð. Hvergi sést í grjót í þessum minjum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SF-177:052 tóft+garðlag hænsnakofi 527891 358174
Lítill kofatóft er um 400 m norðaustan við bæ 001. Þórhallur Sæmundsson heimildamaður man eftir kofanum en þar voru höfð hænsni í hans minni.

Kofinn er á grónu og aflíðandi svæði við holtsenda, sunnan túna og norðan mýra
Tóftin er af litlum kofa og er án efa frekar ung. Fast vestan við hana er hins vegar garðlag sem liggur til norðurs í um 10 m. Garðlagið er gróið og 0,6-0,9 m á breidd. Sjálf tóftin er 4 x 3 m að stærð og er einföld. Hún er opin til suðurs. Engar grjóthleðslur sjást nú í henni en veggir eru víða um 0,4 m á hæð.
Hættumat: engin hætta

Tóft og garðlag SF-177:052

SF-177:053 garðlag akur 527460 357759

Í gömlu túni í Kjóatúni, ofarlega í því, eru mjög forn garðlög og ein greinanleg tóft. Garðarnir eru að öllum líkindum leifar af akurgerðum. Minjarnar eru 22 m suðvestan við akurgerði 051 og 140 m suðvestan við bæ 001. Alldjúpt gil er á milli þeirra minja sem hér eru skráðar og akurgerði 051 en þessar minjar kunna að hafa tengst.

Minjarnar eru í brattri brekku mót suðaustri. Hún er grasi og mosa vaxin. Brött lækjargil eru beggja vegna við Kjóatún og hefur hluti minjanna brotnað ofan í þau.

Ung tóft sem sýnd er á túnakorti frá 1920 er í vesturhorni minjasvæðisins en er skráð sér á númer 005. Minjarnar eru á svæði sem er um 75x50 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur.

Hverju mannvirki verður gefinn bókstafur til aðgreiningar. Stærsti garðurinn A liggur frá lækjargili skáhallt til SSA. Hann er útflattur og er um 8 m á breidd en er 0,5-0,7 m á hæð. Út frá garði A liggja tveir samsíða garðar til norðausturs. Efri garðurinn B er 28 m á lengd og endar við gil til norðausturs, í sömu línu og garður 051B. Garðurinn er um 3 m á breidd og neðri brún hans er 1-1,4 m á hæð en efri brún hans er illgreinanleg. Um 6 neðan við garð B og samsíða honum er garður C en hann er ekki eins greinilegur. Garður C er 33 m á lengd og endar einnig við gil til norðausturs. Hann er um 2 m á breidd og er neðri brún hans um 1 m á hæð. Garður D liggur frá SSA-enda á garði A til suðvesturs á 25 m löngum kafla. Honum svipar til garðs B og er 3 m á breidd og neðri brún er 1-1,4 m á hæð.



Garðlög SF-177:053

SF-177:053. Til vinsri er yfirlitsmynd (horft til suðvesturs) en til hægri er horft niður mannvirki A til suðausturs

Þar sem garður A mætir garði D er lítil tóft F þar í kverkinni sem virðist vera sambyggð garði A. Hún er sigin og veggir hennar eru útflattir. Innanmál hennar er nokkuð vel greinanlegt, er 6x1,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Tóftin skiptist mögulega í tvö hólf en það er mjög ógreinilegt. Tveir samsíða útflattir garðar E liggja til VNV af garði D. Þeir eru hvor um sig 14 m á lengd og 2 m á breidd. Á milli þeirra eru um 4 m. Mögulega er framhald af syðri garðinum áfram til VNV. Norðvestan við garða E er ógreinilegur garður G. Hann liggur af garði A til suðvesturs og endar við útihúsatóft 005. Garðurinn er 2 m á breidd og 38 m á lengd. Á þessum garði er efri brúnin greinilegri en sú neðri.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SF-177:054 þúst hlutverk óþekkt 527627 358339
Lítil tóft eða þúst er um 460 m norðan við bæ 001, allra suðaustast á Mjóutorfu. Á gróinni torfu eða tanga sem gengur úr Mjóutorfu og til suðausturs.



Teikning og ljósmynd af þúst SF-177:054. Á ljósmynd er horft til suðurs

Þústin er gróin grasi og mosa og er um 0,2 m hærri en umhverfið. Hún er næstum hringlaga og 2,5-3 m í þvermál. Líklega hefur verið sett upp hey á þessum stað eða þarna gæti hafa staðið mjög lítill kofi.
Hættumat: engin hætta

SF-177:055 tóft hlutverk óþekkt 527457 357596
Lítil sigin tóft er í Tangatorfu fast norðaustan við Kvarnarhólslæk, um 75 m suðvestan við Fjárhús 003 á Kvarnarhóli og 310 m suðvestan við bæ 001. Tóftin er frammi á brún lækjargilsins og hallar



Teikning og ljósmynd af tóft SF-177:055. Á ljósmynd er horft til suðausturs

ofan í það.

Tóftin er í sléttum grasi- og mosavöxnum bala í halla til norðvesturs. Kindagötur liggja að/frá henni niður með gilinu til suðausturs.

Tóftin er einföld og gróin og virðist vera torfhlaðin. Hún er um 7x3 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Op er á henni í suðausturenda. Fast suðaustan við tóftina er stór þúfa sem kann að vera hluti af tóftinni. Mesta hæð veggja er 0,3 m en er víðast 0,2 m. Um 2 m suðvestan við tóftina er renna, mögulega manngerð. Hún er 0,3 m á lengd og 0,5 m á breidd. Ekki er ljóst hvort eða hvernig hún tengist tóftinni.

Hættumat: hætta, vegna rofs

SF-177:056 *Varðan* varða hlutverk óþekkt 526819 357181

Stór og stæðileg varða sem nefnist einfaldlega Varðan er á mosahól um 170 m suðvestan við tóft 022 og um 1 km suðvestan við bæ 001. Varðan stendur hátt og sést víða að. Frá henni lækkar landið mikið til suðurs. Bílslóði liggur norðan við hana.

Varðan SF-177:056, á mynd til vinstri er horft til suðausturs en til suðvesturs á mynd til hægri

Varðan er um 1 m í þvermál og mjókkar lítið upp. Hún er 1,3 m á hæð og eru 8-10 umför í henni. Grjótið í henni er skófum vaxið en varðan virðist ekki ýkja gömul. Hún gæti þó verið hlaðin úr rústum eldri vörðu þó að ummerki bendi ekki til þess. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi varðan var hlaðin.

Hættumat: engin hætta

SF-177:057 tóft útihús 527523 357686

Lítil tóft er í halla til norðausturs utan í Tangatorfu um 50 m norðan við fjárhús 003 á Kvarnarhóli og 190 m SSV við bæ 001.



Teikning og ljósmynd af tóft SF-177:057. Á ljósmynd er horft til norðvesturs

Tóftin er í nokkuð miklum halla í grasi og mosavaxinni brekku. Flatlent, blautlent svæði er til austurs og lækjargil til norðvesturs.

Tóftin er um 7x5m að stærð og snýr austur-vestur. Hún virðist skiptast í þrjú hólf. Vestast er hólf sem er 2x1 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Op er á því í austurenda. Vestan við það er lítið hólf sem virðist hafa verið grafið inn í tóftina eða myndast vegna rasks. Það er 1,5x0,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er á því til norðurs. Að lokum er ógreinilegt hólf í vesturenda sem er 1,5x1 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er á því til norðurs. Mesta hleðsluhæð er um 0,6 m en er víðast 0,4 m. Suðurhliðin hefur samlagast brekkunni. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en ætla má að hún sé gömul tóft af útihúsi.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SF-177:058 garðlag áveita 527948 358474
Talsvert áveitukerfi var í Nesi og telur Þórhallur Sæmundsson það hafa verið nokkuð fornt í grunninn. Á 20. öld voru grafnir nýir skurðir á þessum slóðum og ægir nú saman framkvæmdum frá ýmsum tímabilum. Kerfið er um 600 m norðaustan við bæ 001.

Áveita SF-177:058. Á mynd til vinstri er horft til suðvesturs en á mynd til hægri niður í rennu eða op á garðinum

Í mýri, talsverður kjarrgróður vex víða í henni. Sem fyrr segir hafa vélgrafnir skurðir eitthvað raskað eldra áveitukerfinu og gera þeir það að verkum að stundum er erfitt að rekja eldra kerfi. Samtals sjást garðlög á svæði sem er um 330 x 260 m stórt og snýr norður-suður. Stærsti einstaki garðurinn í því er hins vegar L-laga garðlag sem liggur í um 80 m austur-vestur en beygir þá í hartnær 90° og liggur í um 160 m til norðurs áður en hann verður ógreinilegur. Á austur-vestur hluta garðlagsins er a.m.k. einum stað greinileg áberandi rás sem grafin hefur verið í gegnum garðinn. Nokkuð austan við hornið á L-laga garðlaginu liggur annað garðlag til austurs í um 150 m en það er skorið af yngri skurði á einum stað. Skammt sunnan við það eru óljós ummerki um umhleðslu en það gæti allt eins hafa verið hlaðið undir veg eins og að um eiginlegt garðlag væri að ræða. Um 50 m norðan við norðurenda L-laga garðlagsins má svo greina annað garðlag. Það myndar eins konar gleitt horn, liggur fyrst í um 40 m til suðausturs en beygir þá til norðausturs og liggur í um 50 m áður en það verður óskýrt. Síðastnefnda garðlagið liggur í horni milli tveggja vélgrafinna skurða og endar norðausturendi þess um 15 m sunnan við Eldvatnið. Ljóst er að talsvert umfangsmeiri garðlög hafa verið á þessum slóðum en vélgrafnir skurðir og ræktun túna hefur skemmt þau að einhverju leyti.
Hættumat: engin hætta

SF-177:059 gerði rétt 527553 357559
Unglegt gerði er neðarlega í Kvarnarhólsgili á flatlendi ofan í gilinu. Það er um 325 m sunnan við bæ 001 og um 100 m suðaustan við fjárhús 003 á Kvarnarhóli.

Gerðið er fast sunnan undir hárri og brattri brekku upp á Tangatorfu. Gras og mosi vaxa á svæðinu. Innan gerðisins eru ójöfnur.



Teikning og ljósmynd rétt SF-177:059. Á ljósmynd er horft til suðausturs

Gerðið er torf- og grjóthlaðið og er einfalt. Það snýr nálega austur-vestur og er 14x8 m að stærð. Ekki er hlaðið fyrir vesturendann. Veggir eru 0,6 m á breidd og 0,3-0,5 m á hæð. Ekki sést fjöldi umfara. Op er í austurenda sem kann að hafa myndast vegna ágangs fjár.
Hættumat: hætta, vegna landbrots

SF-177:060 varða hlutverk óþekkt 525529 358155
Varða er nærri vesturmerkjum Svíndals og rúmum 2 km vestur af Svíndalsbæ 001 og um 440 m ASA við vörðu á hornmerkjum Svínadal.

Varðan er á holti og á því eru tveir klettahólar í toppinn. Varðan er byggð við eina þeirra.



Varða SF-177:060. Á mynd til vinstri er horft til ASA en til SSA á mynd til hægri

Varðan er hvorki sérstaklega vel byggð né fornleg en stendur sem fyrr segir upp við klettanibbu. Hún er hlaðin úr fremur stóru grjóti með grágrýtisfyllingu. Varðan er um 1,2 m í þvermál en 0,7 m á hæð. Ekki er vitað í hvaða tilgangi hún var hlaðin.
Hættumat: engin hætta

SF-177:061 tóft hlutverk óþekkt 527606 357515
Lítil og ungleg tóft er grafin inn í aflíðandi hlíð Kvarnarhólsgils að norðaustanverðu. Tóftin er 360 m sunnan við bæ 001, 70 m suðaustan við gerði 059 og 160 m suðaustan við fjárhús 003, neðst í gilinu.



Teikning og ljósmynd af tóft SF-177:061. Á ljósmynd er horft til norðvesturs

Tóftin er í aflíðandi halla norðaustan við flatlendi í gilinu. Gras og mosi vaxa á svæðinu. Tóftin er torfhlaðin og skiptist í tvö hólf. Hún er 4,5x2 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Tóftin er að miklu leyti grafin inn í aflíðandi hallann en veggir hennar eru 0,4 m á hæð þar sem þeir eru hæstir. Ekki er hlaðið fyrir suðvesturenda hólfanna þar sem op eru inn í þau. Hólf I er í suðausturenda. Það er 1x1,5 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hólf II er í norðvesturenda tóftarinnar og er 1x0,5 m að innanmáli og snýr eins og hólf I. Ekki er ljóst hvaða hlutverki tóftin gegndi en mögulega hefur hún verið kartöflugeymsla.
Hættumat: engin hætta

SF-177:062 *Berjafellsvarða* varða landamerki 525116 358005
"Svo ræður Grófará móti Svínadal upp í Grófarárbotna. Úr þeim er línan í Berjafellsvörðu á Berjafellsskeri," segir í örnefnalýsingu Hlíðarbæjanna. Hornvarða er á merkjum þar sem saman koma merki Hvamms, Grafar, Svíndals og Hlíðar. Varðan er um 2,5 km vestan við Svíndalsbæinn 001 í beina loftlínu. Hún er 5-10 m suðvestan við húsbyggingu við útvarpssendi.

Varða SF-177:062. Á mynd til vinstri er horft til suðausturs en til norðvesturs á mynd til hægri

Varðan er á holti og frá henni er gott útsýni til allra átta. Varðan er ríflega 1,5 m í þvermál og 0,8 m á hæð. Hún er vegleg og að mestu hlaðin úr millistóru grjóti þótt í hana hafi greinilega verið bætt minna grjóti á undanförnum árum. Hún er þó gróin í botninn.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Úthlíð, Hlíð, Suðurhlíð, 1

SF-177:063 tóftir hlutverk óþekkt 527865 358180

Tóft SF-177:063 A til vinstri (horft til SA) en C til vinstri, horft til SSV

Tvær tóftir og ein þúst eru í Bólholti á milli tóftar 033 og hænsnakofa 052. Minjarnar eru 400 m norðaustan við bæ 001.

Minjarnar eru syðst á mosavöxnu og grasi grónu holti, norðan við tún. Þær eru á svæði sem er 60x40 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Þær fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Tóft A er suðaustast á svæðinu. Hún er torfhlaðin og skiptist í þrjú hólf. Tóftin er 10x12 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Í vesturhorni tóftarinnar er hólf I sem er 4x1,5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Norðaustan við það er hólf II og er það 2x1,5 m að innanmáli og snýr eins og hólf I. Í suðausturhluta tóftarinnar er ógreinilegt hólf III sem er 8x3 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hvorki sjást op inn í tóftina né á milli hólfa. Mesta hæð veggja er 0,3 m. Hvergi sést í grjót í hleðslum. Tóft C er 9 m austan við tóft A. Hún er 10x5 m að stærð og snýr NNA-SSV. Tóftin er einföld og mjög sigin. Veggir eru ekki hærri en 0,3 m og ekki sést grjót í hleðslum. Þúst B er 40 m norðvestan við tóft A. Hún er um 6x4 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er um 0,3 m á hæð. Gamalt girðingastæði virðist vera yfir endilanga þústina. Hlutverk tóftanna er ekki þekkt.
Hættumat: engin hætta



Tóftir SF-177:063

SF-177:064 garðlag vörslugarður 527824 358310
Ungur vörslugarður er suðvestast í Nesi, 100 m norðan við tóftir 053 og 490 m norðaustan við bæ 001. Garðurinn liggur um fremur þurrt og gróið mólendi suðvestan við votlendi.

Garðurinn sést á svæði sem er 470 m á lengd, frá stórri sandeyri í suðaustri og upp að túninu

Garður SF-177:064. Á mynd til vinstri er horft til SA en til NV á mynd til hægri

Borg 037 í norðvestri. Rof er komið í garðinn á nokkrum stöðum og nærri suðausturenda er stór hluti hans kominn í tún. Garðurinn er hlaðinn úr torfi og er breiðastur um 1 m og hæstur um 0,5 m. Ætla má að girt hafi verið ofan á garðinn með einum eða tveimur strengjum af gaddavír.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

SF-177:065 varða hlutverk óþekkt 526333 358811
Þrjár meintar torfvörður eru norðan við Smáfjöll, 1,6 km norðaustan við bæ 001 og 100 m norðvestan við leið 048. Einnig er óljóst framhald af leið 661:004 frá Svínadal til Hvamms og Búlands fast suðvestan við þær. Vörðurnar eru á þurrum blettum í mýrendi suðvestan við gróið gil.

Vörðurnar þrjar SF-177:065 A, B og C. Á öllum myndum er horft til norðurs

Vörðurnar mynda þríhyrning og eru á svæði sem er um 112x50 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Þær líkjast hundaþúfum og ekki er útilokað að þær séu það. Þær eru 0,5-1 m í þvermál og 0,5 m á hæð. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þær gegndu en þar sem þær eru nálægt leiðum 048 og 661:004 er ekki ólíklegt að þær hafi verið samgöngubót.
Hættumat: engin hætta

V. Niðurstöður

Á því svæði sem skráð var sumarið 2017 voru þrjú lögbýli um miðja 20. öld. Fjórða jörðin, Nes, var lögbýli fyrr á öldum en lagðist í eyði í Skaftáreldum 1783 og byggðist aðeins um stutt skeið á nýjum stað eftir það. Jarðirnar þrjár (auk Ness) voru Ytri-Ásar, Eystri-Ásar og Svínadalur. Nú er aðeins stundaður búskapur á einni þeirra, á Ytri-Ásum, en þó er rétt að geta þess að þótt Svínadalur hafi fallið í eyði um 2000 hafði jörðinni verið skipti í tvennt árið 1944 og er enn búið á nýbýlinu Múla. Á Eystri-Ásum var lengi vel prestsetur og búið þar fram á 9. áratug 20. aldar en jörðin er nýtt frá Ytri-Ásum og íbúðarhúsið er leigt út til ferðamanna (ásamt fleiri bústöðum á jörðinni).

Á jörðunum fjórum voru samtals skráðir um 211 minjastaðir og verður hér á eftir fjallað um helstu niðurstöður skráningarinnar. Ekki eru öll kurl komin til grafar varðandi þróun byggðar og byggðasögu í Skaftártungu en í fyrri skýrslu voru degnir upp fyrstu drættir í sögu byggðarþróunar á því svæði sem skráningu er lokið á. Að þessu sinni verður ekki birt sambærileg samantekt um þróun og byggðarsögu þess svæðis sem skráð var 2017. Þess í stað verður farin sú leið að rita slíka samantekt um byggðasögu þess hluta tungunnar sem skráður var árin 2017 og 2018 og kemur hún til með að birtast í skýrslu sem væntanleg er síðar á árinu um skráningu ársins 2018.

Vettvangsskráning

Áður en hafist var handa við vettvangsskráningu var heimildum safnað um minjar á svæðinu. Við slíka yfirferð er farið í gegnum ýmsar ritaðar heimildir s.s. fornbréfasafn, örnefnaskrár, túnakort, ferðabækur, fornleifaskýrslur o.s.frv. og leiddi sú heimildaleit í ljós 53 þekkta minjastaði á svæðinu. Við vettvangsvinnu fjölgaði stöðum gríðarlega og á endanum urðu skráðar minjar sem fyrr segir 211 talsins. Fjöldi minja fjórfaldaðist því á vettvangi sem er langt unfram það sem algengast er en fjölgun minjastaða við vettvangsskráningu er gjarnan 30-50%. Sumir minjastaðanna eru minjaþyrpingar s.s. sel- og býlisrústir með fjölda tófta og garða og því eru skráðar fornleifar eða minjaeiningar á þessu svæði mun fleiri um 300 talsins. Fram til þessa hafa því verið skráðar 639 fornleifar í Skaftártungu og yfir 900 minjaeiningar.

Varðveisla minja á svæðinu verður að teljast yfir meðallagi. Um 21% minjastaða var þó alveg horfinn, en á öðrum stöðum sáust einhverjar leifar. Þar sem minjastaðir voru horfnir var algengast að þeir hefðu horfið vegna túnræktunar en talsvert af stöðum hafði einnig horfið vegna vegagerðar og landbrots. Á vettvangi var lagt mat á þá hættu sem steðjaði að hverjum minjastað og reyndist meirihluti minjastaða í hættu eða stórhættu af ýmsum sökum (samtals um 60% og þar af var talsverður fjöldi í stórhættu eða 23%). Algengast var að minjar væru metnar í almennri hættu vegna ábúnaðar og ræktunar (um 25% af þeim stöðum sem töldust í hættu), um 10% þeirra staða setm töldust í hættu voru í hættu vegna vegagerðar en óvenjumargir staðir töldust í hættu vegna

rofs/landbrots/uppblásturs eða um 22%.



Yfirlitskort sem sýnir þá minjastaði sem fjallað er um í skýrslunni (rauðir puktar og línur) ofan á herforingjaráðskorti

Þeir staðir sem taldir voru í stórhættu vegna vegagerðar tengjast vegaframkvæmdum og

smíði nýrrar brúar yfir Eldvatn í landi Eystri-Ása. Við undirbúning brúar- og vegagerðar á svæðinu var gripið til mótvægisaðgerða að undirlagi Minjastofnunar Íslands og flestum minjunum hlíft en aðrir rannsakaðir.[5] Aðrar hættuorsakir þar sem minjar voru í stórhættu voru landbrot og uppblástur. Þó voru mun færri staðir í stórhættu sökum uppblásturs á svæðinu heldur en norðar í Skaftártungu eins og gefur að skilja.

Í landi Ytri-Ása töldust tíu staðir í stórhættu vegna landbrots og 12 staðir í landi Eystri-Ása.[6] Þetta eru háar tölur enda hefur landbrot verið gríðarlegt á þessum slóðum og skemmt jafnt land og minjar í gegnum aldirnar. Við Skaftárhlaup 2015 braut talsvert land af, m.a. á Fagrafleti þar sem að sögn ábúanda voru talsverðar tóftir SF-175:071 og tanga vestan við bæ þar sem einnig voru fleiri tóftir SF-174:010 áður samkvæmt ábúenda. Sama hlaup hefur stórskemmt eða hugsanlega eyðilagt alveg kumlateig við Eldvatn en spjót og mannabein fundust eftir hlaupið við Eldvatn. Ljóst er að landbrot ógnar mörgum minjastöðum í landi Ásabæjanna og mun skemma þá á næstu áratugum og öldum ef ekkert verður að gert. Í landi Svínadals töldust sjö staðir í stórhættu, fjórir vegna rofs/uppblásturs og aðrir þrír vegna trjáræktar.

Minjastaðirnir sem skráðir voru 2017 reyndust afar fjölbreytilegir. Sumir voru einfaldar vörður eða tóftir en þeir umfangsmestu voru miklar minjaþyrpingar með vallargörðum og fjölda rústa. Hlutverk fjórðungs minjastaða sem skráður var reyndist óþekkt, þ.e. hvergi var getið um hlutverk þeirra í heimildum og vettvangsúttekt og viðtöl við heimildamenn leiddu ekki til þess að hægt væri að skera úr um það með óyggjandi hætti. Þetta skýrist að mestu af þeirri staðreynd hversu mikill meirihluti þeirra staða sem var skráður fannst fyrst á vettvangi og var hvergi getið í heimildum áður en skráning hófst. Auk útihúsa reyndist algengasti minjaflokkurinn vera samgönguminjar en slíkar minjar eru t.d. vöð og leiðir en einnig vörður og traðir. Hér verður fjallað um helstu minjastaði sem skráðir voru 2017.

Bæir og býli

Á þeim fjórum jörðum sem skráðar voru (Eystri- og Ytri-Ásum, Nesi og Svínadal) voru í öllum tilfellum þekktar heimildir um að bæjarstæðið hefði verið fært á síðustu öldum. Í tilfelli Svínadals SF-177:001 er færslan reyndar aðeins óveruleg þar sem það íbúðarhús sem nú stendur á jörðinni og byggt var um miðja 20. öld er svolítið sunnar en bærinn sem þar stóð síðast. Bæjar- og útihúsasamstæðurnar virðast raunar hafa verið tvær í upphafi 20. aldar og staðið hlið við hlið. Sú nyrðri var nýtt fram eftir 20. öldinni og sést þar enn tilkomumikil húsasamstæða úr blönduðu efni,

[5] Kristborg Þórsdóttir. 2016.
[6] Að auki voru 20 staðir metnir í stórhættu í landi Eystri-Ása vegna vegagerðar eins og áður kom fram

torfi, grjóti, timbri og bárujárni. Sum húsanna eru fallin og orðin að tóftum en önnur standa enn undir þaki þótt hrörleg séu. Í tilfelli Ásabæjanna beggja SF-174:001 og SF-175:001 voru eldri bæjarstæði við Eldvatnið sem voru síðar færð upp í túnið, á núverandi staði (snemma á 20. öld á Eystri-Ásum - sjá SF-175:003, en yngra bæjarstæðið á Ytri-Ásum er of ungt til að teljast til fornleifa). Í báðum tilfellum sjást leifar eldri bæjarstæða enn. Á Eystri-Ásum eru ummerkin reyndar ógreinileg en þar er greinilegur bæjarhóll með ógreinilegum dældum og þústum í. Á Ytri-Ásum er gamla bæjartóftin enn óskemmd, tröllsleg og tilkomumikil ásamt kálgörðum og útihúsum í kring. Á báðum stöðum brýtur Eldvatnið stöðugt land neðst í túninu og ógnar báðum bæjarstæðum. Stærstur hluti túna og húsa í Nesi SF-175b:001 fór undir hraun í Skaftáreldum og lagðist byggð þar í kjölfarið af. Tilraun var þó gerð að byggja aftur á þessum slóðum SF-175b:002, líklega síðla á 19. öld en var sú byggð skammæ. Afar lítil ummerki eru þar sem eldra bæjarstæði Nesbæjar var en þar sést þó lítill hluti af mögulegum vallargarði og 2-3 ógreinilegar þústir. Á yngra bæjarstæði sést falleg bæjartóft, kálgarður og 6-7 útihúsaþústir.

